# FRÉTTABLAÐIÐ

64. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 16. MARS 2016




**Koppasýning Valda** Þorvaldur Norðdahl hefur frá því hann var tíu ára safnað hjólkoppum og selt þá á heimili sínu við Suðurlandsveg. Meira en hálfrar aldar starf er að baki og Valdi koppasali stefnir að stórsýningu enda á hann mikið af gömlum, ekta málmkoppum. Á myndinni má sjá nokkra af hans eftirlætis hjólkoppum. Sjá síðu 12. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ekkert verklag í ofbeldismálum barna

**Skólastjóri í Norðlingaskóla kallar eftir sameiginlegu verklagi þegar upp koma ofbeldismál á milli barna og unglinga í skólanum. Fyrir nokkrum árum kvartaði nemandi við skólann yfir fyrrverandi kærasta sínum sem hún sagði að hefði beitt hana kynferðislegu ofbeldi.**

**OFBELDI** „Það virðist ekki mega ræða neitt nema smokka, óléttur og kynsjúkdóma,“ segir Lilja Karen Kristófersdóttir, sautján ára stúlka sem hefur fundað með skólastjórnendum Norðlingaskóla til að ræða atvik sem kom upp þegar hún var nemandi við skólann.

Lilja kvartaði þá við kennara og skólastjóra yfir bekkjarbróður sínum og fyrrverandi kærasta en hún var þá komin í meðferð hjá Stígamótum eftir sambandið. Hún sagði strákinn hafa beitt sig kynferðislegu ofbeldi og sýnt sér óviðeigandi hegðun.

> Ég átti í vandræðum með að umgangast hann daglega og reyndi með öllum ráðum að komast hjá því.
>
> Lilja Karen Kristófersdóttir



Vegna smæðar skólans var ekki hægt að aðskilja Lilju og drenginn og þurfti hún því að umgangast hann daglega. Svo fór að Lilja hætti í íþróttum og forðaðist bekkjarbróður sinn.

Sif Vígþórsdóttir, skólastjóri Norðlingaskóla, segir að í kjölfar málsins hafi skólinn tekið upp verklag í svona málum innanhúss. „Það hefði verið frábært ef þessir ferlar hefðu verið til þegar þetta kom upp.“

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, greindi frá því í Fréttablaðinu þann 9. mars síðastliðinn að ekkert samræmt kerfi væri til í skólum borgarinnar varðandi kynferðisofbeldi gegn börnum.

Tölur frá Stígamótum sýna að afar fá börn sem verða fyrir kynferðisofbeldi heima fyrir segja skólastarfsmanni frá ofbeldinu. **– snæ /** **sjá síðu 12**

## Hönnunarbúðir í útrás eftir hrun

**HÖNNUN** Sannkölluð sprenging hefur orðið í fjölda verslana með innanhússhönnunarvörur eftir hrun. Í kringum þrjátíu hönnunarvöruverslanir eru reknar í miðbænum, Kringlunni og Smáralind, og hafa fimmtán þeirra verið opnaðar á síðastliðnum fimm árum. Svo virðist sem þær hafi aldrei verið fleiri á svæðinu.

Íslendingar virðast því kaupa meiri hönnunarvöru en fyrir hrun. Auk þessara verslana er fjöldi netverslana með hönnunarvörur og eru tæplega 18 þúsund Íslendingar meðlimir í Facebook-hópnum Notaðar hönnunarvörur. **– sg /** **sjá Markaðinn**



## Prikið fer í plötuútgáfu

**LÍFIÐ** „Við vildum gera plötuútgáfu sem er „no bullshit“ og gerir eitthvað til að hjálpa liðinu. Maður hefur dregið þetta en nú er tíminn kominn,“ segir Guðfinnur Sölvi Karlsson, eigandi veitinga- og skemmtistaðarins Priksins, um nýstofnuðu plötuútgáfuna Sticky.

Þegar hafa Emmsjé Gauti, Gervisykur, Glacial Mafia og Geimfarar stokkið á vagninn.

„Við erum ekkert að fara að eignast eitt eða neitt hjá fólki, erum ekkert að fara að taka nein stefgjöld eða neitt svoleiðis. Við viljum veita stuðninginn og svo geta þeir hjálpað til baka með tónleikum hjá okkur,“ útskýrir Guðfinnur, sem stendur fyrir útgáfunni í samstarfi við Geoffrey Þór Huntington-Williams, rekstrarstjóra Priksins. **– ga /** **sjá síðu 30**

## Fréttablaðið í dag


**MARKÐURINN**
**Úr köldum sjó í heitari**
Martak leggur í stórsókn á erlendum mörkuðum með heildarlausn fyrir rækjuvinnslur. Ætla að tvö- til þrefalda stærð.



**SKOÐUN** Gylfi Arnbjörnsson segir tækifæri í sókndjarfri landbúnaðarstefnu. 14-15

**SPORT** Sonurinn hjálpar til við að halda uppi sigurhefðinni. 16

**MENNING** Klassíski gítarinn tekinn til kostanna í Sölvhóli næstu daga. 22-24

**LÍFIÐ** Hannaði letur frá grunni. 28-30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LÍFIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


FULL BÚÐ AF FLOTTUM VÖRUM

Finndu okkur á f

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Lífrænt rauðrófuduft í hylkjum




„Náði kólersterólinu niður á stuttum tíma.“
Jóhannes S. Ólafsson

## Veður




Í dag er útlit fyrir minnkandi sunnan og suðaustanátt. Bjartviðri víða á norðan- og austanverðu landinu en skýjað og dálítil súld sunnan og vestantil. Það er fremur hlýtt á landinu, og hiti víða 5 til 12 stig, hlýjast norðaustantil. SJÁ SÍÐU 20

# Ekki fleiri börn í hafið



UNICEF á Íslandi stóð fyrir viðburðinum „Ekki fleiri börn í hafið“ við Sólfarið á Sæbraut í gær en þá voru liðin fimm ár frá því að stríðið í Sýrlandi hófst. Þessi táknræni viðburður var til minningar um þau rúmlega fjögur hundruð börn sem hlotið hafa vota gröf á flótta yfir Miðjarðarhafið og var því böngsum raðað meðfram strandlengjunni, einum fyrir hvert barn sem drukknað hefur frá því í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Úr athvarfi aftur í Vík

**MANSAL** Systurnar sem eru farnar af landi brott og eru með stöðu þolenda mansals í Vík í Mýrdal gistu aðeins fáeina daga í Kvennaathvarfinu. Þær fóru aftur til Víkur í Mýrdal um nokkurra daga skeið og gistu hjá eiginkonu meints geranda í málinu. Þær sneru svo aftur í Kvennaathvarfið nokkrum dögum áður en þær fóru úr landi.

Framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, Sigþrúður Guðmundsdóttir, segir ljóst að þolendur vinnumansals séu í brýnni þörf fyrir atvinnu. Slík úrræði myndu gagnast þeim best.

„Ég er ekki tilbúin að tjá mig um þetta mál, samningur okkar við velferðarráðuneytið er aðeins við kvenkyns þolendur mansals. Þeim býðst sama þjónusta og okkar konum. En í þeim málum sem um er að ræða fórnarlömb mansals þá eru boðleiðirnar styttri, við erum í betri tengslum við yfirvöld og það eru styttri spottar að kippa í,“ segir hún.

Sigþrúður ítrekar að hún tjái sig ekki um einstaka mál. Það má auðvitað reikna með að fórnarlömb vinnumansals þurfi á atvinnu að halda og ég get ímyndað mér að fyrir konur í þessari stöðu hafi verið erfitt að vera ekki í atvinnu. Íslensk lög og samningar gera ekki ráð fyrir því að fólk í þessari stöðu fái leyfi til atvinnu.“ – **kbg**

> **Það má auðvitað reikna með að fórnarlömb vinnumansals þurfi á atvinnu að halda og ég get ímyndað mér að fyrir konur í þessari stöðu hafi verið erfitt að vera ekki í atvinnu.**



Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins.

# Lenging orlofs vegna andvana fæðingar

**ALÞINGI** Alþingi samþykkti samhljóða í atkvæðagreiðslu í gær frumvarp um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í breytingunni felst að foreldrar sem eignast andvana barn eftir tuttugu og tveggja vikna meðgöngu fá nú samtals sex mánuði í fæðingarorlof.

Áður en lögunum var breytt fengu móðir og faðir sameiginlega þrjá mánuði í fæðingarorlof en nú getur hvort foreldri um sig fengið þrjá mánuði.

Í upphaflega frumvarpinu var lagt til að foreldrar gætu fengið níu mánaða fæðingarorlof til þess að miða að því að leggja rétt foreldra sem eiga andvana barn eftir tuttugu og tveggja vikna meðgöngu að jöfnu við rétt foreldra sem missa barn stuttu eftir fæðingu. - **þv**

# Grái herinn undirbýr sókn á atvinnumarkað

**Yngri félagarnir í Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni hafa stofnað baráttuhópinn Gráa herinn. Vilja og geta unnið lengur en til 67 ára aldurs. Segja eldri borgurum eftir að fjölga og þjóðfélagið eigi að nýta þessa góðu starfskrafta.**

**SAMFÉLAG** „Grái herinn er ekki hópur sem ætlar að ryðjast fram og bíta í skjaldarrendur eða berja einhverjar pönnur niðri við Alþingi en við höfum stofnað Facebook-síðu. Við ætlum að fá fram umræðu í þjóðfélaginu um þann mannauð sem eldri borgarar eru.“ Þetta segir Helgi Pétursson, einn liðsmanna Gráa hersins, baráttuhóps innan Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Sjálfum finnst Helga, sem verður 67 ára í maí, hann alls ekki vera gamall og hann leggur áherslu á að hann sé enginn ellilífeyrisþegi. „Ég er ekki að þiggja eitthvað. Ég er búinn að leggja í þessa sjóði. Ég er eftirlaunamaður en enginn bótaþegi.“

Hann bendir á að eftirstríðsbarnasprengjan, eins og hann orðar það, komi ekki inn í fullburða lífeyrissjóðskerfi eins og þeir geri sem komi á eftir henni. „Þessi kynslóð býr hins vegar við þá gleðilegu staðreynd að vera mjög frísk og til í hvað sem er. Þetta er kynslóð sem lifir að öllum líkindum í 20 til 25 ár í viðbót og lifir lengur en gert var ráð fyrir. Eldri borgurum á eftir að fjölga mjög hratt á næstu 15 árum. Þetta litla þjóðfélag verður að nýta sér þessa starfskrafta. Við viljum og þurfum þjóðfélagsins vegna og okkar sjálfra vegna að vinna lengur. Hvað á það að þýða að gefa 67 ára starfsmönnum þá afmælisgjöf að vera sendir heim? Það vantar vinnandi hendur og það tapa allir á þessu.“

Það er mat Helga að mörg dæmi séu um að fyrirtæki hafi lent í vandræðum við það að ryðja burt eldra fólki. „Þekking eldra fólks er þá farin út úr kerfinu. Það er til dæmis algjört mannréttindabrot að segja upp 50 ára konu í banka af því að hún er orðin „gömul kerling“. Grái herinn vill sveigjanleg starfslok. „Við þurfum að gera breytingar á kerfinu þannig að fólk geti unnið án þess að lífeyrisréttindi skerðist. Frítekjumarkið verður að vera hærra,“ leggur Helgi áherslu á.

Helgi segir það mannréttindabrot að skerða lífeyri aldraðra sem standi misjafnlega vel að vígi fjárhagslega. „Þegar skera þarf niður er tekið af gamla fólkinu eins og það séu ekki til neinir peningar á þessari eyju.“ **ibs@frettabladid.is**



„Við vorum að grínast með það að við þyrftum að stofna unglingadeild innan Félags eldri borgara. Þegar talað er um eldri borgara sjá menn fyrir sér fólk með göngugrind. Það eru hins vegar til yngri eldri borgarar og eldri eldri borgarar,“ segir Helgi Pétursson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Við viljum og þurfum þjóðfélagsins vegna og okkar sjálfra vegna að vinna lengur. Hvað á það að þýða að gefa 67 ára starfsmönnum þá afmælisgjöf að vera sendir heim?**

Helgi Pétursson, einn talsmanna Gráa hersins

BetterYou™
Eins og náttúran hafði í hyggju




Færðu oft harðsperrur eða vöðvakrampa?
Prófaðu MagnesiumOil Sport spreyið!
Spreyjað á húð - einfalt í notkun.
Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.




The Power to Surprise

## Reynsluaktu ríkulega búnum Kia Sorento

Þú færð meira fyrir minna í Kia Sorento. Hann er glæsilegur að utan jafnt sem innan, kraftmikill, rúmgóður og stenst fyllilega samanburð við aðra lúxusjeppa á markaðnum. Sorento er hlaðinn spennandi staðalbúnaði og töfrandi tæknilausnum sem gera hverja einustu ferð algjörlega ógleymanlega. Honum fylgir svo að sjálfsögðu hin einstaka 7 ára ábyrgð.

**Kia Sorento bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.**

Verð frá **7.590.777** kr.
**63.777** kr. á mánuði í 84 mánuði*

**Kia Sorento Classic** — 2,2 dísil, 200 hestöfl, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn

*Mánaðarleg afborgun miðast við 9,25% vexti og 50% bílalán til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,93%. Bílalánstölur eru viðmiðunarverð og geta breyst án fyrirvara.

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Þrjú þúsund krónur myndu skila yfir fimm milljörðum

**EFNAHAGSMÁL** Leggja ætti komugjald á alla sem koma til landsins, ferðamenn jafnt sem landsmenn. Þetta segir Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor í grein í nýjasta hefti efnahagsritsins Vísbendingar.

„Á árinu 2015 komu alls 1.262 þúsund erlendir ferðamenn til landsins og 450 þúsund Íslendingar sneru aftur úr ferðalögum erlendis. Ef lagt væri á 3.000 króna komugjald þá myndu tekjur árið 2015 hafa numið rúmum fimm milljörðum króna,“ bendir hann á í greininni. Tekjurnar segir hann að mætti nota til að byggja upp innviði ferðaþjónustunnar.

Gylfi tengir umræðuna um ferðaþjónustuna því að hér hafi menn oft grætt á kostnað almenningseigna.

„Það er umhugsunarvert að bankahagkerfinu sem hrundi hafi ekki verið búin stofnanaleg umgjörð sem kom í veg fyrir þau lögbrot og glannaskap sem síðan hafa komið í ljós. Það er einnig merkilegt að þrátt fyrir vaxandi mikilvægi ferðaþjónustu, sem nú er orðin stærsta útflutningsgreinin, skuli ekki hafa verið veitt meira fjármagni í uppbyggingu innviða og öryggismál tengd þessari grein.“

Verði ekkert að gert segir Gylfi ljóst að of margir ferðamenn muni leika innviði landsins og náttúru grátt, fjöldi slysa og dauðsfalla verði og ferðaþjónusta muni litið. Líkt og komið hafi í ljós með bankakerfið forðum fari ekki alltaf saman hagsmunir þjóðar og einkafyrirtækja.

„Þegar fyrirtæki í ferðaþjónustu neita að leggja á komugjald þá þarf engu að síður að setja lög um slíkt. Og ef ferðamönnum fækkar fyrir vikið, þá er það ekki alslæmt.“ **– óká**

> Ef lagt væri á 3.000 króna komugjald þá myndu tekjur árið 2015 hafa numið rúmum fimm milljörðum króna.
>
> Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor





Fjölmennt lið lögreglu tók þátt í aðgerðum í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Lögreglumenn særðir í skotárás

**BELGÍA** Að minnsta kosti þrír lögreglumenn særðust í umfangsmikilli lögregluaðgerð í Brussel í Belgíu í gær. Málið tengist rannsókn lögreglu á hryðjuverkunum í París í nóvember síðastliðnum.

Lögreglan réðst inn í hús í úthverfi í suðurhluta Brussel. Talið er að fólk sem grunað er um aðild að hryðjuverkaárásinni hafi búið í húsinu.

Einn er á flótta vegna málsins og er enn leitað en annar hefur verið felldur af lögreglu. Mennirnir eru taldir hafa flúið vettvang með því að komast upp á þak byggingarinnar þar sem þeir dvöldu. Í kjölfar skotárásarinnar sagði lögregla almenningi að halda sig innandyra. **– þv**

## Játaði íkveikju á Grettisgötu

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur játað að hafa kveikt í iðnaðarhúsnæði við Grettisgötu mánudagskvöldið 7. mars.

Í tilkynningu frá lögreglu segir að maðurinn, sem hefur glímt við andleg veikindi, dvelji nú á viðeigandi stofnun. Lögreglan handtók einnig annan mann í þágu málsins, en sá var sömuleiðis á vettvangi þegar eldurinn kom upp. Rannsókn lögreglu leiddi hins vegar í ljós að síðarnefndi maðurinn kveikti ekki eldinn.

Mikið tjón varð í brunanum en í húsinu var meðal annars réttingaverkstæði, líkamsræktarstöð og vinnustofa listamanna.Engan sakaði þó í brunanum. **– skh**

# Réttarhöld fjöldamorðingja gegn norska ríkinu hófust í gær

Breivik, sem dvelur í 30 fermetra klefa og stundar fjarnám í háskóla, segir aðstæður sínar jafnast á við pyndingar.

**NOREGUR** Réttarhöld í máli fjöldamorðingjans og hryðjuverkamannsins Anders Behring Breivik gegn norska ríkinu hófust í gær. Breivik heldur því fram að sú meðferð sem hann sætir brjóti gegn tveimur ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu og höfðaði af þeim sökum mál gegn norska ríkinu.

Þegar fjöldamorðinginn mætti fyrir rétt í gærmorgun heilsaði hann með nasistakveðju, en sagði ekki orð. Í öryggisskyni eru réttarhöldin haldin í íþróttasal í Skien-fangelsinu, þar sem Breivik afplánar fangelsisdóm sinn.

Breivik segist þjást af einangrunarskaða og telur sig sæta ómannlegri og vanvirðandi meðferð. Hann heldur því fram að aðstæður hans jafnist á við pyndingar. Honum hefur verið haldið í einangrun í fimm ár og hefur hann því ekkert samneyti við aðra fanga. Norsk yfirvöld halda því fram að fyrirkomulagið sé hugsað sem öryggisráðstöfun þar sem óttast er að aðrir fangar muni hefna fyrir hryðjuverkin sem Breivik framdi árið 2011.

Dómsmálaráðherra Noregs hefur haldið því staðfastlega fram að morðinginn sæti ekki illri meðferð. Hann hefur bent á að allur aðbúnaður Breiviks sé í takt við það sem lög og reglur geri ráð fyrir, og gott betur. Klefi Breiviks er rúmlega þrjátíu fermetrar og innan hans hefur hann meðal annars lærdómsaðstöðu og aðstöðu til að stunda líkamsrækt. Breivik hefur einnig aðgang að sjónvarpi og leikjatölvum, hann eldar matinn sinn sjálfur og stundar fjarnám við háskóla í Ósló.

Hann hefur ekki hitt neinn utan fangelsis frá upphafi fangelsisvistar sinnar, ef frá er talinn fimm mínútna langur fundur með móður hans skömmu áður en hún dó. Breivik hefur afþakkað allar heimsóknir frá einstaklingum utan veggja fangelsisins, meðal annars frá föður sínum.

Breivik er einnig ósáttur við að allur póstur hans er lesinn af fangavörðum og hann fær einungis að eyða einni klukkustund úti á dag.

Hinn þrjátíu og sjö ára gamli Breivik var dæmdur í tuttugu og eins árs fangelsi árið 2012 fyrir að hafa drepið sjötíu og sjö manns árið 2011 í sprengingu í miðborg Óslóar og með því að skjóta alla þá sem á vegi hans urðu í Útey þar sem sumarbúðir ungliðadeildar Verkamannaflokksins voru. Sextíu og níu af fórnarlömbum Breiviks voru ungmenni. Ólíklegt þykir að honum muni nokkurn tímann verða sleppt.

Marius Emberland heldur uppi vörnum fyrir norska ríkið og segir aðstæður Breiviks réttlætanlegar í ljósi þess hve alvarlega glæpi hann framdi. Búist er við að réttarhöldin standi fram á föstudag og að Breivik muni bera vitni á morgun.

**thordis@frettabladid.is**



Breivik leiddur inn í salinn í gærmorgun. Hann heilsaði stuttu síðar með nasistakveðju. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Var dæmdur til 21 árs fangelsisrefsingar

**22. júlí 2011** Sprenging í grennd við húsasamstæðu sem hýsir norsk ráðuneyti í miðborg Óslóar, Átta manns létust. Skotárás á sumardvalarstað ungliðahreyfingar norska Verkamannaflokksins á Útey, 69 létust.

**16. apríl 2012** Réttarhöld yfir Breivik hófust.

**24. ágúst 2012** Kveðinn upp dómur í máli Breiviks. Breivik er metinn sakhæfur og er dæmdur til 21 árs fangelsisrefsingar fyrir fjöldamorð og hryðjuverk.

**Nóvember 2012** Breivik sendir fangelsisyfirvöldum kvörtun yfir aðbúnaði sínum í Skien-fangelsinu.

**15. mars 2016** Réttarhöld í máli fjöldamorðingjans gegn norska ríkinu hefjast.






Volkswagen Golf hefur verið einn vinsælasti bíll á Íslandi í mörg ár og ekki að ástæðulausu. Hann er glæsilegur í alla staði, rúmgóður, öruggur og á frábæru verði. Komdu í reynsluakstur og finndu út hvaða Golf þér líkar best.

## Trendline

verð frá **3.090.000 kr.**

- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Þokuljós með beygjulýsingu í framstuðurum
- Rafmagnshitaðir og stillanlegir hliðarspeglar
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Hæðarstillanlegt framsæti
- Hiti í sætum
- Rafdrifnar rúður
- Loftkæling
- App Connect fyrir Mirror Link, Android Auto og Apple Car Play
- Composition Media margmiðlunartæki með 6,5" snertiskjá
- Bluetooth búnaður fyrir síma

## Comfortline

verð frá **3.590.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Trendline:**

- Bakkmyndavél
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Hiti í stýri
- Dökkar rúður að aftan
- Comfort sæti með „Dessin Storm" áklæði
- Viðvörunarkerfi ökumanns
- Skíðalúga í aftursætum með 2 glasahöldurum
- 15" Lyon álfelgur 195/65 R15

## Highline

verð frá **3.890.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Comfortline:**

- Sportsæti með Alcantara áklæði
- Stemningslýsing í innra rými
- Sjálfvirkur birtudeyfir í baksýnisspegli
- Tveggja svæða loftkæling
- Ljós- og regnskynjari
- „Piano Black" innlegg í innréttingu
- Króm í neðra grilli
- Lyklalaust aðgengi og ræsing
- Sóllúga
- 16" Dover álfelgur 205/55 R16

## R-Line

verð **4.030.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Comfortline:**

- Sportsæti
- Stemningslýsing í innra rými
- Sjálfvirkur birtudeyfir í baksýnisspegli
- Tveggja svæða loftkæling
- Ljós- og regnskynjari
- Sóllúga
- Xenon ljós með LED dagljósum
- R-Line útlit
- 17" Dijon álfelgur með sportfjöðrun 225/45 R17

**Volkswagen**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Styttist í tillögur um fíkniefnamál

**ALÞINGI** Starfshópur heilbrigðisráðherra sem falið var það verkefni að kanna afglæpavæðingu fíkniefna lýkur störfum innan skamms. Þetta kom fram í máli Ólafar Nordal innanríkisráðherra við sérstaka umræðu á Alþingi í gær.

„Mér skilst að sá hópur sé alveg á lokametrunum með að klára. Vinnan hefur gengið þokkalega vel og menn hafa verið að ná samkomulagi um breiðar línur. Þegar þeirri vinnu lýkur tel ég alveg ljóst að það þarf að hefja samtal milli þessara tveggja ráðuneyta um það hvort það eigi að skoða breytingar á refsipólitíkinni,“ sagði Ólöf Nordal. Málið heyrir undir bæði heilbrigðisráðuneytið, sem ber ábyrgð á lögum um ávana- og fíkniefni, og innanríkisráðuneytið sem ber ábyrgð á almennum hegningarlögum.

Það var Valgerður Bjarnadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sem hóf umræðuna. Hún vakti athygli á því að það væri tvennt ólíkt að leyfa fíkniefni eða afglæpavæða það að hafa fíkniefni í fórum sínum. Hún vísaði í umræðu sem fór fram á vegum Snarrótarinnar fyrr í vetur þar sem ræðumönnum bar saman um að aðferðir sem notaðar eru í fíkniefnastríðinu beri engan árangur.

> Vinnan hefur gengið þokkalega vel og menn hafa verið að ná samkomulagi um breiðar línur.



Ólöf Nordal innanríkisráðherra

„Í Hollandi hefur sala kannabisefna verið háð litlum takmörkunum um margra ára skeið. En neysla þeirra er minni en í mörgum Evrópulöndum og neysla sterkra efna er minni en í mörgum Evrópusambandslöndum,“ sagði Valgerður. Hún benti líka á að reynsla Portúgala af breyttri löggjöf væri góð. – **jhh**

Opinn fundur Félags atvinnurekenda

TÍMAMÓT Í LÍFEYRISMÁLUM

Morgunverðarfundur föstudaginn 18. mars kl. 8:30–10:00

Á almennum vinnumarkaði var nýlega samið um að hækka framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð úr 8% af launum í 11,5%. Ýmsar spurningar vakna tengdar þessari stóru breytingu.

Dagskrá:

**Ljónið og íkorninn**
**– er hægt að spara of mikið til elliáranna?**
Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands

**Mikið í húfi að mikið nýtist vel**
**– allt að fimmtungur launa í þvingaðan lífeyrissparnað**
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins

Þátttakendur í pallborðsumræðum ásamt frummælendum eru Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða og Henný Hinz, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands. Fundarstjóri er Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA.







Fundurinn er haldinn í fundarsal Félags atvinnurekenda á 9. hæð í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7. Fundurinn er öllum opinn á meðan húsrúm leyfir. Léttur morgunverður í boði. **Skráning á vef FA, atvinnurekendur.is**

FÉLAG ATVINNUREKENDA

# Bílsprengja varð manni að bana



Einn maður lést þegar bílsprengja sprakk í Charlottenburg-hverfinu í Berlín í gærmorgun. Bíllinn var á ferð og stefndi á miðborgina þegar sprengjan sprakk. Talsmaður lögreglu segir að morðrannsókn sé hafin og talið er að sprengingin tengist skipulagðri glæpastarfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Þokast hjá BHM og hjúkrunarfræðingum

**Samninganefnd stéttarfélaga háskólamanna sem ósamið eiga við Samband íslenskra sveitarfélaga vinnur með síðasta tilboð til að sjá hvort þar sé grundvöllur nýs samnings. Viðræður hjúkrunarfræðinga halda líka áfram.**

**KJARAMÁL** Samninganefndir Bandalags háskólamanna (BHM) og Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa fundað stíft síðan fyrir síðustu helgi, að því er Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, segir. Enn er haldið í vonina um að saman náist í viðræðunum.

„Það er verið að vinna úr tilboði sveitarfélaganna og skiptast á upplýsingum,“ segir Þórunn og bætir við að þau hjá BHM séu „hæfilega bjartsýn“ á framhaldið. „Við viljum auðvitað fara að sjá fyrir endann á þessu og vonandi verður það á næstu dögum, en það er með þetta eins og áður í samningaviðræðum, að þetta er ekki búið fyrr en það er búið.“

Um leið áréttar Þórunn að viðræðurnar hafi engu að síður þokast áfram frá því í lok síðustu viku. „Við vonum að það beri einhvern árangur í þessari viku.“

Náist ekki saman á næstu dögum segir Þórunn ýmislegt hafa verið íhugað hjá samtökunum varðandi næstu skref. „En það hafa engar ákvarðanir verið teknar og við einbeitum okkur að því núna, samninganefndir þessara BHM-félaga sem eftir eru, að vinna með tilboð sveitarfélaganna og sjá hvort það sé grundvöllur samnings. Það tekur tíma, þetta er mikil útfærsla og nákvæmnisvinna.“

> Við einbeitum okkur að því núna […] að vinna með tilboð sveitarfélaganna og sjá hvort það sé grundvöllur samnings.



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

Þórunn segir verkefnið nokkuð flókið vegna þess að í sumum tilvikum hafi þurft að gera grundvallarbreytingar á launakerfinu. „Og þá er betra að vanda sig bara.“

Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, tekur í svipaðan streng. Enn hafi ekki komið til umræðu í röðum hjúkrunarfræðinga að boða til aðgerða til að þrýsta á um gerð kjarasamnings. „Við erum bara í viðræðum enn þá. Það gengur hægt, en það gengur samt,“ segir hann.

Enn sem komið er hafa því sjúkraliðar einir boðað til verkfallsaðgerða til að knýja á um samninga við sveitarfélögin. Félagið samþykkti í byrjun vikunnar boðun verkfalls frá og með mánudeginum 4. apríl næstkomandi hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma.

Boðað verkfall sjúkraliða nær til öldrunar- og heilbrigðis- og félagsþjónustu sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins. **olikr@frettabladid.is**




NJÓTTU NETFLIX Í 4K

LG

IPS · LED · 4K ULTRA HD · 4K Upscaler · TRIPLE XD · 1600Hz PMI · DVB-T2 · harman/kardon · NETFLIX 4K

55"

**LG 55UF850V**

- 55" 3D Smart IPS LED sjónvarp
- Ultra HD 4K 3840 x 2160 upplausn
- 1600Hz PMI (Picture Master Index)
- Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun
- Triple XD Engine / Ultra Clarity Index
- Real Cinema 24p
- Quad-Core örgjörvi
- 20W hátalarakerfi hannað af Harman / Kardon
- webOS 2.0 - Nettenging með opnum netvafra
- NETFLIX - 4K
- Wi-Fi þráðlaus móttakari innbyggður
- LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct
- apt-X Bluetooth þráðlaus tenging
- Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari
- Innbyggður gerfihnattamóttakari
- 2 x USB 2.0 / 1x USB 3.0 tengi
- Magic Remote Fylgir
- Apple eða Android app

**199.990**

VERÐ ÁÐUR **299.990**

# SJÓNVARPSTILBOÐ




LG

**LG 49UF695V**

- 49" Smart IPS LED sjónvarp
- Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn
- Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun
- Triple XD Engine / Ultra Clarity Index
- Micro Pixel Control / Real Cinema 24p
- Quad-Core örgjörvi
- NetCast nettenging með opnum vafra
- Þráðlaus Wi-Fi móttakari
- LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct
- Stafrænn DVB-T/C/T2/S/S2 móttakari
- Gervihnattamóttakari
- 2 x USB 2.0 / USB 3.0 tengi / USB upptökaka
- 3 x HDMI, Scart, Component tengi
- Ethernet, Optical út & CI rauf
- Magic Remote og App fyrir Apple og Android síma / spjaldtölvur

IPS · LED · 4K ULTRA HD · 4K Upscaler · TRIPLE XD · 700Hz PMI · NETFLIX 4K · DVB-T2

49"

**159.990**

VERÐ ÁÐUR **179.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

LG Life's Good




Fallegar fermingar-gjafir
– fyrir stelpur


Fossil Riley
30.800 kr.


Skagen Ditte
36.100 kr.


Daniel Wellington Sheffield
Frá 23.500 kr.


Casio Retro
12.000 kr.

Kíktu á úrvalið í vefverslunninni á michelsen.is/fermingar

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík
Sími 511 1900 - www.michelsen.is

## NORÐURLÖNDIN




### 79 ára kona svipt heimilishjálp

**1** DANMÖRK Fjölmargir Danir bjóðast nú til að þrífa án endurgjalds hjá 79 ára bakveikri konu. Vegna niðurskurðar sendir sveitarfélagið ekki lengur heimilishjálp til hennar eins og það hefur gert undanfarin 10 ár. Framvegis fá aðeins blindir, lamaðir, þeir sem eru með ellivitglöp og þeir sem búa langt frá ættingjum heimilishjálp. Læknir segir að konan megi ekki beygja sig niður.

### Sænsk kirkja á norskum styrk

**2** NOREGUR Níutíu prósent tekna sænsku kirkjunnar í Ósló koma frá norska ríkinu. Um er að ræða 20 milljónir norskra króna. Norsk kirkja í Stokkhólmi fær 800 þúsund sænskar krónur í styrk frá sænska ríkinu. Um 22 þúsund eru í söfnuði sænsku kirkjunnar í Ósló en styrkurinn miðast við fjöldann. Endurskoða á reglurnar um styrki en ekki er víst að sænska kirkjan fái minna fé í kjölfarið.

### Innfluttir hafa áhrif á PISA-árangur

**3** SVÍÞJÓÐ Aukinn fjöldi nemenda af erlendum uppruna kann að skýra að einhverju leyti lélegri árangur nemenda í Svíþjóð í PISA-könnuninni. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sænsku námsmatsstofnunarinnar. Bent er á fjölgun fólks frá löndum þar sem ekki er lögð jafn mikil áhersla á menntun og í Svíþjóð. Lagt er til að stuðningur við útlenda nema verði aukinn.

# Stjórnvöld hunsa beiðni Mývetninga um aðstoð

**Ítrekaðar umleitanir Mývetninga um aðstoð frá ríkinu vegna fráveitumála hafa engu skilað. Kostnaðurinn nemur allt að 325 milljónum fyrir 400 manna sveitarfélag. Rætt um vernd Mývatns um langt árabil.**

**UMHVERFISMÁL** Mývetningar hafa ítrekað farið þess á leit við stjórnvöld að sveitarfélagið sé styrkt til þess að gera úrbætur í fráveitumálum – en án árangurs. Tilefnið eru bæði nýjar reglur um hreinsun frárennslis og áhyggjur manna af lífríki Mývatns og hugsanlegt orsakasamengi við mengun af mannavöldum.

Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, segir að um langt árabil hafi Mývatn og hugsanleg mengun af mannavöldum verið til umræðu. Hann segir að sú hlið sem snýr að sveitarfélaginu lúti aðallega að fráveitumálum. Það hafi verið kvöð á sveitarfélaginu frá því að reglum var breytt um fráveitu og gerð var krafa um ítarhreinsun skólps. Árið 2014 fékk sveitarfélagið skýringar frá Umhverfisstofnun um hvað nákvæmlega væri verið að biðja um og sagt að þetta ætti við um þéttbýli sem teldi nokkra tugi manna.

„Þetta þýðir að ítarhreinsun skal komið á í Reykjarhlíðarþorpi og næsta nágrenni. Niðurstaða verkfræðistofunnar Eflu, sem við ráðfærðum okkur við, var sú að kostnaður sveitarfélagsins við að setja upp svona kerfi fyrir þetta 150 manna þorp var á bilinu 250 til 325 milljónir króna. Þá ber til þess að líta að í sveitarfélaginu öllu búa um 400 manns og velta þess er um 400 milljónir. Sveitarfélagið hefur því einfaldlega ekki bolmagn til að gera þetta eitt og óstutt,“ segir Jón Óskar sem telur að skyldur ríkisins séu augljósar í ljósi þess að í gildi séu sérlög fyrir Mývatn og Laxá þar sem vernd svæðisins er tíunduð nákvæmlega.

„Þess vegna höfum við hitt umhverfisráðherra, þingmenn og fjárlaganefnd Alþingis og óskað eftir aðstoð við að hefja þessa vinnu við að bæta frárennslismálin hjá okkur. Það hefur engu skilað enn þá, en allir aðilar hafa þó sýnt málinu skilning og áhuga. Þetta er mál sem hið opinbera verður að koma að, ekki bara vegna sérlaganna, heldur vegna mikilvægis Mývatns fyrir Íslendinga alla – enda viðurkennt að vatnið er einstakt á heimsvísu og mikilvægt í öllum skilningi, og ekki síst í samhengi við ferðaþjónustuna,“ segir Jón Óskar sem slær þó varnagla varðandi umfjöllun um Mývatn.

Hann bendir á að nýleg rannsókn, sem unnin var fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið, stangist á við þær niðurstöður að ofauðgun blábaktería í Mývatni sé af manna völdum.

„Ég get ekki skilið hans niðurstöðu, með nauðsynlegum fyrirvörum, öðruvísi en að áhrif mannsins geti ekki verið meginskýringin í þessu ástandi. Ég er ekki að segja að sú niðurstaða sé réttari en hin, en þetta er sjónarmið sem rétt er að komi fram,“ segir Jón Óskar og vísar þar til skýrslu Gunnars Steins Jónssonar líffræðings frá því í fyrra.

**svavar@frettabladid.is**


Mývatn er á rauðum lista umhverfisstofnunar sem krefst úrbóta á fráveitukerfi í Mývatnssveit. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Þess vegna höfum við hitt umhverfisráðherra, þingmenn og fjárlaganefnd Alþingis og óskað eftir aðstoð við að hefja þessa vinnu við að bæta frárennslismálin hjá okkur. Það hefur engu skilað enn þá.**
>
> Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps



### Skýr merki ofauðgunar í Mývatni

- Fréttablaðið sagði frá því í gær að óhemju magn blábaktería mældist í Mývatni tvö síðastliðin sumur sem er skýrt merki ofauðgunar í vatninu af mannavöldum, að sögn Árna Einarssonar, forstöðumanns Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Niðurstöður mælinga í fyrrasumar sýndu tólffalt það magn sem talið er óhóflega mikið í leiðbeiningum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).
- Árni telur engum vafa undirorpið að athafnir manna hafi aukið bakteríuvöxtinn svo óhóflega með losun næringarefna í Mývatn – og þar komi meðal annars til frárennsli frá þéttbýli, áburðargjöf og iðnrekstri.

## Vaxtaákvörðun tekin í dag

**EFNAHAGSMÁL** Ákvörðun peningastefnunefndar um vexti Seðlabankans verður kynnt í dag. Greiningardeildir allra þriggja stóru bankanna spá óbreyttum vöxtum. Ársverðbólgan mældist 2,2 prósent í febrúar. Frekari vaxtahækkun sé ólíkleg fyrr en verðbólgan fer yfir verðbólgumarkmið. Greiningardeild Arion telur að tónn nefndarinnar verði áfram harður en vöxtum engu að síður haldið óbreyttum. **– jhh**

## Sýndi yfir hundrað myndir af holum

**BYGGÐAMÁL** Rætt var um slæmt ástand gatna á borgarstjórnarfundi í gærkvöldi. Borgarstjóri segir viðgerðir þegar hafnar.

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi óskaði eftir myndum frá borgarbúum af ástandi gatna og fékk sendar hundruð mynda sem hann varpaði á vegg á fundinum. „Markmiðið með myndbirtingunum var að sýna borgarfulltrúum hvernig ástandið er um alla borg. Ég tel að mér hafi tekist það,“ segir Kjartan. **– þv**


Rætt var um gatnaviðhald á borgarstjórnarfundi í gærkvöld. Ástand gatna í borginni þykir óviðunandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# STÓRLÆKKAÐ VERÐ!

**Vegna ólöglegrar gjaldtöku ríkisins* við útboð á kvóta til innflutnings á kjúklingakjöti, skilar Hagkaup gjöldum til baka í formi betra verðs á kjúklingabringum til viðskiptavina sinna.**

*Sjá dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 317/2015 frá 21. janúar 2016.




# GRILLUÐ OG FYLLT KJÚKLINGABRINGA
## MEÐ MISO DRESSINGU OG GRILLUÐUM SÆTUM KARTÖFLUM

***Miso dressing***
½ rauðlaukur
1 hvítlauksgeiri
130 gr miso
2 msk sesamolía
2 msk sojasósa
2 msk hrísgrjónaedik
2 msk mirin
2 msk vatn
60 ml ólífuolía

Setjið allt hráefnið saman í matvinnsluvél og vinnið saman í 1 mín.

***Kjúklingurinn***
4 stk kjúklingabringur
1 stk tex mex smurostur
100 gr blaðlaukur
2 msk sesamolía
Sjávarsalt
Svartur pipar úr kvörn

2 msk sesamolía
2 msk limesafi
2 msk sojasósa

Skerið blaðlaukinn fínt niður og blandið honum saman við smurostinn og 2 msk af sesamolíunni, setjið svo blönduna í sprautupoka. Skerið í miðjuna á kjúklingabringunum hálfa leið og svo 1-2 skurði sitt hvoru megin við skurðinn og búið þannig til vasa sem að þið sprautið fyllingunni inn í. Blandið saman lime safanum, sojasósunni og sesamolíunni. Leggið ca. 35 cm tvöfaldan álpappír á borðið og setjið bringurnar ofan á hann og hellið sesam-, soja- og limesafa blöndunni yfir bringurnar og kryddið með salti og pipar. Leggið álpappírinn yfir bringurnar og setjið bringurnar á heitt grillið. Eldið í ca. 20 mín. (fer eftir stærð á bringunum).

***Grillaðar sætar kartöflur***
2 stk sætar kartöflur
100 ml ólífuolía
1 msk hvítlauksduft
Sjávarsalt
Svartur pipar úr kvörn
Skrælið og skerið

Skerið kartöflurnar í ca. 5 mm þykkar sneiðar. Blandið ólífuolíunni og hvítlauksduftinu saman og penslið kartöflurnar. Setjið kartöflurnar á heitt grillið og grillið í 3 mín. Snúið þeim svo á grillinu í um 180 gráður og grillið þær aftur í 3 mín. Snúið svo kartöflunum við og gerið það sama á þeirri hlið. Takið kartöflurnar af grillinu og kryddið með saltinu og piparnum.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Engir ferlar vegna kynferðisofbeldis til

**Ekki var gripið inn í þegar stúlka upplifði sig niðurlægða af kærasta sínum í skólanum. Hún þurfti að sitja áfram í bekk með honum þótt hún hafi sagt hann beita sig kynferðislegu ofbeldi. Var ráðlagt sáttameðferð. Skólastjóri kallar eftir verklagsferlum frá Reykjavíkurborg.**

**OFBELDI** Engin áætlun virðist vera til í skólum ef ungmenni beitir annað ungmenni ofbeldi, til dæmis kynferðisofbeldi. Sautján ára stúlka átti, þegar hún var fjórtán ára, í sambandi við bekkjarbróður sinn sem hún sagði hafa beitt hana kynferðislegu ofbeldi í einrúmi en sýndi jafnframt óviðeigandi hegðun fyrir framan kennara og aðra nemendur.

Fréttablaðið greindi frá því á miðvikudag að samkvæmt tölum Stígamóta segja fá börn frá kynferðislegri misnotkun í skóla sínum.

Lilja Karen Kristófersdóttir sagði kennara frá ofbeldinu sem hún þurfti að þola í sambandinu og fékk í kjölfarið leyfi til að nýta sér þjónustu Stígamóta, þrátt fyrir að vera unglingur. Hún þurfti þó áfram að umgangast drenginn. „Við vorum í sama skóla og í skólanum er aðeins einn bekkur í hverjum árgangi. Ég átti í vandræðum með að umgangast hann daglega og reyndi eftir öllum ráðum að komast hjá því.“

Þegar Lilja hafði reynt að fá áheyrn frá kennurum, sem virtust ráðalausir, leitaði hún til skólastýrunnar. „Skólastýran hafði ekki fengið fregnir af málinu og kom strax í ljós að viðbragðsáætlun var ekki til staðar. Eftir fundinn var niðurstaðan sú að reynd yrði sáttameðferð sem mér þótti ekki viðeigandi í mínu máli. Á þeim tíma vissi ég ekki hvort það væru einhver önnur úrræði til staðar svo ég bakkaði út úr því á endanum.“

**71%**

**þolenda voru undir 18 ára aldri þegar þeir urðu fyrir kynferðisofbeldi samkvæmt ársskýrslu Stígamóta.**

Lilja bókaði svo fund með skólastjórnendum í desember á síðasta ári. Nú þegar nokkur misseri eru frá ofbeldinu getur hún horft á það í baksýnisspeglinum. „Ég ræddi við þau um hvernig það hefði átt að fara betur að mínu máli. Við vorum öll sammála um að það þarf skýrari áætlanir þegar svona mál koma upp innan grunnskólanna. Einnig ræddi ég um mikilvægi kynfræðslu í grunnskólum landsins. Það er klárlega þörf á meiri umræðu og fræðslu um siðferði kynlífs eins og Samþykki er sexý og Fáðu já en það er alls ekki nóg. Það er gat þarna sem gleymist algjörlega og í því eru unglingadeildir grunnskólanna. Ég hef ítrekað að það þurfi meiri fræðslu um siðferði kynlífs. Það virðist ekki mega ræða neitt nema smokka, óléttur og kynsjúkdóma,“ segir Lilja.

Sif Vígþórsdóttir, skólastjóri við Norðlingaskóla, segir sára vöntun á sameiginlegum verklagsreglum frá Reykjavíkurborg. „Það er svo gott að fá utanaðkomandi aðila til að fara inn í svona mál. Ég held að það einfaldi og skýri alla hluti. Mér finnst skipta máli, með aukinni meðvitund fólks um þessi mál, að hafa ferla til þess að svona mál fari inn í.“

Málið reyndist skólanum og stjórnendum erfitt. „Þetta mál vakti okkur til mikillar umhugsunar hvað þetta varðar. Við erum komin með vinnulag í okkar húsi, en það er okkar innanhússleið. Það hefði verið frábært ef þessir ferlar hefðu verið til þegar þetta kom upp.“

snaeros@frettabladid.is



Lilja Karen Kristófersdóttir berst nú fyrir því að verklag verði tekið upp og siðferði verði kennt í kynfræðslu svo það hendi ekki aftur sem kom fyrir hana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


## Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf

verður haldinn 16. mars 2016

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. boðar til aðalfundar í félaginu og verður hann haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík, miðvikudaginn 16. mars 2016 og hefst hann stundvíslega kl. 16:00. Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 15:30 á aðalfundardegi. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Endanleg dagskrá frá stjórn er svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2015.
2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
3. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
4. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum.
5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
6. Kosið í stjórn félagsins.
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og starfsreglur um kaupaukakerfi.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda hennar.
9. Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi.
10. Önnur mál löglega fram borin.

Einungis ef krafa kemur frá einhverjum fundarmanna verða atkvæðagreiðslur á aðalfundi skriflegar. Þó skal stjórnarkjör jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal. Stjórnarkjör fer fram skv. margfeldiskosningu en krafa um það kom frá hluthöfum sem hafa yfir að ráða meira en 10% hlutafjár, sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hlutaskrárkerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi.

Aðalfundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Fundargögn verða afhent á fundarstað og eru þau á íslensku en hluthafafundurinn fer einnig fram á íslensku.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa og annað sem varðar aðalfundinn, svo sem ályktunartillögur stjórnar, (þ.á.m. um breytingar á samþykktum), upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar, starfskjarastefnu, starfsreglur um kaupaukakerfi, umboðseyðublað og fleira, er að finna á vefsíðu félagsins: www.vis.is/fjarfestar.

Reykjavík, 16. mars 2016 .

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.




# *Fjórhjóladrifinn* Ford Kuga *með* ***íslensku leiðsögukerfi***

## NÝR FORD KUGA AWD

Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum aksturseiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Staðalbúnaðurinn er sérstaklega glæsilegur. Þar á meðal er skynvætt tölvustýrt fjórhjóladrif sem lagar sig að undirlagi og ástandi vega, Ford SYNC samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112, íslenskt leiðsögukerfi, 8" snertiskjár í miðjustokk, 4,2" TFT litaskjár í mælaborði, tvískipt tölvustýrð miðstöð með loftkælingu og 17" álfelgur.

Ford Kuga er tilvalinn til ferðalaga. Dráttargetan er mikil eða 2.100 kg. Veghæðin er jafnframt mikil eða um 20 cm undir lægsta punkt.

**Ferðafjör Ford**

Reynsluaktu nýjum Ford og þú gætir unnið **300.000 kr.** gjafabréf frá WOW air.

*Allir sem reynsluaka nýjum Ford hjá Brimborg í mars og apríl fara í pott og geta haft heppnina með sér. Heppinn þátttakandi verður svo dreginn út 2. maí.*

Einnig verða tveir aukavinningar frá WOW air að verðmæti **100.000 kr.** dregnir út.

## FORD **KUGA AWD**

BEINSKIPTUR AWD DÍSIL

FRÁ **5.490.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR AWD DÍSIL

FRÁ **5.690.000** KR.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Kuga AWD - komdu og prófaðu**

ford.is

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Kuga er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: starthnappur, hraðastillir, brekkuaðstoð, LED lýsing í farþegarými, leðurklætt stýrishjól og gírstangarhnúður, rafstillanlegir og upphitanlegir útispeglar, þokuljós og Easy Fuel. Öryggi Ford Kuga er framúrskarandi enda fékk hann fimm stjörnur af fimm mögulegum í árekstra- og öryggisprófunum Euro NCAP. Ford Kuga er í boði sjálfskiptur og beinskiptur, dísil eða bensín. ◆ Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 150 hö. 6 gíra beinsk./6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,2/5,4 l/100 km. $CO_2$ losun 135/140 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.




Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




S A F T




„Láttu símanúmerið 865 2717 endilega fylgja með,“ segir Valdi koppasali sem stendur hér í hjarta ríkis síns. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Yfirlitssýning hjólkoppasala

## Valdi koppasali hefur selt hjólkoppa í yfir hálfa öld.

**FÓLK** „Ég nenni að minnsta kosti ekki að tala um pólitík – hún er svo leiðinleg,“ er það fyrsta sem Valdi koppasali segir þegar útsendarar Fréttablaðsins birtast á hlaðinu hjá honum við Hólmsá og falast eftir viðtali.

Þorvaldur Norðdahl er eins og viðurnefni hans gefur til kynna þekktastur fyrir að selja hjólkoppa. Hann er orðinn 63 ára en var bara strákur þegar koppaævintýrið byrjaði.

„Ég byrjaði í hjólkoppunum árið 1962,“ segir Valdi sem hefur bjargað mörgum um ódýra hjólkoppa í stað þeirra sem hrokkið hafa af bílum þeirra.

Mjög mikið dró úr eftirspurn eftir hjólkoppum þegar framleiðendur byrjuðu að útbúa bíla sína með álfelgum sem enga koppa þarf að setja yfir. Það er því ekki mikið um að vera í viðskiptunum hjá Valda. Hann segist þó enn stússast í koppunum sem skipta mörgum þúsundum í skúrnum hans við Hólmsá.

„Nú, það þarf nú ekki að spyrja að því, það er alltaf Ford, Volkswagen eða Toyota því kopparnir á þessum tegundum detta svo auðveldlega af,“ svarar Valdi spurður að því hvort hann viti alltaf hvort hann eigi tiltekinn hjólkopp og þá hvar hann er í öllum koppastöflunum.

Valdi undirstrikar vandlega að ekki sé sama koppur og koppur. Lítið sé varið í seinna tíma plastkoppa. Öðru máli gegni um gömlu, ekta málmkoppana sem hann á enn mikið af og hefur í öndvegi í skúrnum.

„Ég er að bíða eftir að það verði tæmdur fatalager í húsnæði við Höfðabakka svo ég geti sett upp sýningu á hundrað koppum frá mér í sal þar á bak við,“ upplýsir Valdi sem kveðst vonast til að sýningin verði að veruleika á næstu mánuðum. Þar verði koppar frá árinu 1953 og fram á áttunda áratuginn.

Koppasýninguna ætlar Valdi að setja upp í samstarfi við Krúserklúbbinn sem er félagsskapur fornbílaeigenda. Slíkir bílar eru einmitt eitt stærsta áhugamál koppasalans. „Það er alltof lítið fjallað um fornbíla í fjölmiðlum,“ segir Valdi og rifjar alvarlegur upp sögu af félaga sínum sem var að skoða sig um í bílahrúgunni hjá endurvinnslufyrirtækinu Hringrás á Akureyri þegar hann kom auga á mjög álitlegan fornbíl sem hann bað um að fá.

„Þeir hífðu þá bílinn upp og settu hann skellihlæjandi beint í pressuna fyrir framan nefið á honum. Það þarf að stofna fornbílafriðunarnefnd til að bjarga bílum eldri en 25 ára frá glötun,“ segir Þorvaldur Norðdahl.

**gar@frettabladid.is**





www.volkswagen.is

Nýr Volkswagen Caddy

Glæsilegur vinnubíll

Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíl á Íslandi undanfarin ár. Enn meiri staðalbúnaður, aukið öryggi og öflugri vélar eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftpúðum fyrir ökumanns- og farþegarými.

Nýr Volkswagen Caddy kostar frá

2.670.000 kr.

(2.135.226 kr. án vsk)

Atvinnubílar

HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


EKKI BARA GÆÐI
**Sindri Vinnuföt** er nýtt nafn á **Hebron**. Vandaður vinnufatnaður frá **Blåkläder** er áfram okkar aðalsmerki og starfsfólkið sem hefur sinnt þér svo vel fram að þessu mun að sjálfsögðu gera það áfram.
Við bjóðum einnig allar vörur í vefverslun Sindra, **sindri.is/vinnuföt**.
Mátaðu þig við okkur og þú lítur vel út. Við erum númer 1 á Smiðjuveginum.
PIPAR\TBWA • SÍA • 160737
SINDRI VINNUFÖT
www.sindri.is I sími 567 6000
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi
SINDRI VINNUFÖT

# Hjálpin sem ekki barst



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Systurnar tvær frá Srí Lanka sem sættu meintu mansali í Vík í Mýrdal í síðasta mánuði eru farnar úr landi. Ástæðan var bág kjör þeirra og úrræðaleysi íslenskra stjórnvalda.

Forsaga málsins er sú að systrunum var að sögn haldið föngnum í íbúðarhúsnæði þar sem þær unnu þrælkunarvinnu í kjallara við saumaskap. Lögreglan réðst til inngöngu, og fréttir bárust af því að mansalsteymi höfuðborgarsvæðisins hefði verið fengið til aðstoðar. Konunum tveimur var komið fyrir í Kvennaathvarfinu og útvegaður réttargæslumaður.

Nú hafa þær sjálfar óskað eftir að fá að yfirgefa landið – og eru farnar. Þeim var við dvöl sína í Kvennaathvarfinu úthlutuð 761 krónu á dag. Þeim stóð til boða dvalarleyfi á grundvelli gruns um mansal en í slíkum tilvikum er ekki möguleiki á að sækja um atvinnuleyfi. Þannig var konunum í raun gert að skrimta hér í athvarfi með ekkert við að vera.

Réttargæslumaður kvennanna sótti um öðruvísi dvalarleyfi fyrir konurnar, á grundvelli mannúðarsjónarmiða, en þá hefðu þær getað unnið sér til hnífs og skeiðar. Þar sem slíkt leyfi tíðkast ekki í þessum málum, bjóst hún ekki við að Útlendingastofnun myndi verða við því og leitaði beint til innanríkisráðherra. „Sú skipun kom aldrei,“ sagði réttargæslumaðurinn.

Í fréttum á heimasíðu innanríkisráðuneytisins má finna fjölmargar umfjallanir um aðgerðir sem teknar hafa verið gegn mansali. Árið 2013 var í ríkisstjórn samþykkt aðgerðaáætlun til þriggja ára gegn mansali, sem er rúmlega 30 blaðsíður. Þar segir að áætlunin taki mið af þörf á að veita fórnarlömbum stuðning og öryggi og þörf á bættu verklagi og viðbúnaði stjórnvalda einkum innan réttarvörslukerfisins.

Stuttu eftir fréttir af mansalsmálinu á Vík kom fram hjá ráðuneytinu að áætlunin hafi verið endurskoðuð og verði áfram unnið að vitundarvakningu um málaflokkinn. Yfir eitt þúsund manns hafi setið fundi um allt land þar sem fjallað var um lagalega þætti, farið yfir helstu einkenni hugsanlegra fórnarlamba og möguleg úrræði.

Það er ekki ofsögum sagt að miðað við reynslu systranna hefur árangurinn af þessari aðgerðaáætlun og fundahöldum verið takmarkaður. „Mjög líklega hafa þær farið aftur í hendurnar á þeim sem sendu þær hingað,“ sagði réttargæslumaðurinn. Skilningur á vandamáli þeirra sem eru fastir í viðjum vinnumansals virðist svo gott sem enginn og úrræðin fá. Oft og tíðum ber þeim sem seldir eru vinnumansali að tryggja þeim sem versla með þá ákveðnar fjárhæðir. Berist þær ekki getur fjölskyldan í heimalandinu verið í hættu. En 761 króna á dag dugar ekki fyrir framfærslu einstaklings hér á landi, hvað þá til að fullnægja mansalanum.

Meðferð stjórnvalda á þessum systrum er til skammar. Hún ber vott um vanþekkingu og skilningsleysi. Mjög líklega munu áþekk mál koma upp síðar. Vonandi hafa fundahöldin skilað betri löggjöf, þekkingu og kerfi sem tekur á móti þeim fórnarlömbum.

**Það er ekki ofsögum sagt að miðað við reynslu systranna frá Srí Lanka hefur árangurinn af þessari aðgerðaáætlun og fundahöldum verið takmarkaður.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Nýrri Vinstri græn**

Þingmaðurinn Ögmundur Jónasson sagði í grein í Fréttablaðinu í gær að vandi vinstri hreyfingarinnar væri að hún tryði ekki á eigin lausnir. Hann segir frjálshyggjuna hyggna að byrja upp á nýtt með NÝ-frjálshyggjuna og nú eigi vinstrið að gera slíkt hið sama. „Stjórnmálahreyfingar sem vilja eiga erindi við framtíðina þurfa að skilja að það þarf alltaf að vera að byrja upp á nýtt,“ segir Ögmundur og skýtur þar með fast á VG sem virðist ekki höfða til kjósenda þessi misserin. Ögmundur er búinn að sitja á þingi síðan 1995 og er heilmikill reynslubolti – það verður ferskur og hressandi blær þegar hann stofnar Ný-vinstri. Ungliðahreyfingin mun þá væntanlega heita: Ný-ung.

**SMS frá ráðherra**

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra heyrðu fyrst í fréttum á föstudag að Sigmundi Davíð forsætisráðherra þætti að Landspítalinn ætti að rísa á Vífilsstöðum en ekki við Hringbraut. Sigmundur sagði að aldrei hefði verið ákveðið að spítalinn risi við Hringbraut, sem er þveröfugt við samþykkt lög og ríkisfjármálaáætlun. Þetta er frekar kómískt samskiptaleysi. Ætli Sigmundur hafi ekki stimplað inn skakkt númer þegar hann sendi sms á heilbrigðisráðherra: „Á meðan ég man. Ég vil Landspítalann í Garðabæ.“

snaeros@frettabladid.is

# Tækifæri felast í sókndjarfri landbúnaðarstefnu



Gylfi Arnbjörnsson
forseti ASÍ

Það er mikill misskilningur hjá forystu bændasamtakanna að Alþýðusamband Íslands vilji með gagnrýni sinni á fyrirkomulag búvörusamninga grafa undan rekstrargrundvelli íslensks landbúnaðar og starfsöryggi þeirra sem í greininni starfa. Þvert á móti byggir málflutningur ASÍ í málinu á því að í greininni séu sóknarfæri sem ekki eru nýtt í nýgerðum búvörusamningum. Það er heldur ekki svo að búvörusamningar séu einkamál bænda og landbúnaðarráðherra. Samningarnir skuldbinda skattgreiðendur næsta áratuginn til greiðslu hárra fjárhæða og þeir hafa víðtæk áhrif á þúsundir starfsmanna í matvælaiðnaði og verðlag á matvöru til neytenda. Helsta markmið búvörusamninga hefur verið að stuðla að hagræðingu, bæta samkeppnishæfni og lækka vöruverð. Að hluta til hafa markmiðin gengið eftir, í mjólkurframleiðslu hefur búum fækkað en samt er nú framleidd meiri mjólk en nokkru sinni fyrr. Aukin framleiðni hefur hins vegar ekki komið fram í lægra vöruverði til neytenda, vöruúrval er takmarkað og samkeppni lítil sem engin. Nýundirritaðir búvörusamningar munu festa núverandi kerfi í sessi og ýta undir samþjöppun í greininni án þess að bæta hag neytenda. Það hefur lengi verið skoðun ASÍ að mikilvægt sé að dregið verði úr tollvernd landbúnaðarvara og beinn stuðningur við greinina aukinn á móti. Af slíkri áherslubreytingu höfum við jákvæða reynslu sem bændur þekkja vel úr garðyrkjuframleiðslunni. Afnám tolla á agúrkum, paprikum og tómötum og aukinn beinn stuðningur við framleiðendur var heillaspor fyrir alla aðila, verð til neytenda lækkaði, innlend framleiðsla efldist og afkoman batnaði. Nýsköpun í greininni jókst og markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu jókst verulega þrátt fyrir auknar innflutningsheimildir. Tækifæri til sambærilegra breytinga er að finna víða í íslenskum landbúnaði.

Gagnrýni ASÍ byggir því síður en svo á vilja til að draga máttinn úr íslenskum landbúnaði heldur teljum við að nýta hefði átt tækifærið nú til að ráðast í nauðsynlega nútímavæðingu á stuðningi við landbúnaðinn sem hefði aukið nýsköpun og samkeppnishæfni greinarinnar til framtíðar, ekki síst með hagsmuni bænda og starfsfólks í greininni að leiðarljósi.

**Það hefur lengi verið skoðun ASÍ að mikilvægt sé að dregið verði úr tollvernd landbúnaðarvara og beinn stuðningur við greinina aukinn á móti.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Orð um orð



**Guðrún Nordal**
forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Af umræðu sem birst hefur á vef- og prentmiðlum undanfarna daga má skilja að öll gögn sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (SÁM) býr yfir séu lokuð almenningi. Þetta er ekki rétt. Yfirlýst stefna SÁM er að aðgangur að gögnum stofnunarinnar sé almennt opinn. Undanfarin ár hefur aðgengi að ýmsum gögnum stofnunarinnar verið bætt og gagnapökkum frá stofnuninni dreift, m.a. á Málföng.is, með eins opnum notkunarleyfum og kostur er.

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN) er sprottin upp úr tungutækniátaki stjórnvalda eftir aldamótin. Í því átaki var meðal annars sett það skilyrði að gögn sem yrðu til í átakinu yrðu öllum aðgengileg, en ekki ókeypis. Stjórnvöld vildu að gögnin stæðu undir viðhaldi með tíð og tíma. Þróun BÍN var haldið áfram á Orðabók Háskólans, síðar SÁM, og árið 2009 var horfið frá fyrri stefnu stjórnvalda og gjaldtöku hætt.

Frá upphafi hafa öll beygingardæmi í BÍN verið öllum opin á vefsíðu stofnunarinnar og að sjálfsögðu er heimilt að setja tengla í þau þar. Frumgögnin er hægt að sækja á vefsíðuna og þau má nota að vild nema til birtingar á beygingardæmum, enda sé uppruna getið. Gögnin hafa verið nýtt á fjölbreytilegan hátt, t.d. í leitarvélum á já.is, Vísindavef Háskólans, Snöru og íslensk-skandinavísku veforðabókinni Islex, í leiðréttingarforritum og við gerð tölvuleikja á borð við Netskrafl o.fl.

**Mállýsing en ekki forskrift**

Ástæðan fyrir því að birting beygingardæma hefur ekki verið leyfð er sú að BÍN er mállýsing en ekki forskrift. Það þýðir að ýmislegt sem ekki er endilega „réttast og best“ birtist í BÍN, en þá jafnan með skýringum. Ef nota á BÍN sem grunn að leiðbeiningum eða kennsluefni þarf að taka úrtak úr gögnunum sem sérsniðið er að þeim þörfum. Ef gögnin úr BÍN eru notuð í núverandi mynd gæti nemandi haldið að „hendi“ sé gott og gilt í öllum föllum og í hvaða samhengi sem er þótt sú notkun sé í raun takmörkuð við merkinguna ’snerting við bolta‘ í íþróttamáli. Í BÍN eru líka eðli málsins samkvæmt stafsetningarafbrigði sem ekki eru í samræmi við núgildandi stafsetningarreglur.

Almenningur gerir kröfu til þess að efni sem birt er í nafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sé til fyrirmyndar, enda er hlutverk stofnunarinnar „að stuðla að aukinni þekkingu á íslenskri tungu … og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli“ (Lög nr. 40 12. júní 2006). Stofnunin getur ekki stuðlað að villandi framsetningu á gögnum sem verður til þegar beygingarupplýsingar eru slitnar úr samhengi og þess vegna er birting beygingardæma úr BÍN óheimil.

**Frá upphafi hafa öll beygingardæmi í BÍN verið öllum opin á vefsíðu stofnunarinnar og að sjálfsögðu er heimilt að setja tengla í þau þar. Frumgögnin er hægt að sækja á vefsíðuna og þau má nota að vild nema til birtingar á beygingardæmum, enda sé uppruna getið.**

Rætt hefur verið innan stofnunarinnar að búa til úrtak úr BÍN sem m.a. mætti nýta í kennsluefni. Óskandi væri að hægt væri að hrinda því verkefni af stað sem fyrst. Enn fremur má vekja athygli á því að nýlega barst SÁM fjárstyrkur til að stórbæta þjónustu sína við almenning með uppsetningu nýrrar vefgáttar, Málið.is. Þar verða öll gagnasöfn stofnunarinnar um íslenskt mál og málnotkun aðgengileg á einum stað og leitarbær í einföldu viðmóti. Þar verður hægt að nálgast gríðarlegt magn upplýsinga. Stefnt er að opnun vefgáttarinnar síðar á þessu ári.

# Var kirkjan framfaraafl eða ekki?



**Ingólfur Sigurðsson**
tónlistarmaður

Ég hafði gaman af að lesa svargrein Skúla Ólafssonar, prests í Neskirkju, við bakþönkum Frosta Logasonar nýlega. Svargreinin er skrifuð af ágætri þekkingu en lituð af kristnu viðhorfi. Það viðhorf litar svo söguskoðunina í greininni.

Skúli reynir í grein sinni að hrekja þá fullyrðingu, sem frekar lá til grundvallar skrifum Frosta en að hann hafi mikið á það minnst í bakþönkunum, að kirkjan hafi barist gegn þekkingunni í gegnum tíðina. Það er rétt hjá honum að klaustrin voru helstu fræðasetur miðaldar, en vegna einokunarstöðu kirkjunnar þó, vel að merkja.

Þegar hann rekur kirkjulegar rætur margra erlendra háskóla og hjálparstofnana skal þó minnast á að upplýsingabyltingin hafði frekar áhrif á stofnendurna heldur en öfugt, enda útilokar ekkert að kristnir menn hafi áhuga á vísindum, en saga trúarbragðanna sýnir það samt að vindar samfélagsáhrifanna eru frekar aflvakar en afleiðingar þegar kemur að vísindaframförum. Þekkt er andstaða kirkjunnar gegn sólmiðjukenningunni, og ofsóknirnar gegn Brúnó, Galíleó og fleiri vísindamönnum.

**Í Genesis er Adam og Evu skipað að uppfylla jörðina, og gera sér hana undirgefna. Þetta er einmitt vandamálið, en kynjafræði og femínismi hafa leitt okkur í allan sannleika um það hvernig þessi kristna afstaða er í raun sú afstaða til konunnar almennt sem berjast þarf gegn.**

Ég er sammála Skúla undir lok greinarinnar þegar hann talar um að umhverfisverndin sé eitt brýnasta mál nútímans. Framfarahyggjunni er þó tæpast um að kenna. Förum í upphaf Biblíunnar. Í Genesis er Adam og Evu skipað að uppfylla jörðina, og gera sér hana undirgefna. Þetta er einmitt vandamálið, en kynjafræði og femínismi hafa leitt okkur í allan sannleika um það hvernig þessi kristna afstaða er í raun sú afstaða til konunnar almennt sem berjast þarf gegn. Á móti kemur að hugmyndin í Ásatrú um Lífstréð, Ask Yggdrasils, byggir á hugmyndum um tengsl lífkerfisins og allra lífvera, þar er á ferðinni algræn hugmynd.




GEKON · Prime Minister's Office · WOW air · Arion Bank · Reykjavík Loves · Deloitte. · NOVATOR · SOCIAL PROGRESS IMPERATIVE

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

# Góð kaup að fá pabba og svo mig

Adam Haukur Baumruk varð deildarmeistari með Haukum í fyrradag en hann og faðir hans, Petr, hafa átt drjúgan þátt í nær óslitinni sigurgöngu Hauka.

Ingvi Þór Sæmundsson
ingvi@frettabladid.is



**HANDBOLTI** Haukar tryggðu sér deildarmeistaratitilinn í handbolta karla með sannfærandi sigri, 36-28, á Gróttu á heimavelli í fyrrakvöld. Það er erfitt að neita því að Haukar séu besta lið landsins en Íslandsmeistararnir hafa unnið 20 af 24 leikjum sínum í Olís-deildinni, skorað flest mörk allra liða og fengið á sig fæst. Hafnfirðingar verða því að teljast ansi líklegir til afreka í úrslitakeppninni sem hefst eftir mánuð.

Haukavélin mallaði vel í leiknum gegn Gróttu þar sem margir lögðu hönd á plóg í sóknarleiknum. Alls komust tíu leikmenn Hauka á blað en sjö þeirra skoruðu fjögur mörk eða meira. Þeirra á meðal var skyttan öfluga Adam Haukur Baumruk en hann gerði fjögur mörk úr sjö skotum og lét auk þess til sín taka í vörninni.

### Vorum ekki tilbúnir gegn FH

„Það er gott að vera búinn að klára þetta," sagði Adam í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann var nokkuð ánægður með spilamennsku Hauka í gær og sagði hana mun betri en í jafnteflinu gegn FH í síðustu viku. „Þetta gekk vel miðað við síðasta leikinn gegn FH þar sem við mættum ekki til leiks og vorum ekki tilbúnir."

Enn er þremur umferðum ólokið í Olís-deildinni og Haukar hafa því svigrúm til að hvíla menn fyrir úrslitakeppnina. Tölvunarfræðineminn Adam segir þó mikilvægt Haukar missi ekki taktinn: „Við fáum smá tíma núna en það þýðir ekki að hætta alveg. Við þurfum að klára þessa þrjá leiki og koma sterkir inn í úrslitakeppnina."

Adam, sem verður 22 ára síðar í mánuðinum, hefur verið í meistaraflokki í nokkur ár en hann fékk mun stærra hlutverk í Haukaliðinu eftir að Sigurbergur Sveinsson fór til Þýskalands í atvinnumennsku eftir tímabilið 2013-14.

Haukum gekk ekki vel framan af síðasta tímabili en þeir toppuðu á réttum tíma. Og þrátt fyrir að vera ekki með heimavallarrétt í úrslitakeppninni unnu Hafnfirðingar alla sína leiki þar og tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn með stæl.

Patrekur Jóhannesson kvaddi Hauka eftir tímabilið til að einbeita sér að þjálfun austurríska landsliðsins en við starfi hans tók Gunnar Magnússon. Adam segir að það hafi ekki orðið miklar breytingar hjá Haukum við þjálfaraskiptin.

### Fær fullt skotleyfi

„Nei, þetta er mjög svipað. Patti var búinn að leggja góðan grunn og Gunni byggir á honum," sagði Adam sem fær fullt skotleyfi hjá Gunnari líkt og hann fékk hjá Patreki.

„Ég er eina skyttan þarna og á að skjóta á markið eins og skyttur gera. Ég fæ traustið hjá Gunnari eins og ég fékk hjá Patta í fyrra. Ef maður fær færi verður maður að skjóta og þjálfarinn skilur það alveg og gefur manni leyfi."

Haukar tóku þátt í EHF-bikarnum fyrir áramót og spiluðu m.a. tvo leiki við Arnór Atlason og félaga í franska liðinu Saint Raphael. Haukarnir spiluðu mjög vel í fyrri leiknum á Ásvöllum sem tapaðist með einu marki, 28-29. Í seinni leiknum fékk Hafnarfjarðarliðið hins vegar skell og féll því úr leik.

### Mikil sigurganga

Sigurganga Hauka á þessari öld er ótrúleg en frá árinu 2000 hefur liðið níu sinnum orðið Íslandsmeistari, fimm sinnum bikarmeistari og tíu sinnum deildarmeistari. Þessi mikla sigurganga hófst aldamótaárið 2000 þegar Haukar urðu Íslandsmeistarar eftir sigur á Fram í úrslitaeinvígi. Einn af lykilmönnum Hauka á þeim tíma var Petr Baumruk, faðir Adams, en þeir feðgar hafa hjálpað Haukum að vinna ansi marga titla.



Petr Baumruk og Adam Haukur Baumruk. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Ég er eina skyttan þarna og á að skjóta á markið eins og skyttur gera.
>
> Adam Haukur Baumruk

„Það voru góð kaup hjá Þorgeiri Haraldssyni [formaður handknattleiksdeildar Hauka] að fá pabba og svo mig," sagði Adam og hló. Petr kom hingað til lands árið 1990 eftir að hafa notið mikillar velgengni með Dukla Prag í ættlandinu, Tékkóslóvakíu.

### Eins og að hafa annan þjálfara

Petr lék með Haukum til ársins 2001 og um áratug seinna tók sonurinn við keflinu. Petr er þó alltaf nálægur en hann starfar í íþróttahúsinu á Ásvöllum og fylgist vel með öllu sem þar fer fram.

„Maður fær aldrei frið heima," sagði Adam í léttum dúr, aðspurður hvort pabbinn væri að segja honum til eða skamma hann. „Ef mann vantar ráð getur maður leitað til hans. En hann kann líka að róa sig niður og ef hann sér að ég vil ekki tala um handbolta talar hann ekki um handbolta. Þetta er eins og að hafa annan þjálfara heima."

Adam segir margt líkt með þeim feðgum á vellinum enda spila þeir sömu stöðu, sem rétthent skytta.

„Hann var kannski aðeins grimmari í vörninni. Ég á eftir að vaxa þar," sagði Adam. „En helsti munurinn er að hann var meira í gólfskotunum í sókninni en ég meira í uppstökkunum og að skjóta fyrir utan."

Adam segist ekki hafa fundið fyrir aukinni pressu á sér vegna þess hver faðir hans er.

„Auðvitað er einhver pressa á manni en ég hugsa ekki um það. Ég reyni bara að vera ég sjálfur," sagði Adam að lokum.

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**Man. City - D. Kiev 0-0**

*Manchester City fór áfram, 3-1, samanlagt.*

Manchester City gerði það sem þurfti til og komst áfram í átta liða úrslitin í fyrsta sinn í sögu liðsins. Vincent Kompany meiddist á kálfa í leiknum.

**Atlético - PSV Eindhoven x**

Leikurinn var framlengdur og var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

STRÁKARNIR ERU HEFORSHE

Domino's-deildir karla og kvenna og UN Women verða í samstarfi á meðan úrslitakeppnin í körfubolta stendur yfir en úrslitakeppni karla hefst á fimmtudaginn. KKÍ og Domino's ætla að taka þátt í að vekja athygli á baráttunni gegn kynjamisrétti og skora sérstaklega á íslenska karla að ganga til liðs við baráttuna og skrá sig á HeForShe.is. Fyrirliðar karlaliða Domino's-deildarinnar skráðu sig sem HeForShe á blaðamannafundi fyrir úrslitakeppnina í gær og hétu því þar með að beita sér markvisst í baráttunni fyrir jöfnum hlut kynjanna á öllum vígstöðvum. „Það er alltaf mikil tilhlökkun fyrir úrslitakeppni Domino's-deildanna og núna er tilhlökkunin enn skemmtilegri og meiri með samstarfinu við HeForShe," segir Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ.




## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.10 | Snæfell - Keflavík | Sport3 |
| 19.15 | Meistaradeildarupph. | Sport |
| 19.35 | Bayern - Juventus | Sport2 |
| 19.45 | Barcelona - Arsenal | Sport |
| 21.45 | Meistaramörkin | Sport |
| 19.15 | Haukar - Grindavík | Hveragerði |
| 19.15 | Stjarnan - Valur | Ásgarður |
| 19.15 | Snæfell - Keflavík | Hólmurinn |

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fitulítil og próteinrík…

… og passar með öllu




www.ms.is





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 16. mars 2016 | 11. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL








**»2**
**Greiði ríkinu arð**
Svigrúm er til umtalsverðra arðgreiðslna úr bönkunum til ríkisins.

**»4**
**Í fótspor Marels**
Martak starfar á sviði rækjuvinnslu og hefur verið líkt við Marel.

**»8**
**Svipmyndin: Breki Karlsson**
Viðskiptafræðingurinn Breki Karlsson vill átak til að auka fjármálalæsi.

**»10**
**Fimm efnahagslægðir á 36 árum**
Lars Christensen skrifar um bandarísk efnahagsmál og peningamál.

**»12**
**Hugað að orðspori**
Stjórnarmaðurinn segir ekki seinna vænna að Landsbankinn grípi til aðgerða vegna Borgunarmálsins.




# SKJÓÐAN

## Fullkomlega gagnslaust Fjármálaeftirlit

**STUNDUM GETUR SKJÓÐAN** ekki varist þeirri tilhugsun að íslenska Fjármálaeftirlitið sé í raun fátt annað en sóun á fjármunum. Öryggið sem FME veitir er falskt.

**EFTIR KLÚÐUR** tryggingafélaganna í tengslum við fyrirhugaðar arðgreiðslur á dögunum, þegar m.a. kom fram að VÍS átti ekki nægt laust fé og hafði þurft að gefa út víkjandi skuldabréfaflokk til að eiga fyrir arðinum, sem stjórnin var staðráðin í að koma í hendur hluthafa, varð Skjóðan sér úti um fjárfestakynningu félagsins vegna skuldabréfaútgáfunnar.

**Í KYNNINGUNNI** kemur margt athyglisvert fram. Vextir skuldabréfanna eru svimandi háir, 5,25 prósent, mun hærri en vextir venjulegra íbúðalána til einstaklinga. Þá eru bréfin verðtryggð til þrjátíu ára og eftir tíu ár hækka vextirnir í 6,25 prósent. VÍS greiðir hærri vexti af skuldabréfunum en sem nemur arðsemi eignasafns félagsins og því blasir við að strax á þessu ári þarf að hækka iðgjöld, ekki til að mæta slæmri afkomu af tryggingastarfsemi eins og var notað sem skýring til að hækka iðgjöld í lok síðasta árs heldur til að standa straum af hinum óhagstæðu lánum sem voru tekin til að greiða út arðinn til eigenda.

**VÍS BIRTIR** nokkrar sviðsmyndir sem eiga að endurspegla þá áhættu sem fjárhag félagsins stafar af útgáfu skuldabréfanna. Þar kemur fram að ef skuldabréf félagsins lækka um tíu prósent og önnur verðbréf um tuttugu prósent lendir félagið undir neðri vikmörkum gjaldþols og þarf að virkja aðgerðaáætlun til lagfæringar.

**LÆKKI SKULDABRÉF** félagsins um tíu prósent og önnur verðbréf um þrjátíu prósent er félagið komið undir gjaldþolskröfu og þarf að grípa til tafarlausra aðgerða til að geta haldið áfram starfsemi. Og hvernig ætlar svo VÍS að bregðast við ef slík lækkun (sem hlýtur að teljast innan vikmarka á íslenskum verðbréfamarkaði) á sér stað? Jú, þá ætlar félagið að endurskipuleggja eignasafn sitt með því að selja verðbréf og kaupa ríkisskuldabréf. Þetta mun, að mati stjórnenda VÍS, kippa gjaldþoli félagsins úr ruslflokki upp í úrvalsflokk í einu vetfangi.

**ÞAÐ ER BARA EINN GALLI** á gjöf Njarðar. Þegar verðbréf falla í verði um tugi prósenta er ekki hægt að selja slík bréf nema með miklu tapi, og væntanlega líka með verulegum áföllum frá hinu lækkaða markaðsverði ef VÍS neyðist til að selja öll sín verðbréf í einu. Spyrjið bara stjórnendur stóru eignarhaldsfélaganna sem þurftu að selja eignir í október 2008! Þessi áætlun um endurreisn gjaldþols er því blekking ein. VÍS er eftirlitsskylt fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlit sem kyngir athugasemdalaust þeim sviðsmyndum sem fram koma í fjárfestakynningu VÍS er fullkomlega gagnslaust. Það hefur ekkert lært af reynslunni.

## Á döfinni

**Miðvikudagur 16. mars**
**LANDSBANKINN HF.** Aðalfundur
**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Vaxtaákvörðun
**VÍS** Aðalfundur
**N1** Aðalfundur

**Fimmtudagur 17. mars**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu.
**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Ársfundur Seðlabanka Íslands.
**EIMSKIP** Aðalfundur 2016.
**KVIKA BANKI** - Aðalfundur.
**SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS** Aðalfundur.
**FJARSKIPTI** Aðalfundur.
**TM** Aðalfundur.

**Föstudagur 18. mars**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Samræmd vísitala neysluverðs í febrúar 2016.

**Mánudagur 21. mars**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vísitala byggingarkostnaðar fyrir apríl 2016.

**Þriðjudagur 22. mars**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Mánaðarleg launavísitala í febrúar 2016.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíða **Una Ösp Steingrímsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is




**669** milljarðar var samanlagt eigið fé Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankanum í árslok.

Hagnaður bankanna þriggja var 106,8 milljarðar á síðasta ári. Þetta er mesti hagnaður á einu ári frá hruni.

# Ríkið getur fengið yfir hundrað milljarða í arð

**Svigrúm er til umtalsverðra arðgreiðslna úr Íslandsbanka og Landsbankanum. Arðgreiðslur til ríkisins eru hærri en búist var við. Fjármálaráðherra talar fyrir því að bankakerfið verði minnkað áður en lengra verður haldið í sölu á bönkunum.**

Svigrúm er til að greiða allt að 120 milljarða króna í arð út úr viðskiptabönkunum þremur. Þar af er svigrúm til að greiða allt að 110 milljarða út úr ríkisbönkunum, Íslandsbanka og Landsbankanum. Þetta kom fram í máli Hrafns Steinarssonar, sérfræðings hjá Greiningardeild Arion banka, á kynningu á nýrri efnahagsspá bankans í gær.

„Stöðugleikaframlög slitabúanna breyta töluverðu fyrir ríkið og þar vegur þungt eignarhlutur ríkisins í bönkunum og þær arðgreiðslur sem renna til ríkisins,“ segir Hrafn. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði við Vísi í gær að hann vilji draga úr stærð bankakerfisins áður en farið verði að selja hluti úr ríkisbönkunum. Þá hafi arður ríkisins af bönkunum verið meiri en búist hafi verið við.



Hrafn Steinarsson, sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion banka.

Hrafn segist þó ekki eiga von á því að allt svigrúmið verði nýtt til að greiða arð á þessu ári.

Samanlagt eigið fé bankanna þriggja var 669 milljarðar í árslok. Hrafn bendir á að svigrúmið hjá Landsbankanum og Íslandsbanka sé meira en hjá Arion banka þar sem eiginfjárhlutfall þeirra sé ríflega 30 prósent en 24,2 prósent í tilfelli Arion banka. „Aftur á móti þarf að horfa líka til lausafjárhlutfalls þegar er verið að meta arðgreiðslugetu bankanna,“ segir Hrafn.

Ef miðað sé við að greiddur verði arður þannig að eiginfjárhlutfall bankanna lækki í 23 prósent geti Landsbankinn greitt út um 60 milljarða í arð og Íslandsbanki um 50 milljarða en Arion banki um 10 milljarða að sögn Hrafns, en 23 prósenta eiginfjárhlutfall sé dæmi um heppilegt eiginfjárhlutfall til lengri tíma.

Til stendur að Landsbankinn greiði 28,5 milljarða í arð og Íslandsbanki 10,3 milljarða í arð á þessu ári. Þannig muni tæplega fjörutíu milljarðar króna renna til ríkisins. Með þessu móti sé ríkið þegar búið að fá meirihlutann af þeim 71 milljarði sem gert var ráð fyrir í fjárlögum að fengist fyrir sölu á 31,2 prósenta hlut í Landsbankanum.

ingvar@frettabladid.is





STOMP PRODUCTIONS OG GLYNIS HENDERSON PRODUCTIONS KYNNA Í SAMSTARFI VIÐ SENU LIVE
REYKJAVÍK
LONDON
NEW YORK
DUBAI
LAS VEGAS
STOMP
HARPA 11. & 12. JÚNÍ
„SANNKALLAÐIR SVIÐSTÖFRAR!“
- THE SUNDAY TELEGRAPH
„ÓTRÚLEGUR KRAFTUR, FÁGUN OG HNYTTNI!“
- THE INDEPENDENT ON SUNDAY
„UNDRAVERÐ ORKA OG ÓTRÚLEGUR AGI!“
- THE EVENING STANDARD
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
Floridana
LIFÐU VEL!
MIÐASALA Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU.
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/STOMP
sena
LIVE!




Posar sem **henta þínum** rekstri

Söluaðilar geta **leigt posabúnað** sem uppfyllir þeirra kröfur. Hægt er að velja um **frístandandi** posa, **þráðlausa** og posa **tengda afgreiðslukerfi**. Hvernig posi hentar þínum rekstri?

ÞÚ SÉRÐ UM **SÖLUNA** – VIÐ SJÁUM UM **GREIÐSLUNA**

VALITOR

525 2080 // sala@valitor.is // www.valitor.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 16-0924




Stefán Haukur Tryggvason er framkvæmdastjóri matvælavinnsluvélafyrirtækisins Martaks. Fyrirtækið leitar nú fanga á stærri mörkuðum og þróar tækni til að nýta betur hráefni og spara bæði vatn og orku.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Í stórfellda útrás með tækni til rækjuvinnslu

**Martak, íslenskt fyrirtæki sem meðal annars býður heildarlausnir í rækjuvinnslu, stefnir á stórsókn utan landsteinanna eftir eigendaskipti í byrjun árs. Sinna litlum markaði með lausnir sem henta fleirum. Vinna að hreinsitækni fyrir skolvatn sem síar út próteinefni sem nýtast í margvíslegan matvælaiðnað.**


Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is




Matvælavinnsluvélafyrirtækið Martak stefnir á stórsókn utan landsteinanna. „Við ætlum að efla fyrirtækið til muna á næstu þremur árum og leitum nú allra leiða til að fá til okkar öflugt starfsfólk. Markaðurinn kallar á lausnir sem við erum með,“ segir Stefán Haukur Tryggvason, framkvæmdastjóri Martaks.

Stefán Haukur segir að efla þurfi bæði tæknideild og framleiðslu og leggja í framhaldinu aukna áherslu á sölu og markaðssetningu. Til lengri tíma setji menn sér engar skorður varðandi mögulegan vöxt. „En við stefnum á tvö til þreföldun á veltu fyrirtækisins innan þriggja til fjögurra ára. Það er markmiðið. Tækifærin í þessum geira eru óþrjótandi, verkefnin eru mörg sem eftir er að leysa og fjöldi þátta sem við getum nýtt úr kaldsjávarrækjunni yfir í heitsjávarrækjuna.“

### Ný pillunarvél á leið á markað

Stöðu fyrirtækisins hefur verið líkt við þá sem Marel var í áður en kom að útrás og vexti. Fyrirtækið hafi byggt upp þekkingu og tækni í þjónustu við kröfuharðan heimamarkað og nú sé færi á að sækja fram.

„Við erum bara tvö fyrirtæki í heiminum sem bjóðum upp á heildarlausnir í rækjuiðnaði,“ segir Stefán Haukur, þótt Martak sé lítið miðað við keppinautinn, sem sé um fimmtán hundruð manna fyrirtæki. Fyrirtækið sjái þó íslenska rækjuiðnaðinum alveg fyrir tækjum til pillunar á rækju. Þá sýni prófanir á nýrri pillunarvél, sem ekki hafi verið endurhönnuð í nærri 60 ár og Martak sé við að setja á markað, að hún eyði allt að 58 prósent minna rafmagni en eldri vélar. „Svo gerum við ráð fyrir að hún minnki vatnsnotkun um allt að 20 prósent.“

Martak starfar að langstærstum hluta á markaði fyrir kaldsjávarrækju, en Stefán segir sóknarfæri mikil þegar horft sé til heitsjávarrækju líka. „Kaldsjávariðnaðurinn er í kring um 650 þúsund tonn á móti eldis- og heitsjávarrækjunni sem eru í kring um 7,4 milljónir tonna. Svo er það sem menn átta sig ekki á, að rækja er tuttugu prósent af öllu sjávarfangi á alþjóðamarkaði. Það er ótrúlegt magn.“

> **Rækjuiðnaður notar mikið vatn, venjuleg rækjuverksmiðja, með kannski átta pillunarvélar, notar núna á bilinu 130 til 150 tonn af vatni á klukkustund.**

### Risaverkefni í Sádi-Arabíu

Stefán Haukur segir ríka áherslu lagða á rækjuna og þar ætli fyrirtækið sér að vera í fararbroddi. „Þetta er auðvitað mikil þróunarvinna, sem er afar kostnaðarsöm, en ef þú ætlar að vera með þá þarftu að vera tilbúinn til að fjárfesta í þróunarvinnunni.“

Hraður vöxtur kostar líka peninga, en Stefán Haukur telur fyrirtækið nú þannig statt að vel verði undir því staðið. Verkefnastaða sé mjög góð og svo hafi nýlega verið samið við Matís um samstarf til að auka þekkingu við vinnslu sjávarafurða, svo sem við nýtingu hráefnis sem til fellur og við að draga úr orku og vatnsþörf, sem hjálpi fyrirtækinu. „Þeir munu hjálpa okkur að finna aukið fjármagn í þessa þróunarvinnu.“ Þar fyrir utan vinni fyrirtækið með styrkjakerfinu í Kanada og eigi í samstarfi við stærstu fyrirtækin í geiranum, svo sem Clearwater, Barry Group og Quinlan Brothers. Af ellefu rækjuverksmiðjum sem eru í Kanada þjónustar Martak níu.

Um leið er ekki alveg hlaupið að því að útvíkka starfsemina, því vinnsla heitsjávarrækju er um margt ólík kaldsjávarrækjunni. „Eldisrækjan er venjulega afgreidd í skelinni að hluta,“ segir Stefán Haukur. Fyrirtækið sé hins vegar að feta þessa slóð og vinni, í samstarfi við danskt fyrirtæki, að mjög stóru verkefni í Sádi-Arabíu þar sem verið sé að setja upp nýtt eldi sem með fullum afköstum eigi að geta unnið 30 tonn af rækju á klukkutíma. „Við erum einmitt búin að skila tillögum að fyrsta hluta, tveimur línum af sex.“ Vinnslan sé hins vegar öðruvísi, allt hráefni berist í körum og sé pakkað í kassa sem kalli á sérstök þvottakerfi. „Við sjáum um alla innmötun, flokkun og pökkun á afurðinni í þessu verkefni en danska fyrirtækið Semi Staal sér um allan þvott á körum og kössum.“

### Tvö tonn af próteini á tímann

Þá séu aðstæður víða þannig í heiminum að vatn sé af skornum skammti og þar þurfi lausnir sem ekki endilega sé kallað eftir hér heima. Þarna séu um leið sóknarfæri í að nýta efni sem annars hverfi með skolvatninu. „Rækjuiðnaður notar mikið vatn, venjuleg rækjuverksmiðja, með kannski átta pillunarvélar, notar núna á bilinu 130 til 150 tonn af vatni á klukkustund.“ Fyrirtækið vinni hörðum höndum að gerð hreinsibúnaðar sem líka hreinsi prótein úr vatninu. Rannsókn, sem gerð hafi verið með háskólanum á Keili í fyrra, bendi til að ná megi allt að tveimur prósentum af próteinmassa úr frárennslisvatninu frá rækjuvinnslunni. „Það þýðir eitt og hálft til tvö tonn af próteinmassa á klukkutíma.“ Magnið er töluvert, en yrði komið slíkum búnaði á allar verksmiðjur sem Martak þjónustar í Kandada yrðu þar til um 360 tonn af próteinmassa á dag.

Slíkt magn þýði að finna verði því markað, en efnið segir Stefán Haukur að geti nýst víða. „Þetta er hægt að nýta beint inn í matvælavinnslur, inn í heilsuiðnaðinn, lyfjaiðnað, fæðubótarefni og þar fram eftir götunum.“

Stefán Haukur segir þegar hafið markvisst starf í átt að útvíkkun á starfsemi fyrirtækisins, en það tók meðal annars þátt í nýafstaðinni sjávarútvegssýningu í Boston í Bandaríkjunum, 6. til 8. mars. „Þar hittum við eiginlega alla okkar viðskiptavini og funduðum sérstaklega með Bandaríkjamönnum og Kanadamönnum, auk funda til að koma af stað verkefnum í fiskinum í Kanada,“ segir hann, en þeir séu nú að fara af stað í fiskveiðar á ný eftir 28 ára hlé. „Og erum nú þegar komnir með samninga við stærstu kanadísku fyrirtækin um þróun og hönnun á nýjum fiskvinnslum í Kanada.“


– STÓRTÓNLEIKAR –
Bryan Ferry
16.05.16
– LEIKUR ÖLL SÍN BESTU LÖG FRÁ EIGIN FERLI OG ROXY MUSIC –
Harpa, Eldborg
HARPA.IS
BRYANFERRY.COM
TIX.IS
GAMMA | KEXLAND




Hér má sjá brot þeirra verslana sem hafa verið opnaðar á síðustu fimm árum. Svokallaðar „lundabúðir“ sem selja hönnun að mestu til ferðamanna eru ekki með í talningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Meiri sala á hönnun en fyrir hrun

**Áhugi Íslendinga á innanhússhönnunarvöru hefur sjaldan verið meiri. Á fimm árum hafa fimmtán innanhússhönnunarvöruverslanir opnað í miðbænum og í Kringlunni og Smáralind. Árið 2015 var það besta í sögu Epal og Hríms Hönnunarhúss.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Sannkölluð sprenging hefur orðið í innanhússhönnunarvöruverslunum frá hruni. Á fimm árum hafa fimmtán nýjar verslanir bæst í flóru verslananna í miðbænum, Kringlunni og Smáralind, samkvæmt talningu Markaðarins. Þær telja nú helming þeirra hönnunarvöruverslana sem starfa á svæðinu. Þá er ekki meðtalinn fjöldi „lundabúða“ sem hafa sprottið upp í miðbænum og selja hönnunarvörur, auk fjölmargra netverslana. Draga má þá ályktun að hönnunarvöruverslanir hafi aldrei verið fleiri.

Svo virðist sem áhugi Íslendinga á hönnunarvöru hafi aldrei verið meiri. Hagnaður hönnunarfyrirtækja hefur farið vaxandi undanfarin árin. Árið 2014 tvöfaldaðist hagnaður Epal og nam 56 milljónum króna. Árið 2015 var svo það besta í fjörutíu ára sögu Epal að sögn forstjóra fyrirtækisins. Sömuleiðis var árið 2015 það besta hjá Hrími sem hóf starfsemi árið 2010 og rekur þrjár verslanir.

**56**

**milljóna króna hagnaður var hjá Epal árið 2014 en það árið tvöfaldaðist hagnaðurinn milli ára.**

Eigandi Hrím segir að þessi gríðarlega aukning í fjölda hönnunarbúða styrki bara starfsemina. Í ljósi hennar sé mikilvægt að fara ótroðnar slóðir í vöruleit og sérhæfa sig betur.

Íslendingar virðast kaupa hönnunarvöru í auknum mæli í verslunarmiðstöðvum og hafa verslanir á síðustu árum flutt sig þangað eða opnað aðra verslun þar til að anna eftirspurninni. Ferðamenn sækja hins vegar mikið í hönnunarverslanir í miðbænum og hefur Finnska búðin meðal annars breytt nafninu sínu niður í bæ og starfsemi sinni þar, með því að auka fókus á íslenska hönnun til að anna eftirspurn ferðamanna eftir henni.

Íslendingar sækja mikið í íslenska hönnun en hafa einnig verið mjög duglegir að versla skandinavíska hönnun undanfarin misseri.

Iittala-æði þjóðarinnar sem hefur sótt í sig veðrið á árunum eftir hrun heldur að sögn verslunarstjóra ótrautt áfram og var sér iittala verslun opnuð í Kringlunni í fyrra. Auk iittala-vara njóta Kahler-, og Marimekko-vörur áfram mikilla vinsælda. Georg Jensen og Royal Copenhagen eru sívinsæl.

## Iittala-æðið ekki búið

Bæði íslensk og skandinavísk hönnun nýtur sérstakra vinsælda í þeim hönnunarbúðum sem Markaðurinn ræddi við. Iittala-æði Íslendinga sem færðist í aukana eftir hrun virðist ekki vera á enda í þeim búðum sem selja vörumerkið.

„Nei, ég held að það sé ekki búið, en auðvitað jafnar þetta sig að hluta. Þeir hjá iittala hafa staðið sig vel í að halda hlutunum spennandi, koma með nýjar vörur og svo framvegis. Þannig að iittala er enn þá mjög vinsælt,“ segir Auður Jóhannesdóttir, verslunarstjóri Dúku í Kringlunni.

Hún segir íslenskar vörur mjög vinsælar hjá versluninni. „Við seljum mikið af íslenskri hönnunarvöru, Sveinbjörg Hallgrímsdóttir og Hekla Guðmundsdóttir hafa verið vinsælar. Babell-diskurinn er líka mjög vinsæll. Við seljum líka mjög mikið af teppum, við erum með mjög mörg íslensk teppi og svo Klippan-teppi frá Svíþjóð,“ segir Auður.



Eyjólfur Pálsson, forstjóri Epal, segist finna fyrir auknum vinsældum hönnunar í búðinni. Hann segir að skandinavískar og íslenskar vörur njóti mikilla vinsælda.

Örn Svavarsson, eigandi Minju, segir að meðal annars HEICO-dýralamparnir og önnur lítil náttljós séu sívinsælar vörur, svo og Cubebotróbótinn frá Areaware, hálsfestarnar frá Hlín Reykdal, og Pyropet-kertin hennar Þórunnar Árnadóttur.

**» Vinsælustu vörurnar í dag eru meðal annars iittala-vörur, Babell-diskurinn, og HEICO-dýralampar, auk íslensku Pyropet-kertanna og vara eftir Sveinbjörgu Hallgrímsdóttur.**

Vinsælustu vörurnar hjá Kúnígúnd eru danskar. „Georg Jensen er kóngurinn hérna. Royal Copenhagen og Georg Jensen eru langstærstu og flottustu merkin okkar. Georg Jensen Damask sem er alls óskylt Georg Jensen er líka mjög vinsælt og Rosendahl og Villeroy & Boch,“ segir Jóhanna Ingimundardóttir sem starfar í versluninni.

Satu Ramo, ein eigenda Finnsku búðarinnar og Reykjavik's Cutest segir langvinsælustu vörurnar í Finnsku búðinni vera Marimekko-fatnað og Moomin-vörur. Hún segir að áhuginn hafi ekki minnkað á þeim vörum. „Áhuginn hefur bara aukist á Marimekko. Það er hágæða fatnaður sem er ekki rándýr og passar vel Íslendingum,“ segir Satu.

## Árið 2015 var það besta í fjörutíu ára sögu

Árið 2015 var besta árið í fjörutíu ára rekstrarsögu Epal, að sögn Eyjólfs Pálssonar, forstjóra. Hann segir að það sé meira að seljast núna en fyrir hrun. Honum finnst aukin áhugi meðal Íslendinga á hönnun. „Mér finnst það og ég held að þeir beri traust til okkar því við erum þetta gamalt og öruggt fyrirtæki,“ segir Eyjólfur.

Árið 2015 opnaði Epal verslun í Kringlunni. Eyjólfur sagði eina af ástæðunum fyrir því vera að hætt var að selja íslenska hönnun í flugstöðinni. „Við sóttum bara um í Kringlunni og fengum þar inni og það var tiltölulega hagkvæmt að opna þar. Það styrkir okkur bara að vera með fleiri verslanir, Harpan gengur vel, Kringlan gengur vel og Skeifan gengur mjög vel,“ segir Eyjólfur.

Hann segir að það sé mest um ferðamenn í Hörpu en Íslendinga í Kringlunni.

Árið 2015 var ekki einungis gjöfult fyrir Epal. Tinna Brá Baldvinsdóttir, eigandi Hríms, segir að árið hafi einnig verið það besta í sögu Hríms. „Það kom önnur búð inn og það fylgdi kostnaður við hana, og há leiga í Kringlunni, en þetta var besta árið okkar,“ segir Tinna.

Besta ár Hríms fram til þess var árið 2013 þegar fyrirtækið hagnaðist um 9,7 milljónir. Hagnaður Epal á árunum 2007 til 2014 var hæstur árið 2014 þegar hann tvöfaldaðist milli ára og nam þá 56 milljónum króna í tveimur félögum, Epal hf. og Epal design ehf.



**Það styrkir okkur bara að vera með fleiri verslanir, Harpan gengur vel, Kringlan gengur vel og Skeifan gengur mjög vel.**

Eyjólfur Pálsson forstjóri Epal.

# SPUNI Í BÆÐI JAZZI OG MATARGERÐ

Jazztríó Kristjönu Stefánsdóttur heldur sannkallaða jazzveislu fyrir öll vit í Hannesarholti á föstudagskvöld en boðið verður upp á sérvalinn jazzaðan mat sem mun eflaust renna ljúflega niður undir tónlistinni.



Söngkonan Kristjana Stefánsdóttir kemur fram með tríói sínu í jazzveislu í Hannesarholti á föstudag. Þar verður boðið upp á jazzaðan mat undir jazztónunum. MYND/ANTON BRINK

Gestir á tónleikum Tríós Kristjönu Stefáns í Hannesarholti á föstudagskvöld eiga að sögn söngkonunnar von á huggulegri og afslappaðri stemningu. Boðið verður upp á sérvalinn matseðil og mun tríóið leika valda jazzstandarda fyrir gesti og spjalla um matinn og tónlistina á persónulegum nótum. „Það verður algerlega frábær matur og tónlist í sérflokki, húmor og gleði. Hannesarholt verður í sparigallanum, allt uppdekkað og fínt. Við ætlum að spila alla okkar uppáhalds jazz-standarda og ræða sögurnar á bak við þá svo og af hverju þeir urðu fyrir valinu," segir Kristjana.

Spurð að því hvort jazz og matur eigi endilega saman segir hún það tvímælalaust vera. „Það er ekkert skemmtilegra en að borða góðan mat og njóta góðrar tónlistar um leið. Ég held að nánast allir jazzleikarar á Íslandi séu meira og minna eðal „gourmet-kokkar" eða miklir mataráhugamenn. Ætli það sé ekki út af spunanum. Maður getur leikið sér og spunnið í jazzinum og líka í eldhúsinu. Allir góðir kokkar eru mjög hugmyndaríkir og alltaf að finna upp eitthvað nýtt og spennandi, líkt og jazzleikarar sem eru alltaf að spinna nýjar laglínur."

**JAZZTENGDIR RÉTTIR**

Réttirnir sem boðið verður upp á í jazzveislunni á föstudag hafa allir einhverja tengingu við jazzinn eða rætur hans. „Manhattan kokteill er tengdur New York sem er mikil jazzborg og svo er til mjög skemmtilegur standard eftir Rodgers og Hart sem heitir einmitt Manhattan. Ella Fitzgerald gerði mjög fræga útgáfu af honum. New Orleans er fæðingarstaður jazzins í Bandaríkjunum og er því rétturinn New Orleans Gumbo fullkominn inn í þetta svo og pekanhnetutertan sem er iðulega á borðum á öllum helstu veitingastöðum í New Orleans," útskýrir Kristjana og brosir.

> Ég held að nánast allir jazzleikarar á Íslandi séu meira og minna eðal „gourmet-kokkar" eða miklir mataráhugamenn.

Hún er sjálf mikil áhugakona um mat og segir félaga sína í tríóinu, þá Kjartan Valdemarsson píanóleikara og Gunnar Hrafnsson kontrabassaleikara, líka hafa mikinn áhuga á mat og eldamennsku. „Ég fæ mikla útrás í eldhúsinu og finnst það stundum eins og hálfgerð hugleiðsla. Ég á mjög erfitt með að fara nákvæmlega eftir uppskriftum."

Þau Kristjana, Kjartan og Gunnar hafa spilað mikið saman í gegnum tíðina, bæði sem tríó og stundum sem kvartett og þá hefur trommuleikari verið með þeim. Ef vel tekst til á föstudag verður jazzveislan mögulega endurtekin en annars hefur framtíðin ekki mikið verið plönuð hjá tríóinu. „Það er þó stór möguleiki á að við komum fram einhvers staðar í sumar, kannski á Jómfrúarjazzinum. Svo er ég sjálf að taka upp sólóplötu þessa dagana ásamt snillingnum Daða Birgissyni sem kemur út í sumar."






# GÖMLU ROKKPERLURNAR LIFA

Gæðarokk frá áttunda og níunda áratug síðustu aldar verður í forgrunni á tónleikunum Skonrokki sem haldnir verða í Reykjavík og á Akureyri um helgina. Nokkrir af bestu rokksöngvurum þjóðarinnar mæta til leiks ásamt Tyrkja Guddu.

Árlegir stórtónleikar Skonrokkshópsins verða haldnir á föstudag í Austurbæ í Reykjavík og í Hofi á Akureyri degi síðar. Hópurinn samanstendur af súpergrúppunni Tyrkja Guddu en með sveitinni syngja nokkrir af bestu rokksöngvurum Íslands í dag. Lagaúrvalið er ekkert slor; brot af bestu rokklögum áttunda og níunda áratugarins ásamt nokkrum nýrri og eldri lögum og lofar skipuleggjandi tónleikanna, Bjarni Ólafur Guðmundsson, svakalegri stemningu. „Þetta verður í fjórða skipti sem sveitin tekur þennan rúnt og það hefur alltaf verið frábær aðsókn og það sem meira er, frábær stemning enda eru tónleikarnir mögnuð skemmtun í alla staði.“

Söngvararnir eru ekki af verri endanum, þeir Stebbi Jak úr Dimmu, Eyþór Ingi, Pétur Jesú, Magni og Biggi úr Gildrunni. „Þeir skipta á milli sín mörgum af stærstu númerum rokksögunar en á efnisskránni eru t.d. lög með AC/DC, Kiss, Deep Purple, Metallica, Whitesnake, Guns 'N' Roses og fleiri rokkböndum.“

Hljómsveitina Tyrkja Guddu skipa þeir Sigurgeir Sigmundsson, Einar Þór Jóhannsson, Biggi Nielsen, Stefán íkorni Gunnlaugsson og Ingimundur Benjamín auk þess sem Marshall-undrið Ragnar Már Gunnarsson frá Flateyri verður sérstakur gestur eins og á fyrri tónleikum.

### MIKILL KRAFTUR

Upphaf Skonrokkstónleikanna má rekja til ársins 2010 þegar Biggi Nielsen hélt tónleika til heiðurs sjómönnum í Vestmannaeyjum og setti saman mikla súpergrúppu að sögn Bjarna. „Hann hefur stýrt sveitinni allt frá byrjun og gerir enn, eins og sannur herforingi. Sveitin var nefnd Tyrkja Gudda og á næstu árum stækkuðu tónleikarnir og lagt var meira í þá.“

> Fólk sem ólst upp við þessa tónlist þreytist ekki á að hlusta á hana og njóta hennar. Það sem heillar mest eru bara sterk lög og svo þessi mikli kraftur og flotta sviðsframkoma sem margar af þessum hljómsveitum notuðu hreinlega sem sín vörumerki.
>
> Bjarni Ólafur Guðmundsson

Rokktónlist þessa tímabils er heillandi að sögn Birgis þótt lögin eldist misvel eins og önnur tónlist. „Hins vegar var mjög mikil gerjun í rokkinu á þessum tíma og þessar hljómsveitir komu með hvern stórsmellinn á fætur öðrum. Fólk sem ólst upp við þessa tónlist þreytist ekki á að hlusta á hana og njóta hennar. Það sem heillar mest eru bara sterk lög og svo þessi mikli kraftur og flotta sviðsframkoma sem margar af þessum hljómsveitum notuðu hreinlega sem sín vörumerki.“

### HÖRKU SLEGGJUR

Lagavalið byggist því fyrst og fremst á rokki af öllum toga að sögn Birgis og verður boðið upp á margar sleggjur. „Þar má nefna lög eins og She's Gone með Steelheart í flutningi Eyþórs sem hefur slegið í gegn og svo lög eins og Enter Sandman með Metallica í flutningi Magna. Guns 'N' Roses-pakkinn kom svo sterkur inn með Stebba Jak í fyrra og Whitesnake-syrpa Péturs Jesú fær fólk í salnum alltaf til að standa upp og jafnvel rífa sig úr bolnum. Síðast en ekki síst er algjörlega nauðsynlegt að vera með einn orginal íslenskan rokkhund í Bigga Gildru sem á það til að rifja upp Gildrulögin við ótrúlegar undirtektir salarins. Það er alveg möguleiki á að eitthvað af þessum lögum heyrist um helgina, en líka miklu fleiri og nokkur ný og alveg hrikalega spennandi númer sem við viljum ekki endilega ljóstra upp um.“

Tónleikarnir verða í Austurbæ á föstudag kl. 20 og í Hofi á Akureyri degi síðar kl. 20. Miðasalan fer fram á midi.is og mak.is.



Perlur með Kiss, AC/DC, Deep Purple, Guns 'N' Roses og Whitesnake munu m.a. hljóma um helgina. MYND/GUNNAR INGI



Það myndast alltaf frábær stemning á tónleikum Skonrokks. MYND/GUNNLAUGUR RÖGNVALDSSON

# SÆBJÚGNAHYLKIN ERU BYLTING

**ARCTIC STAR KYNNIR** Magnús Friðbergsson mælir heilshugar með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star en hann finnur mikinn mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.





### FINNUR MIKINN MUN Á SÉR

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu við strendur Íslands. Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir Magnús.

Magnús, sem er 65 ára gamall í dag, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.

**SÆBJÚGU ERU ÞEKKT FYRIR**
- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

> Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður.
>
> Magnús Friðbergsson



**HEILSUBÓT** Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum.



**MIKLU BETRI** Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin. MYND/GVA

**Íslensk framleiðsla**
Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á **arcticstar.is** Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupi.

## Bílaleiga

**TIL SÖLU LÍTIL EN ÖRT VAXANDI BÍLALEIGA**
Möguleiki að kaupa bara reksturinn eða bílaflota með. Gott tækifæri að koma inn í vaxandi rekstur á ört vaxandi markaði. Auðveld kaup. S: 695-6037

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

**Bókhald**
- Skattframöl einstaklinga
- Skattframtöl fyrirtækja
- Bókhald einstaklinga og fyrirtækja
- Bókhald húsfélaga
- Laun og skilagreinar
- Stofnun fyrirtækja

Sanngjarnt verð

Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf
Síðumúla 1 108 Reykjavík
581-1600 • www.vidvik.is

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**HÚSASMÍÐAMEISTARI**
getur bætt við sig verkefnum.

Uppl. í s. 897 4720

eða bragi@boga.is

ÞAK.IS

Eru þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka ? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, og alla aðra blikk eða smíðavinnu. Uppl. í s.6996980



**PARKETSLÍPUN MEISTARANS**
Parketslípun um allt land. Alltaf bestu verðin. www.parketslipunmeistarans.is 7817200

**GOLFHITASOGUN.IS**
Þjónusta um allt land. Sögum fyrir gólfhita, neysluvatni og rafmagni. S. 661-1735

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

# KEYPT & SELT

## Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

**ATVINNUTÆKIFÆRI**
Til sölu lítið trésmiðaverkstæði, er í rekstri. Uppl. s:8454096

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU, AÐEINS KR. 1250 KR FM!**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR**
óskar eftir starfsmanni í eldhús á kokka vaktir. Unnið er frá kl 8 til 17 á virkum dögum og 9 til 17/18 um helgar fimmtán daga í mánuði. Viðkomandi þarf að hafa náð 20 ára aldri, vanur eldamennsku og bakstri, stundvís, duglegur og áreiðanlegur.
**Allar umsóknir og fyrirspurnir berist á info@tiudropar.is**

**APARTMENT K**
óskar eftir starfskrafti í móttöku, um næturvinnu er að ræða. Umsóknir sendist á jobs@apartmentk.is

Apartment K is looking for a Night receptionist. Please send a CV to jobs@apartmentk.is

**SMIÐIR**
Óska eftir smiðum í vinnu. Umsóknir sendist á: bosmidir@bosmidir.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

**ERUM MEÐ:**
flísalagningarmenn, smiði, rafvirkja og almenna verkamenn tilbúna til vinnu. Einnig bílstjóra með próf: C1-C-CE-D.

Geta hafið störf fljótlega.

Sanngjarnt verð.
**Verkleigan sími:780-1000 e: vinna@verkleigan.is**







## Fimmtán nýjar hönnunarvöruverslanir á fimm árum*

**3**
hönnunarbúðir eru í rekstri hjá bæði Hrími og Epal

**30+**
hönnunarbúðir eru starfræktar í miðbænum, Kringlunni og Smáralind

**5**
búðir hafa verið opnaðar í Kringlunni og Smáralind á síðustu fimm árum




### Nýjar búðir utan miðbæjarins

**HRÍM**
Kringlunni
Opnuð í mars 2015

**EPAL**
Kringlunni
Opnuð í mars 2015

**FINNSKA BÚÐIN**
Kringlunni
Opnuð í ágúst 2015

**IITTALA**
Kringlunni
Opnuð árið 2015

**DÚKA**
Smáralind
Opnuð árið 2011

**PETIT**
Suðarlandsbraut 4
Opnuð í nóvember 2013

**SNÚRAN**
Síðumúla 21
Opnuð í mars 2015

*Listinn er ekki tæmandi fyrir hönnunarbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Inni í talningunni eru ekki verslanir utan Reykjavíkur og Kópavogs, né búðir sem sérhæfa sig í fatnaði og skartgripum.

# Þarf að fara ótroðnar slóðir í vöruleit

Tinna Brá Baldvinsdóttir, eigandi Hríms, flutti verslunina til Reykjavíkur í miðbæinn fyrir fjórum árum. Þremur árum síðar var hún komin með þrjár Hrímsverslanir í Reykjavík, eina í viðbót, Hrím Eldhús, í miðbænum og aðra í Kringlunni. Hún segir þessa útrás hönnunarbúða á tímabilinu einungis hafa styrkt starfsemi Hríms.

„Maður þarf bara aðeins að sérhæfa sig betur og halda betur í merkin sín. Þessar nýju verslanir sem hafa verið opnaðar og skipt um eigendur og svona hafa verið að stela merkjum frá manni. Maður reynir bara að fara ótroðnar slóðir í vöruleit,“ segir Tinna.

Vinsælustu vörurnar hjá Hrími hafa að sögn Tinnu verið Reykjavik Posters og vörur frá Studio Arhoj, en fyrirtækið hefur einmitt náð að vera eina búðin sem selur vörur Studio Arhoj. Þær vörur hafa verið mjög vinsælar og við höfum náð að halda því ein, en vitum að aðrar búðir hafa verið að reyna að ná því merki til sín,“ segir Tinna.

Hrím er ein þeirra verslanakeðja sem hafa bætt við sig verslun í verslunarmiðstöð, en aðrar verslanir sem hafa gert það eru meðal annars Epal og Finnska búðin. Tinna segir að staðan sé sú að ferðamenn séu mest að versla í miðbænum en Íslendingarnir í Kringlunni. „Því miður eru allt of lítið af Íslendingum að koma í bæinn og þeim fækkar með hverjum mánuðinum. Það er engin niðursveifla í búðunum hjá mér, kúnnahópurinn er bara annar.“

Satu Ramo, ein eigenda Finnsku búðarinnar og Reykjavik's Cutest, tekur undir þetta. Hún segir að eftir að þær opnuðu Finnsku búðina í Kringlunni sáu þær að Íslendingarnir væru að fara þangað að versla. „Við ákváðum af því að það koma svona margir ferðamenn inn í miðbænum og spyrja hvort til sé eitthvað íslenskt að breyta úrvalinu og aðeins að breyta nafninu svo að útlendingar skildu hvað væri til sölu. Við höfum því tekið inn íslenskar vörur þarna og leggjum áherslu á íslenska hönnun,“ segir Satu.



**Tinna Brá Baldvinsdóttir, eigandi Hríms, leggur mikið upp úr því að sérhæfa sig og hafa sérstök merki í búðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Maður þarf bara aðeins að sérhæfa sig betur og halda betur í merkin sín.**

## Epal



**Eyjólfur Pálsson, eigandi Epal, segir að árið 2015 hafi verið besta rekstrarár í sögu Epal.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## 18 þúsund í hóp fyrir notaðar hönnunarvörur

Margar hönnunarbúðanna á höfuðborgarsvæðinu eru einnig með netverslun, auk þeirra er fjöldi verslana sem eru einungis á netinu. Svo virðist sem Íslendingar séu einnig duglegir að selja hönnunarvörur sín á milli. Tæplega 18 þúsund manns tilheyra Facebookhópnum Notaðar hönnunarvörur. Þar skiptast margir á vörum í mismunandi litum auk þess að selja hönnunarvörur. Vinsælar vörur þar eru meðal annars Georg Jensen-jólaóróar, iittala-kertastjakar, Marimekko-skálar og Kähler-vasar. Auk hans eru sérstakir hópar fyrir notaðar hönnunarvörur á Norðurlandi og á Suðurnesjum.




Úti- og innimottur á tilboði

– úrval af frábærum mottum í mörgum gerðum og stærðum




Rekstrarvörur
– fyrir þig og þinn vinnustað

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is

# Foreldrar tala frekar við börn um kynlíf en fjármál

**Alþjóðlega fjármálalæsisvikan fer núna fram í þriðja sinn. Ráðast þyrfti í átak fyrir fjármálalæsi eins og ráðist hefur verið í átak fyrir smokkanotkun og átak gegn reykingum.**

Stofnun um fjármálalæsi fer fyrir hópi stofnana og fyrirtækja sem standa fyrir viðburðum til að kynna alþjóðlega fjármálalæsisviku 2016. Þetta er í þriðja sinn sem hátíðin er haldin á Íslandi en yfir 100 lönd í öllum heimsálfum taka þátt í henni.

Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, heldur utan um verkefnið hér á Íslandi. „Við náum til barnanna í gegnum skólana og svo erum við í samstarfi við BarnaRÚV um Tíkallinn sem eru tíu innslög um fjármál fyrir krakka. Þar er ýmislegt í hagkerfinu útskýrt fyrir krökkum, til dæmis hvernig bankar virka, hvað Seðlabankinn gerir og hvað verðbólga er. Svo eru samtök fjármálafyrirtækja með heimsóknir í skóla þar sem er verið að leggja áherslu á eflingu fjármálalæsis,“ segir Breki.

Stofnun um fjármálalæsi var stofnuð 2005 og er því rúmlega tíu ára. „Til að byrja með var orðið fjármálalæsi ekki til í íslenskri tungu. Ég gerði rannsókn á fjármálalæsi framhaldsskólanema og líklega var það notað í fyrsta skipti þá. Ég þurfti alltaf að útskýra hvað það þýddi og meira að segja útskýra af hverju það þurfti að efla fjármálalæsi.“

Breki minnir á að Íslendingar töldu sig á árinu 2005 ekki þurfa að læra neitt um fjármál. „Við vorum á leiðinni að verða fjármálamiðstöð alheimsins. Síðan breyttist það. Snemma árs 2008 var ég beðinn um að gera rannsókn á fjármálalæsi Íslendinga fyrir menntamálaráðuneytið,“ segir Breki. Síðan þá hefur hann gert rannsóknir á þriggja ára fresti.

Breki hefur meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að það eru tengsl milli viðhorfa og hegðunar, fremur en milli þekkingar og hegðunar. „Leiðin til að bæta hegðun fólks í fjármálum er að bæta viðhorfið,“ segir Breki. Hann vill breyta viðhorfum fólks varðandi fjármálalæsi með herferð og minnist smokkaherferðar sem farið var í á níunda áratugnum. „Allt í einu var það gert töff að nota getnaðarvarnir. Hið sama var gert með reykingar. Það náðist mikill árangur í forvarnarstarfi þegar menn fóru að beina sjónum að viðhorfum um að það væri ekki töff að reykja,“ segir Breki og vill svipað átak tengt fjármálalæsi. „Vel á minnst, smokkanotkun. Þá sýna mínar rannsóknir fram á að $2/3$ foreldra tala við börnin sín um kynlíf en einungis þriðjungur talar við þau um fjármál,“ segir Breki og telur að þarna þurfi að bæta úr.

Breki er viðskiptafræðingur að mennt, lærði fyrst í Háskólanum í Reykjavík en tók síðar framhaldsnám í Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (CBS). Hann lætur vel af dvölinni í Kaupmannahöfn. „Þetta er frábær staður og ég fór út með fjölskylduna. Við vorum með tvö börn á þeim tíma. Það var skemmtilegur tími og okkur leið svo vel að við ákváðum að skella í þriðja barnið. Það er frábært að vera í Kaupmannahöfn með fjölskyldu,“ segir Breki.

Frítímann nýtir Breki við lestur og er virkur félagi í lestrarklúbbnum Krumma. „Ég stunda líka snjóbretti af mikilli hörku,“ segir Breki en bætir því við að hann sé nýbúinn að detta illilega og enn að ná sér eftir það. **jonhakon@frettabladid.is**




Til leigu 100 fm. atvinnuhúsnæði í í miðju Borgarness, á móti ÁTVR í verslunarmiðstöðinni Hyrnutorgi,

Hentar mjög vel fyrir t.d. verslun, þjónustu, kaffihús o.fl.

Frábært tækifæri á ört vaxandi ferðamannasvæði

Allarar nánari upplýsingar í síma 430-5502 / Guðsteinn eða gudsteinn@kb.is

Borgarland ehf.






TAKTU FRUMKVÆÐI
AÐ EIGIN FRAMA

UPPLIFÐU MBA-NÁMIÐ Í KENNSLUSTUND

**Föstudaginn 18. mars verður haldinn kynningarfundur MBA-námsins í Háskóla Íslands.** Fundurinn verður haldinn í stofu HT-101 á Háskólatorgi kl. 12:10-12:50

**Magnús Pálsson forstöðumaður MBA-námsins** kynnir námið og fyrirkomulag þess en einnig mun **Ingvar Már Gíslason MBA 2016 og markaðsstjóri Norðlenska** segja okkur frá reynslu sinni af náminu.

Eftir kynningarfundinn er gestum boðið í kennslustund í samningatækni í MBA-náminu. Boðið verður upp á léttar hádegisveitingar.

**Skráning fer fram á mba.is**

ASSOCIATION OF MBAs

HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA
www.mba.is





Stjarnan mætti skoska stórveldinu Celtic í forkeppni Meistaradeildar Evrópu síðasta sumar. Þátttaka íslensku liðanna í Evrópukeppni getur verið afar ábatasöm. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Afkoma íslenskra knattspyrnuliða versnar

Afkoma knattspyrnuliða sem spiluðu í tveimur efstu deildum á Íslandi árið 2015 versnaði milli ára. Í þinggerð ársþings KSÍ kemur fram að afkoma liðanna 24 hafi verið neikvæð um 53 milljónir króna árið 2014 miðað við jákvæða afkomu um 65 milljónir árið 2013.

„Þetta er þróun til þess að hafa áhyggjur af,“ sagði Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, í ávarpi sínu á þinginu.

Heildartekjur félaganna jukust um 60 milljónir króna og voru tæplega 2,6 milljarðar króna. Heildarútgjöld félaganna hækkuðu á móti um 130 milljónir króna á milli ára og voru alls 2,65 milljarðar króna.

Þá kemur fram að KSÍ eigi von á að fá um átta milljónir evra, um 1,1 milljarð króna, frá Knattspyrnusambandi Evrópu, vegna þátttöku karlalandsliðsins í Evrópumótinu í knattspyrnu. Rekstraráætlun KSÍ gerir ráð fyrir rúmlega 600 milljóna hagnaði á þessu ári. Af því eiga um 300 milljónir króna að renna til aðildarfélaga KSÍ en ekki liggur fyrir með hvaða hætti greiðslunni verður skipt milli félaganna. Auk þess hækkar barna- og unglingastyrkur um þrjátíu prósent og styrkur vegna leyfiskerfis hækkar um fimmtán prósent.

Fyrir leyfisferli ársins 2014 fyrir tvær efstu deildirnar voru teknar upp viðmiðunarreglur um jákvæða eiginfjárstöðu og að heildarskuldir og skuldbindingar væru ekki hærri en 50% af meðaltali rekstrartekna undanfarinna þriggja ára. Af þeim tólf félögum sem léku í efstu deild karla árið 2015 stóðust sjö þessar kröfur, tvö stóðust hvoruga kröfuna, tvö ekki kröfu um hámarksskuldabyrði og eitt ekki kröfuna um jákvætt eigið fé. Af tólf félögum sem léku í fyrstu deild í fyrra stóðust sex kröfurnar, tvö stóðust hvoruga kröfuna en fjögur ekki kröfuna um jákvætt eigið fé. Heildarskuldir félaganna 24 í árslok 2014 voru um 500 milljónir króna og hækkuðu um fjörutíu milljónir króna á milli ára. **– ih**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Allt í einu var það gert töff að nota getnaðarvarnir. Hið sama var gert með reykingar. Það náðist mikill árangur í forvarnarstarfi þegar menn fóru að beina sjónum að viðhorfum um að það væri ekki töff að reykja.**

Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi


JÁKÓ
- efni sem virka

Við eigum 30 ára afmæli




30% afsláttur
af öllum vörum í mars*

*tilboðið á ekki við um varahluti

Gerðu góð kaup á hreinsiefnum
og háþrýstidælum!

JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.

Auðbrekku 23 - Kópavogi - s. 564 1819 - www.jako.is



ERTU Á LEIÐ TIL ÚTLANDA?

KEFLAVÍKUR FLUGVÖLLUR



OPTICAL STUDIO
FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ

Verslaðu á hagstæðara verði.
Allt að 50% ódýrari en sambærileg vara á meginlandi Evrópu.*



KAUPAUKI

Með öllum margskiptum glerjum** fylgir annað par FRÍTT með í sama styrkleika. Tilvalið sem sólgleraugu eða varagleraugu.

* Chrome Hearts umgjörð m/ Hoya Progressive glerjum, 1.6 Index.
** Margskipt gler á við Varilux, Multifocal, Progressive og tvískipt gler.

ÁBYRGÐAR- OG ÞJÓNUSTUAÐILAR:

Optical Studio Smáralind
Optical Studio Keflavík

Módel: Kristjana Dögg Jónsdóttir
Gleraugu: Chrome Hearts



**Bankamál**

Guðlaugur Þór Þórðarson
alþingismaður

# Déjà vu í ríkisbanka

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um sölu Landsbankans – ríkisbankans á Borgun. Bankinn ákvað að selja hlut sinn í lokuðu ferli í stað opins eins og eðlilegast hefði verið að gera.

Rök stjórnenda ríkisbankans fyrir verklaginu eru ófullnægjandi að mati Bankasýslunnar – halda ekki vatni eins og einhver sagði.

Framganga ríkisbankans hefur sannfært mig um nauðsyn þess að setja í lög eða reglur að öll fyrirtæki, allar eignir ríkisins, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja skuli selja fyrir opnum tjöldum þar sem allir standa jafnfætis. Vissulega geta komið upp aðstæður þar sem það er réttlætanlegt að beita öðrum aðferðum, en það er undantekning, ekki meginregla.

Fyrir undirritaðan er Borgunarsalan því miður endurtekið efni – déjà vu. Árið 2010 fór ríkisbankinn fram með svipuðum hætti þegar hann seldi Vestia-fyrirtækin.

Bankasýslan fer með eignarhlut ríkisins í ríkisbankanum og í lögum segir meðal annars: „Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma ...“

Þar segir líka að tryggja beri gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og að tryggja eigi virka upplýsingamiðlun til almennings.

Bankasýslan á einnig að hafa eftirlit með eigendastefnu. Í eigendastefnu segir: „Fjármálafyrirtæki skulu koma sér upp innri verkferlum um lykilþætti í starfsemi sinni, svo sem endurskipulagningu skuldsettra fyrirtækja, úrlausn skuldavanda einstaklinga, sölu eigna o.fl. Mikilvægt er að slíkir ferlar séu skilvirkir og gagnsæir og birtir á heimasíðum fyrirtækjanna.“

Skýrara verður það ekki en hvernig er framkvæmdin á sölu fyrirtækja í eigu bankans? Í bréfi Landsbankans til Bankasýslunnar vegna Borgunarmálsins er upplýst að opið söluferli er ekki regla þegar fyrirtæki í eigu bankans eru seld.

Spurningin sem kemur upp í huga flestra er hvernig getur þetta gerst? Hvar er eftirlitið? Svarið er að við erum með mikið eftirlit og í hlut á ríkisbanki. Við erum með eitt umfangsmesta fjármálaeftirlit á byggðu bóli, sérstaka stofnun um eignarhlut ríkisins og markaða eigendastefnu ríkisins. Strangar reglur um fjármálafyrirtæki, sérstök próf fyrir þá einstaklinga sem sitja í bankaráðum, sérstök valnefnd velur ráðsmenn þannig að stjórnmálamenn koma hvergi nærri.

Og af hverju er þá svona erfitt að fara eftir lögum og eðlilegum verklagsreglum? Af hverju er ekki selt í opnu ferli og tryggt að allir sitji við sama borð?

Mér hefur gengið illa að fá svör við þessum spurningum. Déjà vu!

# Risastór bátasýning í Hollandi




**Bátasýningin í Amsterdam hefst í RAI ráðstefnuhöllinni í Amsterdam í dag. Á mánudag var unnið hörðum höndum við að undirbúa sýninguna. Sýningin, sem er stærsta sýning fyrir vatnaíþróttir í Hollandi, stendur yfir frá 16. til 20. mars.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Samdráttur í Bandaríkjunum?



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Sumir fréttaskýrendur líta svo á að fjármálamarkaðir séu drifnir áfram af græðgi, ótta og rökleysu. Ég, hins vegar, held að markaðir almennt segi okkur mikið um það við hverju megi búast af þjóðhagfræðilegri þróun í framtíðinni. Með öðrum orðum þarf maður að hafa nokkuð yfirdrifið sjálfsálit til að halda að maður hafi betri spádómsgáfu en „viska fjöldans“ í formi fjármálamarkaðanna.

Og einmitt núna eru markaðirnir – sérstaklega skuldabréfamarkaðirnir – að segja okkur að hafa meiri áhyggjur af hættunni á samdrætti í bandaríska hagkerfinu næsta árið.

Sögulega hefur munurinn á ávöxtun skuldabréfa til 10 ára og til tveggja ára – svokallaður ávöxtunarferill – verið mjög áreiðanleg vísbending um hættuna á samdrætti í Bandaríkjunum.

Síðan 1980 hafa fimm efnahagslægðir gengið yfir í Bandaríkjunum – 1980, 1981, 1990, 2001 og 2008 – og í öll skiptin varaði ávöxtunarferillinn við því sex til tólf mánuðum fyrr að samdráttur væri á næsta leiti. Síðan 1980 hefur í hvert skipti sem tíu ára skuldabréfaávöxtun hefur fallið niður fyrir tveggja ára skuldabréfaávöxtun orðið samdráttur innan árs eftir að markaðirnir gáfu það til kynna.

Við erum enn nokkuð frá því að hafa neikvæðan ávöxtunarferil í Bandaríkjunum, en síðan Seðlabanki Bandaríkjanna, undir forystu Janet Yellen, byrjaði snemma árs 2014 að ýja að vaxtahækkunum hefur tíu ára ávöxtun lækkað miðað við tveggja ára ávöxtun.

> **Spurningin er hvort Janet Yellen viðurkennir þessar hættur, eða hvort hún heldur áfram að staðhæfa að aðalhættan sé að verðbólga í Bandaríkjunum aukist.**
> Lars Christensen alþjóðahagfræðingur

Þetta er ekki enn orðið merki um að það verði samdráttur, en þetta er engu að síður merki um að bandaríska hagkerfið sé að hægja á sér, sem hugsanlega gæti leitt til samdráttar.

Áhrifin af hertum peningamarkaðsskilyrðum í Bandaríkjunum hafa einnig verið sýnileg í því að verðbólguvæntingar hafa lækkað mikið síðasta árið eða svo, og að því gefnu að nafnvirði launahækkana hefur verið stöðugt sjáum við nú raungildi launahækkana aukast. Þetta er ekki merki um ofhitnun á bandarískum vinnumarkaði, heldur er þetta afleiðing þess að „herskárri“ afstaða Seðlabankans hefur þrýst verðbólguvæntingum niður, sem er eðli sínu samkvæmt veldur því að rauntekjur aukast. Afleiðing þessa er yfirleitt sú að atvinnuleysi í Bandaríkjunum eykst.

Er þetta þá nóg til að álykta að það stefni í efnahagssamdrátt í Bandaríkjunum? Nei, ekki enn – við verðum að muna að ávöxtunarferillinn er þrátt fyrir allt enn jákvæður og að þótt rauntekjur hafi hækkað er það varla afdrifaríkt, en hins vegar væri heimskulegt að hunsa hættuna á að bandaríska hagkerfið hægi á sér.

Spurningin er hvort Janet Yellen viðurkennir þessar hættur, eða hvort hún heldur áfram að staðhæfa að aðalhættan sé að verðbólga í Bandaríkjunum aukist.

Það er því kannski tímabært að minna okkur á orð þýsk-bandaríska hagfræðingsins Rüdigers Dornbusch: „Enginn bati eftir stríð hefur dáið á sóttarsæng úr elli – Seðlabankinn hefur myrt þá alla.“

# Afslættir veittir af öryggi starfsmanna á uppgangstíma í þjóðfélaginu



**Hin hliðin**

Herdís Sigurjónsdóttir
framkvæmdastjóri Viðbragð – ráðgjöf og greining

Áskoranir atvinnulífsins í öryggismálum var yfirskrift forvarnaráðstefnu Vinnueftirlitsins og VÍS sem ég sat fyrir skemmstu. Þegar ég leit yfir troðfullan sal af stærri gerðinni, fylltist ég öryggiskennd og hugsaði með mér að nú væri þetta loksins að koma. Margt hefur áunnist í öryggismálum en þó virðist okkur Íslendingum enn vera of tamt að gefa afslátt af öryggisreglum, ekki síst þegar mikið liggur við. Ástæður þess eru rannsóknarefni, en mögulega hefur baráttan við óblíð náttúruöfl í landi elds og ísa mótað okkur. Hefðin í samfélaginu er að bretta upp ermar og redda hlutunum í snarhasti, hver með sínu nefi. Kapp er kostur! Þetta styðja niðurstöður rannsóknar um orsakir vinnuslysa. Þar kom fram að stjórnendur töldu helstu ástæður vinnuslysa vera þær, að starfsmenn væru að stytta sér leið, að ekki væri farið eftir settum reglum og kæruleysi.

Tölur sýna að þegar hagsveiflan er upp á við fjölgar vinnuslysum og eru ástæður meðal annars aukið kapp og fleira óþjálfað starfsfólk við störf. Fátt er fyrirtækjum dýrara en einmitt óunnir vinnudagar af völdum vinnuslysa sem hægt hefði verið að fyrirbyggja með skýrum vinnuferlum og öryggisþjálfun. Staðreyndin er nefnilega sú að slysin gera yfirleitt boð á undan sér!

Það er mikilvægt að greina hættur í umhverfinu til að fyrirbyggja óhöpp, enda hefur það keðjuverkandi áhrif ef rekstur stöðvast. Öryggismenning þarf að vera hluti af fyrirtækjamenningunni og þurfa stjórnendur að draga vagninn til að það takist. Stefnur fyrirtækja um öryggi og velferð eru nefnilega ekki settar til skrauts heldur til að tryggja öryggi starfsmanna og rekstur fyrirtækisins.

Það er bein fylgni á milli rekstrarárangurs og öryggis í vinnuumhverfi. Beinn sparnaður felst meðal annars í færri fjarvistardögum og minni kostnaði vegna miska. Óbeinn ávinningur felst í aukinni framleiðni vegna einfaldari og öruggari vinnuferla, meiri starfsánægju og minni starfsmannaveltu.

Jákvæðu fréttirnar fyrir íslenskt atvinnulíf eru þær að vaxandi vitund er meðal fyrirtækja og opinberra aðila á Íslandi um mikilvægi öryggismála. Fleiri stjórnendur hafa áttað sig á ábyrgð sinni og mikilvægi þess að fá starfsmenn til liðs við sig til að tryggja órofinn rekstur og að allir skili sér heilir heim að vinnudegi loknum.



Þrjú hundruð störf flytjast til Indlands þar sem launakostnaður er mun lægri en í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# RBS segir upp þúsund starfsmönnum

The Royal Bank of Scotland mun á næstu misserum segja upp þúsund starfsmönnum samkvæmt heimildum Financial Times. Bankinn mun vélvæða 550 störf og flytja þrjú hundruð störf til Indlands til að draga úr launakostnaði.

Í gær var greint frá því að 448 starfsmönnum á fjárfestingasviði yrði sagt upp vegna endurskipulagningar. Bankinn mun segja upp skrifstofustarfsmönnum og millistjórnendum á fyrirtækja- og stofnanasviði til þess að minnka deildina.

Breska ríkið á 73 prósenta hlut í bankanum eftir efnahagshrunið árið 2008, og hefur George Osborne, fjármálaráðherra Bretlands, ítrekað vilja breska ríkisins til að losa um eign sína í bankanum á hærra verði en núverandi gengi hlutabréfa.

Í staðinn fyrir þessi 448 störf mun RBS skapa þrjú hundruð svipuð stöðugildi á Indlandi, þar sem bankinn er nú þegar með starfsemi, til að draga úr launakostnaði. Bankinn mun svo fækka þeim störfum á komandi árum.

Fyrir nokkrum dögum tilkynnti bankinn að fjárfestingaráðgjafasvið yrði minnkað og 550 ráðgjöfum sagt upp. Í staðinn munu tækninýjungar verða nýttar til þess að veita viðskiptavinum með minni viðskipti við bankann ráðgjöf. – sg


Veitingahúsnæði á Laugavegi til sölu

Tilboð óskast

Til sölu veitingarhúsnæði á Laugaveginum, alls 125fm með geymsluhúsnæði. Húsnæðið er í útleigu í dag en gæti losnað fljótlega.

Áhugasamir hafi samband við Völu Hauksdóttur, aðstoðarmaður fasteignasala á netfangið vala@eignahusid.is eða í síma 690 6590 til að afla frekari upplýsinga.

EIGNAHÚSIÐ

Jóhann M. Ólafsson, löggiltur fasteignasali
Sími: 566 8866 | www.eignahusid.is
Hlíðasmári 6, 6h | 201 Kópavogur






Betri stjórnun betri fyrirtæki



Ráðstefna í Hörpu 6.apríl 2016

Lean Ísland er stærsta stjórnendaráðstefnan hér á landi. Þar færðu að heyra það helsta úr heimi stjórnunar hvort sem um er að ræða straumlínustjórnun, gæðastjórnun, breytingastjónrun eða ferlastýringu svo dæmi séu tekin.

Skráning er hafin á:
www.leanisland.is

Hvort sem þú ert í þjónustu eða framleiðslu, stjórnandi eða sérfræðingur, byrjandi eða lengra komin, í banka eða opinbera geiranum, að þá finnur þú eitthvað við þitt hæfi á Lean Ísland ráðstefnunni og námskeiðum í Lean Ísland vikunni.

Fyrirlesarar koma víða að, m.a. frá Goodyear Tire, Spotify, Nike, Christleton High School, QuizUp, LNS Saga, Arion banka og fleiri.

Gull samstarfsaðilar: ÖSSUR ICELANDAIR

Silfur samstarfsaðilar: ON ORKA NÁTTÚRUNNAR AZAZO capacent

Lean ÍSLAND 2016

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 16.mars 2016


**Íslenska úrvalsvísitalan**
1.913,00 23,38
▲(1,2%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

## 89

**ÞÚSUND TONNA FISKAFLI**

Heildarafli íslenskra fiskiskipa í febrúar 2016 var tæp 89 þúsund tonn, sem er 60 prósentum minni afli en í febrúar 2015. Samkvæmt tölum Hagstofunnar jókst botnfiskafli um 19 prósent en uppsjávarafli dróst saman um 78 prósent, úr 182 þúsund tonnum í 39 þúsund tonn.

## 10,7

**MILLJARÐA NEIKVÆÐ AFKOMA**

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 10,7 milljarða króna árið 2015 eða 0,5 prósent af landsframleiðslu árið 2015. Til samanburðar var afkoman neikvæð um 1,2 milljarða króna árið 2014 eða 0,1 prósent af landsframleiðslu, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

**15.3. 2016**



**Ef maður sækist ekki beinlínis eftir því að lífeyrissjóðir eigi hvorutveggja 40 prósent af skráðum félögum og fjármálafyrirtækin í landinu þá er nú alveg augljóst að það er ekki eitthvert áhlaupsverk að selja svona stóra og mikla banka.**

Bjarni Benediktsson,
fjármála- og efnahagsráðherra

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Björgunaraðgerðir Landsbankans

**Bankasýslan** hefur skilað áliti sínu á sölu Landsbankans á hlut sínum í Borgun. Samkvæmt nýlegu verðmati var hluturinn seldur á einungis fjórðungi markaðsvirðis, og því ljóst að Landsbankinn varð af fjórum til sex milljörðum króna vegna viðskiptanna. Ekki er um neinn ánægjulestur að ræða fyrir Landsbankamenn en Bankasýslan kemst að þeirri niðurstöðu að rökstuðningur Landsbankans fyrir sölunni hafi verið ófullnægjandi, bankinn hafi ofmetið þrýsting frá Samkeppniseftirlitinu um að selja hlutinn auk þess sem verklagi við söluna hafi verið ábótavant.

**Auðvelt er að taka** undir þessa gagnrýni fyrir þá sem til málsins þekkja. Hvers vegna var annars enginn fyrirvari gerður vegna valréttar Borgunar í tengslum við sameiningu Visa Europe og Visa International, líkt og Landsbankinn gerði sannanlega við söluna á Valitor? Hvernig má líka vera að Landsbankinn hafi enga tilraun gert til að kynna sér starfsemi Borgunar, þar á meðal tilvist valréttarins, jafnvel þótt þeir hafi haft fullan aðgang að svokölluðu gagnaherbergi til jafns við kaupendur? Afsakanir um að Landsbankinn hafi ekki verið virkur hluthafi eru haldlitlar í þessu samhengi. Þeim láðist einfaldlega að vinna vinnuna sína. Það er ekki refsivert eða sérstaklega ámælisvert að tapa peningum. Viðskipti eru einfaldlega þess eðlis að hættan á slíku er alltaf fyrir hendi. Vogun vinnur, vogun tapar. Hins vegar er ámælisvert að vinna ekki vinnuna sína.

**Borgunarmálið** hefur þegar haft ýmiss konar áhrif. Fyrir það fyrsta þá hefur það sýnt sig að fjölmiðlar fylgjast með starfsemi fyrirtækja í landinu, þótt þeir eigi það til að einblína á furðulegustu hluti. Í þessu tilviki, rétt eins og í Símamálinu, verður hins vegar ekki annað sagt en að blaðamenn hafi staðið vaktina. Málið hefur einnig orðið til þess að Landsbankinn hefur breytt verklagi sínu vegna sölu á eignarhlutum í félögum sem framvegis skal fara fram fyrir opnum tjöldum.

**Stærstu afleiðingarnar** eru hins vegar þær, eins og fjármálaráðherra hefur bent á, að orðspor Landsbankans hefur beðið hnekki. Slíkt er ekki til þess fallið að auka verðmæti banka sem til stendur að selja. Bankasýslan kallaði eftir því að bankinn gripi til frekari aðgerða til að laga orðspor sitt. Ekki er seinna vænna ef bjarga á verðmætum skattgreiðenda, sem eiga jú óbeinan hlut í Landsbankanum.


ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

OPIN RÁÐSTEFNA Í TENGSLUM VIÐ AÐALFUND SVÞ

HVAÐ HEFUR ÖRVANDI ÁHRIF Á KAUPHEGÐUN?

FIMMTUDAGINN 17. MARS KL. 14-16
Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA

DAGSKRÁ

- Ávarp
  Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
- Einkarekstur eða opinber rekstur?
  – Hugarfarsbreytingar er þörf
  Margrét Sanders, formaður SVÞ
- Shopper Marketing & Shopper Centricity
  Ken Hughes, margverðlaunaður fyrirlesari um kauphegðun
- Uppistand: Ari Eldjárn

Veitingar í boði




Ken Hughes
Einn helsti sérfræðingur heims í neytenda- og kaupheggðun leitar svara í neytendasálfræði, mannfræði, hagfræði og markaðsfræði við spurningum sem lengi hafa brunnið á honum: Hvað fær neytendur til að kaupa og hvernig er hægt að fá þá til að kaupa meira?


Bjarni Benediktsson


Margrét Sanders


Ari Eldjárn

Skráning á svth.is

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Kaplaskjólsvegur 37. 3ja herbergja íbúð

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Góð 89,6 fm. íbúð á 2. hæð í nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi við Kaplaskjólsveg. Nýlegt gler og gluggar eru í íbúðinni. Samliggjandi stofur með rennihurð á milli. Tvö herbergi. Svalir til suðurs. Lóð var endurnýjuð árið 2015. **Verð 34,9 millj. Verið velkomin**

### Lindarflöt 42 - Garðabæ

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel staðsett 197,0 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 57,0 fm. bílskúr við Lindarflöt í Garðabæ. Húsið er í nokkuð góðu ástandi, en þarfnast þó einhverrar endurnýjunar. Rúmgóðar samliggjandi stofur með útgengi á viðarverönd til suðurs. Fjögur herbergi. Góð staðsetning þaðan sem stutt er í skóla og íþróttasvæði.
**Verð 59,9 millj. Verið velkomin.**

## Áshildarvegur





Tvær lóðir í landi Kílhrauns á Skeiðum, samtals 1,6 ha

15 fm gestahús ásamt 5 fm smáhýsi og 5 fm geymslu á annari lóðinni.

Kalt vatn og þriggja fasa rafmagn

Töluverður gróður á landi, stór og mikill pallur við hús.

Tilvalið fyrir þá sem vilja njóta þess að vera á staðnum meðan stórt hús væri í smíðum.

Umræða um heitt vatn á svæðinu er hafin.

Verð: **9,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

## Tjarnarlaut
### Þingvellir





Tvílyft 164 fm bjálkahús með bílskúr í landi Nesja.

Byggt af fagmennsku og vandvirkni.

Stórglæsilegt útsýni yfir Þingvallavatn

Efri hæð m tveimur svefnherbergjum, stórri stofu og eldhús

Neðri hæð með aukaíbúð.

Heitur pottur

**Óskað er eftir tilboðum**



Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

## Skúlagata 40



Falleg og vel skipulögð íbúð á 7. hæð í góðu húsi fyrir eldri borgara við Skúlagötu 40.

101 fm 3 herbergja

Stæði í bílageymslu

Suðursvalir - Góð staðsetning

Stutt í alla helstu þjónustu

Verð: **44,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

## Steinás 1



Glæsilegt og vandað einbýlishús á einni hæð með glæsilegum garði við Steinás í Garðabæ

5 herbergja 217 fm
Tvöfaldur bílskúr
Glæsilegur garður með palli og heitum potti
Vel skipulögð eign á einni hæð þar sem vandað hefur verið til verka á við góða götu í Ásahverfinu í Garðabæ

Verð: **95,0 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**




## tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Bæjarflöt 9-11/Gylfaflöt 15-17

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. febrúar 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 18. febrúar 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar vegna lóðanna nr. 9-11 við Bæjarflöt og 15-17 við Gylfaflöt. Í breytingunni felst að byggt verði athafnahúsnæði á lóðunum þar sem áður var gert ráð fyrir bílastæði fyrir stóra bíla. Þá er gert ráð fyrir göngustíg meðfram lóðum á milli Bæjarflatar og Gylfaflatar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Sturlugata 5

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. febrúar 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 3. mars 2106 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands vegna lóðarinnar nr. 5 við Sturlugötu. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar til norðurs og suðurs og fella niður hringtorg sem sýnt er á mörkum Sæmundargötu og Sturlugötu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 16. mars 2016 til og með 27. apríl 2016. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 27. apríl 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 16. mars 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

**Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is**

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Jónsdóttir**
Gullengi 5,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 8. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks lungnadeildar A6 á Borgarspítala og líknardeildarinnar í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og alúð. Samheldinni fjölskyldu er þakkað fyrir ómetanlega aðstoð á erfiðum tíma.

**Sigurjón Einarsson**
**Jóna Björk Sigurjónsdóttir Kristín Jóhanna Úlfarsdóttir**
**Einar Sigurjónsson Halldóra Inga Ingileifsdóttir**
**Linda Sigurjónsdóttir Heiðar Örn Kristjánsson**
**barnabörn, barnabarnabarn og aðrir ættingjar.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Karlsdóttir**
áður Sunnubraut 3, Vík í Mýrdal,

lést á hjúkrunarheimilinu Hjallatúni, Vík í Mýrdal, mánudaginn 14. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Oddný Runólfsdóttir**
**Karl Runólfsson Lára Jóna Jónasdóttir**
**Sæmundur Runólfsson Kristín Svavarsdóttir**
**Runólfur Þór Runólfsson Guðjóna Eygló Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



✝

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug, vináttu og samúð við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og systur,

**Pálínu Ernu Ólafsdóttur**

Munum þá sem gleyma.

**Halla Dröfn Þorsteinsdóttir Sigurjón Þ. Guðmundsson**
**Ásta Ingibjörg Þorsteinsdóttir Róbert Grímur Grímsson**
**Sigurður Óli Þorsteinsson Monika Radowska**
**Erna, Grímur, Grettir, Ísak, Nína, Hilmir, Huginn**
**og systkini hinnar látnu.**



✝

**Herborg Aðalbjörg Herbjörnsdóttir**
(Ebba)
Vættagili 11, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 11. mars sl. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 18. mars kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir. Látum minninguna lifa hjá líknarfélögum.

**Jakob Kárason**
**Björn Halldór Sveinsson Kristín Hrönn Hafþórsdóttir**
**Birgir Örn Sveinsson Svala Jóhannsdóttir**
**og ömmubörn.**



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför móður okkar,

**Ástríðar Ingvarsdóttur**
Brúnavegi 9,
áður Ásholti 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar H1 Hrafnistu Reykjavík fyrir einstaklega góða umönnun.

**Ingibjörg og Ragnheiður Kristjánsdætur**
**og fjölskyldur.**

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, fimmtudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í fimmtudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.**

# Verð að vita eitthvað sjálfur

## Ævar Þór Benediktsson vísindamaður er vel þekktur fyrir að geta miðlað flóknum hlutum til barna á upplýsandi hátt. Hann verður fyrsti talsmaður UNICEF-hreyfingarinnar.

„Ég er spenntur fyrir þessu nýja starfi en aðallega þó upp með mér yfir að UNICEF skyldi hafa samband við mig“ segir Ævar Þór Benediktsson,“ vel þekktur sem Ævar vísindamaður sem verður talsmaður UNICEF-hreyfingarinnar í ár. Hann ætlar að hjálpa til við að fræða börn um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og auka skilning þeirra á því hvernig réttindi barna hafa tengingu við daglegt líf þeirra.

Ævar kveðst ekkert endilega hafa verið á lausu en ákveðið að búa til tíma fyrir þetta verkefni. „Ég er aðallega að skrifa bækur og gera útvarps- og sjónvarpsþætti og finn bara auka klukkutíma til að geta lagt þessu málefni lið. UNICEF-hreyfingin skiptir miklu máli og þá bara forgangsraðar maður,“ segir hann ákveðinn. „Ég er búinn að vera á nokkrum undirbúningsfundum með starfsfólki UNICEF. Við erum með alls konar hugmyndir í gangi til að finna út hvernig ég nýtist sem best og svo fer boltinn hratt af stað þegar við byrjum.“

Í ár verður sérstök áhersla lögð á Sýrland og Ævar ætlar að miðla til barnanna ýmsum staðreyndum um Sýrland, stríðið og áhrif þess á börn. Þegar hann hefst handa kveðst hann nálgast verkefnið eins og þegar hann er að vinna þættina sína. „Ég byrja á að safna upplýsingum og skoða hvað skiptir máli, hvað verður að koma fram og hvernig ég get matreitt það þannig að það veki athygli og skilji eitthvað eftir í huga fólks.“

En ætlar hann að fara út á mörkina eða bara nota miðlana? „Ég mun nýta allt sem ég get og örugglega leika mér eitthvað með miðlana, þannig náum við flestum.“ Spurður hvort hann verði nokkuð sendur til Sýrlands svarar Ævar: „Sú hugmynd hefur ekki komið upp. En það fylgir þessu verkefni að kafa ofan í málefni þess heimshluta því ef ég ætla að fræða fólk verð ég að vita eitthvað sjálfur og mér er ljúft og skylt að gera mitt besta í þeim efnum.“ **gun@frettabladid.is**



**„Ég byrja á að safna upplýsingum og skoða hvað skiptir máli, hvað verður að koma fram og hvernig ég get matreitt það þannig að það veki athygli og skilji eitthvað eftir í huga fólks,“ segir Ævar Þór.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



✝

Elskulegi faðir okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

**Valentínus Guðmundsson**
Hrafnistu, Boðaþingi 5-7, Kópavogi,

sem lést þriðjudaginn 1. mars, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju föstudaginn 18. mars kl. 13.00. Innilegar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Boðaþingi fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Katrín Valentínusdóttir Ólafur Magnússon**
**Hrönn Valentínusdóttir Guðjón Ágústsson**
**Ingibjörg Valentínusd. Darrel John Brittain**
**Hafþór Valentínusson Jude Respondo Valentinusson**
**Valþór Valentínusson Aðalheiður Björgvinsdóttir**
**Garðar Valentínusson Sarah Valentinusson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og vinur,

**Gunnar Magnússon**
skipstjóri,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 13. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Baldur Gunnarsson Edda Karen Haraldsd.**
**Guðrún S. Gunnarsdóttir Hilmar Sigvaldason**
**Gunnhildur Ó. Gunnarsdóttir Guðmundur Arnaldsson**
**Magnús B. Gunnarsson**
**Stefanía S. Gunnarsdóttir Kristján J. Ágústsson**
**Gunnar M. Gunnarsson Guðrún H. Eiríksdóttir**
**Marta K. Halldórsdóttir**
**Pétur S. Gunnarsson Aðalheiður Pálmadóttir**
**Svanhildur Snæbjörnsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Okkar ástkæra

**Fanney Halldórsdóttir**
frá Syðri-Steinsmýri í Meðallandi

lést þann 8. mars á hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag, miðvikudaginn 16. mars, kl. 11.00.

**Ísleifur Vilhjálmsson**
**Elsa Dóra Grétarsdóttir Birgir Ottósson**
**Sigþór Grétarsson Anita Henriksen**
**Jón Þór Grímsson Sigurlaug Guðmundsdóttir**
**Inga Lára Ísleifsdóttir Karl V. Brandsson**
**Bjarney Katrín Ísleifsdóttir Halldór Guðmundsson**
**Ágústa Karla Ísleifsdóttir**
**Ægir Ísleifsson Sara Heimisdóttir**
**Jökull Ísleifsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær frænka okkar,

**Ása Sigurðardóttir**
frá Hjalla í Ölfusi,
áður til heimilis að Háteigsvegi 40, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum 11. mars síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 18. mars kl. 13.00.

**Systkinabörn.**



✝

**Laufey Heiðbjört Helgadóttir**
frá Grímsstöðum við Mývatn

andaðist í Brákarhlíð í Borgarnesi föstudaginn 11. mars. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju miðvikudaginn 23. mars kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir.

**Ella og Dísa Steingrímsdætur**
**og Kristinn Eldjárnsson**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Helga Sigurðardóttir**
áður húsmóðir að Foss-seli, Hrútafirði og Hlíðarvegi 17, Hvammstanga,

andaðist laugardaginn 5. mars á hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 18. mars kl. 13.00.

**Ragnheiður E. Jónsdóttir Þorvaldur Örn Árnason**
**Kristrún Ólöf Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Gestsdóttir**

lést þann 5. mars síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Skarphéðinn Njálsson**
**Gestur Skarphéðinsson Fanney Ásgeirsdóttir**
**Guðrún Signý Gestsdóttir Guðjón Máni Ívarsson**
**Erla Gestsdóttir Helga Magnea Gestsdóttir**

JÁ IÐNAÐARMENN
VIÐHALD FASTEIGNA

**Vegna mikilla anna þá vantar okkur**
**Byggingatæknifræðing**
**Byggingaverkfræðing**
**Húsasmíðameistara**

Áhugasamir senda umsókn á
**johann@2b.is**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

INHOPE insafe SAFT

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. mars 2016, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. mars 2016 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. mars 2016, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.
Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

***Reykjavík, 16. mars 2016***

| | | |
|---|---|---|
| Tollstjóri | Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra | Sýslumaðurinn á Suðurlandi |
| Sýslumaðurinn á Vesturlandi | Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra | Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum |
| Sýslumaðurinn á Vestfjörðum | Sýslumaðurinn á Austurlandi | Sýslumaðurinn á Suðurnesjum |

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

Stofnað 1983
HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Sími 520 7500

Magnús Emilsson lögg. fasteignasali
Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali
Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali.
Helgi Jón Harðarson sölustjóri
Hilmar Þór Bryde sölumaður
Þorbjörn Helgi Þórðarson sölumaður
Hlynur Halldórsson sölumaður
Valgerður Ása Gissurardóttir lögg. fasteignasali



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Í dag er útlit fyrir minnkandi sunnan- og suðaustanátt. Bjartviðri víða á norðan- og austanverðu landinu en skýjað og dálítil súld sunnan- og vestantil. Það er fremur hlýtt á landinu, og hiti víða 5 til 12 stig, hlýjast norðaustantil.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 1° | 2° |
| ↖7 | ↗8 | ↗3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 4° | -1° |
| ↑3 | ↙3 | ↑5 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 2° | 2° |
| ↖6 | ↗9 | ↗8 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 6° | 4° | 1° |
| ↗2 | →2 | ↑12 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. spjall
6. rún
8. fley
9. skyggni
11. ullarflóki
12. óróleg
14. rófa
16. tveir eins
17. af
18. drulla
20. pfn.
21. könnun

**LÓÐRÉTT**
1. íþrótt
3. frá
4. trjátegund
5. steinbogi
7. starfræksla
10. kusk
13. skarð
15. rótartauga
16. skaði
19. kyrrð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** úr, **8.** far, **9.** dær, **11.** rú, **12.** ókyrr, **14.** skott, **16.** tt, **17.** frá, **18.** aur, **20.** ég, **21.** próf. **LÓÐRÉTT: 1.** júdó, **3.** af, **4.** barrtré, **5.** brú, **7.** rekstur, **10.** ryk, **13.** rof, **15.** tága, **16.** tap, **19.** ró.

### Skák Gunnar Björnsson

Einar Valdimarsson (2.029) átti leik gegn Tómasi Björnssyni (2.175) á GAMMA Reykjavíkurskákmótinu.

Hvítur á leik



**28. Df7! Da6** (28. ... Hxf7 29. Hxg8+ Hf8 30. Hxf8#) **29. Hxg8** og Tómas gafst upp. Einar hefur átt mjög gott Reykjavíkurskákmót. Lokaumferð mótsins hefst í dag kl. 11.

**www.skak.is:** Allt um Reykjavíkurskákmótið

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | | | 3 | | 7 |
| | 2 | 4 | 7 | | | | | 6 |
| | 7 | | 4 | | | | 1 | |
| | | 6 | | | 7 | 2 | | |
| | 9 | 7 | | | 2 | | 6 | |
| | 3 | 8 | 1 | 6 | | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| 3 | 6 | 1 | | 4 | | 5 | | |
| | 5 | | 3 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | | 8 | | | | |
| | | | | | 2 | 4 | | |
| | | | | | | | 5 | 9 |
| 3 | 8 | | 7 | 5 | | 2 | | |
| | | | 9 | | 1 | 5 | | 8 |
| 6 | | | | 2 | | | | |
| | 3 | | 6 | | | | 4 | |
| 7 | 2 | | 1 | | 9 | | | |
| 5 | | | | | | | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 9 | | | | 8 | | 5 |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| | 5 | 7 | | | | | 1 | 3 |
| | | | | 4 | 6 | | | 9 |
| | 3 | | 9 | | | | | 1 |
| | | 2 | | 5 | | | | |
| 8 | | | | 7 | 2 | | | |
| | 1 | | | | | | | |
| | 9 | 3 | | | | 2 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 3 | 4 | 2 | 8 | 9 | 1 | 7 |
| 8 | 7 | 4 | 3 | 9 | 1 | 6 | 2 | 5 |
| 9 | 1 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 | 3 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 7 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 6 | 9 | 2 | 4 | 3 |
| 6 | 3 | 5 | 9 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 9 | 7 | 2 | 8 | 3 | 5 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 3 | 9 | 2 | 4 | 1 | 7 | 5 |
| 4 | 7 | 2 | 1 | 5 | 8 | 9 | 6 | 3 |
| 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 | 4 | 8 | 2 |
| 5 | 9 | 7 | 4 | 1 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 1 | 4 | 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 |
| 3 | 2 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 | 1 | 4 |
| 7 | 3 | 8 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 1 |
| 9 | 4 | 5 | 2 | 7 | 1 | 8 | 3 | 6 |
| 2 | 6 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 7 | 2 | 5 | 3 | 1 | 9 | 4 |
| 3 | 4 | 1 | 9 | 7 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 | 3 | 8 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 8 | 7 | 6 | 4 | 2 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 1 | 2 | 3 | 7 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 |
| 7 | 3 | 4 | 5 | 1 | 2 | 9 | 8 | 6 |
| 9 | 6 | 5 | 8 | 3 | 7 | 2 | 4 | 1 |
| 2 | 1 | 8 | 6 | 9 | 4 | 5 | 7 | 3 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Allt fyrir veisluna

Stórkaup býður upp á fjölbreytt úrval af tilbúnum réttum á veisluborðið. Einfalt að bera fram!



**Butterfly rækjur**
60stk í pakka -1kg
**2.999kr/pk**



**Kjúklingaspjót, Satay**
50stk í pakka -1,5kg
**5.799kr/pk**



**Piccolinis smápizzur**
3 teg 40stk í pakka
**1.999kr/pk**



**Mini Springrolls**
60stk í pakka -900 gr
**699kr/pk**



**Vatnsdeigsbollur, fylltar**
80stk í pakka -1kg
**1.099kr/pk**



**Mini Brownies**
96stk í pakka
**1.999kr/pk**

## allir velkomnir

**STÓRKAUP**
BIRGÐAVERSLUN

Faxafen 8 • Sími 567 9585 • www.storkaup.is • storkaup@storkaup.is

# Nær að nefna hátíðina eftir norðurljósunum

**Tónleikar og námskeið verða aðaluppistaða alþjóðlegu gítarhátíðarinnar Midnight Sun Guitar Festival sem haldin verður í Sölvhóli 17. til 20. mars.**



Ögmundur Þór í yfirgefinni verksmiðju í Berlín, þar sem þessi rauði sófi hafði verið skilinn eftir. MYND/RUT SIGURÐARDÓTTIR

„Helstu markmiðin með hátíðinni eru að kynna klassíska gítarinn hjá nýjum markhópi, efla kunnáttu hjá nemendum og koma Íslandi á kortið á alþjóðlega gítarmarkaðinum,“ segir Ögmundur Þór Jóhannesson, annar listrænna stjórnenda Midnight Sun Guitar Festival sem haldin er í fjórða sinn hér á landi á næstu dögum.

Hátíðin er haldin í samstarfi við Listaháskóla Íslands og fer fram í salnum Sölvhóli að Sölvhólsgötu 13. Auk Ögmundar halda hin þýska Yvonne Zehner og Spánverjinn Tomás Campos Crespo þar tónleika og síðasta kvöldið verða galatónleikar þar sem nemendur og listamenn hátíðarinnar koma fram.

Ögmundur grínast með að auðvitað hefði verið nær að nefna hátíðina eftir norðurljósunum að þessu sinni vegna árstímans en hitt nafnið hafi þegar fest í sessi. „Fyrri hátíðir hafa verið haldnar að sumri til en þá reyndist erfitt að ná saman nemendum, þeir voru komnir í garðvinnu og búnir að brjóta á sér neglurnar!“ útskýrir hann.

> **FYRRI HÁTÍÐIR HAFA VERIÐ HALDNAR AÐ SUMRI TIL EN ÞÁ REYNDIST ERFITT AÐ NÁ SAMAN NEMENDUM, ÞEIR VORU KOMNIR Í GARÐVINNU OG BÚNIR AÐ BRJÓTA Á SÉR NEGLURNAR!**

Nemendur og kennarar í klassískum gítarleik eru mun færri en þeir sem eru kringum rafmagnsgítarinn, að sögn Ögmundar sem finnst að samheldni milli þeirra mætti vera meiri. „En það skapast mikil tengsl og félagslíf á svona gítarhátíðum,“ segir hann og talar af reynslu því hann hefur komið fram á mörgum slíkum, meðal annars í Malasíu, Víetnam, Indónesíu, Kína og Rússlandi og er boðinn á tvær í Þýskalandi á þessu ári og fræga Shengyang-hátíð í Kína. „Ég kem fram sem listamaður, spila fyrir fólkið og kenni gítarleik, sviðsframkomu, undirbúning og skipulagningu æfingartíma,“ lýsir hann.

Ögmundur vinnur aðallega í Asíu, en kveðst hafa verið á flakki eins og sígauni í þrjú ár. Í Asíu rekur hann fyrirtækið Global Gitar Institute, ásamt samstarfsmanni í Þýskalandi. Starfið snýst um að efla áhuga á klassískum gítarleik og auðvelda hæfileikaríkum nemendum í Asíu að komast í nám til Evrópu og ná í innblástur þangað sem þessi listgrein á rætur sínar að rekja. Einnig að skipuleggja menningarferðir til Evrópu í bland við námskeiðahald. „Það má segja að markmiðið sé alls staðar svipað og með gítarhátíðunum hér, að stækka markhópinn og styðja við þá sem eru nú þegar í klassískum gítarleik, bæði nemendum og kennara.“

**gun@frettabladid.is**




# Enn ein nasistamyndin

**KVIKMYNDIR**

**13 Minutes**
★★☆☆☆

**Leikstjóri:** Oliver Hirschbiegel
**Handrit:** Léonie-Claire Breinersdorfer og Fred Breinersdorfer
**Aðalleikarar:** Christian Friedel, Katharina Schüttler, Burghart Klaussner og Johann Von Bülow.



Opnunarmynd Þýskra daga þetta árið er 13 Minutes (Elser á frummálinu) eftir Oliver Hirschbiegel en hann er líklega þekktastur fyrir mynd sína Der Untergang sem fjallar um síðustu daga Hitlers. Eftir smá útúrdúr í Hollywood er hann kominn aftur til heimalandsins og á svipuðum slóðum og í Der Untergang.

13 Minutes segir frá George Elser nokkrum sem er lítt þekktur í mannkynssögunni (utan Þýskalands a.m.k.) þrátt fyrir að hafa gert tilraun til að ráða sjálfan Hitler af dögum og það í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar. Myndin byrjar á því að Elser er gripinn glóðvolgur af nasistunum og síðan er farið aftur í tímann og við kynnumst sögu Elser og aðdragandanum að tilræðinu. Þetta er sannarlega safaríkt viðfangsefni og myndin er líka ágætis innsýn í lífið í Þýskalandi nasismans áður en seinni heimsstyrjöldin braust út, eitthvað sem hefur í raun frekar lítið sést í kvikmyndum. Hér koma gyðingar lítið við sögu enda voru þeir alls ekki einu fórnarlömbin og kominn tími á að kynnast fleiri fórnarlömbum.

En þrátt fyrir þetta safaríka viðfangsefni nær 13 Minutes aldrei almennilegu flugi þar sem hún er í raun frekar hefðbundin. Myndin er mjög áferðarfalleg, fagmannlega gerð tæknilega og mjög vel leikin, Christian Friedel er t.d. frekar magnaður í aðalhlutverkinu. En það er bara alls ekki nóg þar sem matreiðslan á efninu er einkar klisjukennd og andlaus.

Hér kemur lítið á óvart og allt er á yfirborðinu. Myndin spilar sig sem djúpa en í raun er allt útskýrt, hlutirnir yfirleitt sagðir berum orðum og fátt fer á milli mála. Flestallt sem er gert hérna hefur verið gert áður og betur. Myndin er flott en karakterlaus, stílhrein en óeftirminnileg. Uppbyggingin er líka alls ekki nógu sterk þar sem byggt er upp á hlutum sem eru augljósir frá upphafi.

13 Minutes nær þó að halda athygli manns mestallan tímann, þar sem efnið er það athyglisvert að erfitt væri að gera leiðinlega mynd úr því. Þetta virkar svosem sem hrein afþreying. En hún ætlar sér stærri hluti en það en tekst það bara hreint ekki. Það hefði verið hægt að gera mun betri mynd úr þessu efni.

13 Minutes er ein af þessum myndum sem virðast vera mun betri en þær eru. Hún nær að blekkja mann í smástund og byrjar vel en fljótt kemur í ljós að þetta er bara enn ein nasistamyndin. Hitler var vondur og nasistarnir voru flestir heilaþvegnir, þetta ristir í raun ekki mikið dýpra en það. Líklega er málið að myndin er að reyna að segja of mikið, fer yfir mörg ár í ævi Elser og reynir að skýra bæði nasistana, andspyrnuna og sjálfan Elser sem og einkalíf hans. Kannski fer það Hirschbiegel betur að einfalda hlutina, eins og í Der Untergang sem gerðist á nokkrum dögum og fjallaði bara um nasistana.

**Atli Sigurjónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Myndin er mjög fagmannlega gerð og stórvel leikin en í grunninn er þetta bara enn ein nasistamyndin og gerir lítið sem hefur ekki verið gert áður og betur.


17
2017
VIÐ BJÓÐUM
Morgunverð
ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN
kl. 8-11
Morgunverð
KR. 7.710
ALMENNT VERÐ 10.950
GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA Í EINKAEIGN
IS MA 123
"MORGUNVERÐ" GILDA 7.-24. MARS
ALLA VIRKA DAGA KL. 08:00 TIL 11:00.
ATH. MORGUNVERÐ ERU EINUNGIS Í BOÐI Á EFTIRFARANDI SKOÐUNARSTÖÐUM FRUMHERJA
REYKJAVÍK
Hesthálsi 6-8, 110 Reykjavík
Grandi, Hólmaslóð 2, 104 Rvk.
Sund, Klettagörðum 11, 104 Rvk.
Skeifan, Grensásvegi 7, bakhús, 108 Rvk.
HAFNARFJÖRÐUR
Dalshrauni 5, 220 Hafnarfjörður
AKUREYRI
Frostagötu 3a. 603 Akureyri
KÓPAVOGUR
Dalvegi 22, 200 Kópavogur
KOMDU TIL OKKAR Í "MORGUNVERÐ" Á MILLI KL. 8-11 Á MORGNANA OG LÁTTU SKOÐA BÍLINN FYRIR KR. 7.710. Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR, ÞÁ BJÓÐUM VIÐ UPP Á " MORGUNMAT" NÝ RÚNSTYKKI OG GÆÐA KAFFI.
(GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST)
BIFREIÐASKOÐUN
Frumherji
Frumherji
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is
- örugg bifreiðaskoðun um allt land

SAMbíóin

GODS OF EGYPT – EIN ALLRA FLOTTASTA ÆVINTÝRAMYND ÁRSINS
LONDON HAS FALLEN
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR FROZEN OG BIG HERO 6 – ZOOTROPOLIS – Sýnd með íslensku og ensku tali
ÓSKARSVERÐLAUN – Besta leikkona í aðalhlutverki – Brie Larson – ROOM
ZOOLANDER No. 2

| SAMbíóin ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| GODS OF EGYPT | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| GODS OF EGYPT VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 8 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 6 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 |
| ZOOTROPOLIS ENSKT TAL 2D | KL. 8:20 |
| ROOM | KL. 8 - 10:40 |
| ZOOLANDER 2 | KL. 5:40 - 8 |
| HOW TO BE SINGLE | KL. 10:20 |
| DIRTY GRANDPA | KL. 10:40 |
| STAR WARS 2D | KL. 5 |

| SAMbíóin KRINGLUNNI – NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| GODS OF EGYPT | KL. 8 - 10:40 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| ROOM | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

| SAMbíóin EGILSHÖLL | |
|---|---|
| GODS OF EGYPT | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| ROOM | KL. 8 - 10:30 |
| ZOOLANDER 2 | KL. 5:40 - 8 |
| HOW TO BE SINGLE | KL. 10:20 |

| SAMbíóin KEFLAVÍK | |
|---|---|
| GODS OF EGYPT | KL. 8 - 10:40 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 10:10 |
| THE BROTHERS GRIMSBY | KL. 8 |

| SAMbíóin AKUREYRI | |
|---|---|
| GODS OF EGYPT | KL. 8 - 10:40 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 8 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 |
| ZOOLANDER 2 | KL. 5:40 |
| ROOM | KL. 10:10 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
REYKJAVÍK
MISSTU EKKI AF FYNDNUSTU MYND ÁRSINS – THE BROTHERS GRIMSBY
BORIS GODUNOV – Ópera eftir Mussorgsky – Háskólabíó 21. mars
KUNG FU PANDA 3 – FORSALA HAFIN
„ÍSLENSK LOVE ACTUALLY“ – fyrir framan annað fólk
DEADPOOL
SPOTLIGHT – BESTA MYNDIN
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁSBÍÓ – midi.is – Miðasala og nánari upplýsingar

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| REYKJAVÍK | 5:50 |
| BROTHERS GRIMSBY | 8, 10 |
| TRIPLE 9 | 8 |
| ZOOTROPOLIS 2D | 5:40 ÍSL.TAL |
| FYRIR FRAMAN ANNAÐ FÓLK | 5:50, 8, 10 |
| DEADPOOL | 10:25 |

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur



Hjördís Þorgeirsdóttir kynnir doktorsritgerð sína frá menntavísindasviði Háskóla Íslands og Háskólanum í Exeter í aðalbyggingu Háskóla Íslands í dag.

## 16. MARS 2016

### Tónlist

**Hvað?** Líttu inn í hádeginu - Hönd í hönd á jazz og klassík
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Einstakir tónleikar þar sem djass og klassík haldast hönd í hönd. Líflegt hádegi með Guðrúnu Birgisdóttur, Snorra Birgissyni, Óskari Kjartanssyni og Gunnari Hrafnssyni.

**Hvað?** Buff
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg

**Hvað?** Styrktartónleikar / Hetjan Björgvin Unnar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Austurbær, Snorrabraut
Björgvin Unnar Helguson fæddist þann 10. nóvember árið 2014 og er því 15 mánaða gamall. Vitað var áður en hann fæddist að hann yrði alvarlega veikur við fæðingu, m.a. vegna þindarslits og fylgikvilla vegna þess, og er Björgvin Unnar vegna veikindanna búinn að vera á spítala nánast síðan hann fæddist. Hann fór í sína fyrstu aðgerð á erlendu sjúkrahúsi aðeins vikugamall og hefur síðan þurft að fara í fleiri aðgerðir erlendis. Þessa dagana er hann staddur í Boston í rannsóknum með mæðrum sínum en Björgvin Unnar þarf stöðuga umönnun allan sólarhringinn. Á tónleikunum mun einvala lið listamanna stíga á svið. Þau sem koma fram eru Alda Dís, Ágústa Eva, Sigga Beinteins, Ljótu hálfvitarnir, Svavar Knútur og Eyvi. Kynnir verður Sóli Hólm. Miðaverð 2.500 krónur.

**Hvað?** Trúbadorarnir Biggi og Ingunn
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** American Bar

### Fundir

**Hvað?** Hjördís Þorgeirsdóttir kynnir doktorsritgerð sína frá menntavísindasviði Háskóla Íslands og Háskólanum í Exeter
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, aðalbygging
Rannsóknin fjallar um hvernig hægt er að tengja saman starfendarannsóknir og starfsemiskenninguna til að efla starfsþróun kennara á Íslandi.

**Hvað?** Tillaga stjórnarskrárnefndar um þjóðaratkvæðagreiðslur – Virk þátttaka almennings?
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, stofa 101, Lögberg
Í tillögum stjórnarskrárnefndar er m.a. lagt til að bætt verði við stjórnarskrá ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur. Tillögurnar eru aðgengilegar á stjornarskra.is. Þar kemur m.a. fram að fimmtán af hundraði kosningarbærra manna geta krafist þess að nýstaðfest lög frá Alþingi verði borin undir þjóðina í almennri, leynilegri og bindandi atkvæðagreiðslu. Til þess að hnekkja lögum eða ályktunum samkvæmt þessari grein þarf meiri hluti í þjóðaratkvæðagreiðslu, þó minnst fjórðungur kosningarbærra manna, að synja þeim samþykkis.

### Uppákomur

**Hvað?** The Meaning of Life
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Aðstandendur heimildarmyndarinnar „The Meaning of Life“ í leikstjórn Miguels Gonçalves Mendes efna til viðburðar með tónlistarmanninum Hilmari Erni Hilmarssyni og portúgalska metsöluhöfundinum Valter Hugo Mae í Kaldalónssal Hörpu. Hilmar Örn mun flytja tónlistarlega túlkun sína á síðustu bók höfundarins, „The Dehumanization“, ásamt eigin verkum. Einnig koma fram þeir Steindór Andersen og Sjón. Eftir að tónleikum lýkur verður útgáfu íslenskrar þýðingar „The Dehumanization“ fagnað og höfundurinn Valter Hugo Mae áritar bækur sínar.

**Hvað?** TEPPIÐ
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
TEPPIÐ er nýr viðburður á Tjarnarbarnum sem ætlað er að vera vettvangur fyrir list af ýmsu tagi, þar sem við kynnumst listamönnunum og heyrum sögurnar bak við lögin og ljóðin, njótum þess að vera saman og hlæja saman. Í þetta skiptið verða ljóð í fyrirrúmi, en hvorki fleiri né færri en 10 ljóðskáld munu koma fram. Þau eru: Tinna Sverris, Ragnheiður Harpa, Vigdís Howser, Ingi Vífill, Stefán Ingvar, Jenný Lára, Lommi (Jón Örn Loðmfjörð), Kristófer Páll Viðarsson, Eydís Blöndal og Valdimar Tómasson.




**TEPPIÐ er nýr viðburður á Tjarnarbarnum sem ætlað er að vera vettvangur fyrir list af ýmsu tagi, þar sem við kynnumst listamönnunum og heyrum sögurnar bak við lögin og ljóðin. Teppið fer fram í Tjarnarbíói í kvöld.**

BIO ★ PARADIS – HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Me and Kaminski – (Ich und Kaminski) ENG SUB | 17:30 |
| Anomalisa | 18:00 |
| The Look of Silence | 17:45 |
| We are young. we are strong. ENG SUB | 20:00 |
| The Witch / Nornin | 20:00, 22:15 |
| Son of Saul // Saul fia | 20:00 |
| Concussion | 22:00 |
| Carol | 22:15 |

ORMSSON

# Heitir dagar

## fyrir heimilin í landinu

## 20% afsláttur af öllum AEG ofnum



**2 LÍNAN**

BE2000001-M

Fjölkerfa blástursofn án rafeinda-klukku. Er sérstaklega einfaldur í notkun og umgengni. Litur: Stál.
**Íslensk notendahandbók.**

Rétt verð kr: 89.900,-
**Heitir dagar: 71.920,-**



**3 LÍNAN**

BE3002401-M

Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með innbyggðum kjöthitamæli.Litur: Stál og hvítur.
**Íslensk notendahandbók.**

Rétt verð kr: 109.900,-
**Heitir dagar: 87.920,-**



**5 LÍNAN**

BE5304401-M

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hrað-hitakerfi. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með sjálfhreinsibúnaði. Litur: Stál, hvítur og svartur.
**Íslensk notendahandbók.**

Rétt verð kr: 139.900,-
**Heitir dagar: 111.920,-**



**8 LÍNAN**

BS831410S-M

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og sjálf-hreinsikerfi. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Litur: Stál.
**Íslensk notendahandbók.**

Rétt verð kr: 219.900,-
**Heitir dagar: 175.920,-**

## Stílfögur eldhústæki frá AEG gera gott eldhús betra

## 20% afsláttur af öllum AEG helluborðum

HK634000XB




**SÉRTILBOÐ**
á þessu vinsæla 57 cm helluborði með stálkanti.

Verð áður kr. 89.900

**Verð nú kr. 69.900,-**

## 30-50% afsláttur af öllum háfum frá Airforce




### Eyjuháfar · Vegghháfar

Gott úrval af Airforce vegghháfum og eyjuháfum, sem eru annálaðir fyrir glæsilega hönnun og mikil gæði.
Nokkrir háfana eru uppsettir hjá okkur, svo sjón er sögu ríkari.

ormsson.is

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opið virka daga kl. 10-18
og á laugardögum
kl. 11-15.

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur



**2 | 21:10**
**BLINDSPOT**
Hörkuspennandi þættir þar sem Jane hjálpar alríkislögreglunni að leysa sakamál sem oftar en ekki vísa í húðflúr á líkama hennar.

FRÁBÆRT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**2 | 20:00**
**MIKE & MOLLY**
Skemmtileg gamanþáttasería um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.




**2 | 20:25**
**GREY'S ANATOMY**
Vinsælir dramaþættir sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



**2 | 21:55**
**BONES**
Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



**2 | 22:40**
**GIRLS**
Frábær gamanþáttasería um hóp vinkvenna á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York en samskiptin við hitt kynið ganga ekki alltaf áfallalaust.




**Bíó | 22:00**
**HUNGER GAMES: THE MOCKINGJAY – PART 1**
Staðan er orðin erfið hjá Katniss Everdeen. Hún er staðstett í 13. hverfi og ógnarstjórn höfuðborgarinnar er hægt og örugglega að leggja öll hverfin í rúst.



**3 | 20:20**
**MAYDAY: DISASTERS**
Vandaðir og afar áhrifamiklir heimildarþættir sem fjalla um flugslys, flugrán, sprengjuhótanir um borð í flugvélum og aðrar hættur sem komið hafa upp í háloftunum.



©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** **The Simpsons**
**07.25** **Teen Titans Go**
**07.50** **Anger Management**
**08.10** **The Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors**
**10.20** **Logi**
**11.15** **Sullivan & Son**
**11.40** **Mindy Project**
**12.05** **Enlightened**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Lóa Pind. Múslimarnir okkar**
**13.45** **Mayday. Disasters**
**14.30** **Impractical Jokers**
**14.55** **Baby Daddy**
**15.20** **Spilakvöld**
**16.05** **Teen Titans Go**
**16.30** **The Simpsons**
**16.55** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Víkingalottó**
**19.15** **Mom**
**19.35** **The Middle** Sjöunda þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðirin Frankie hefur í mörg horn að líta.
**20.00** **Mike & Molly**
**20.25** **Grey's Anatomy**
**21.10** **Blindspot**
**21.55** **Bones**
**22.40** **Girls**
**23.10** **Real Time with Bill Maher**
**00.10** **Mission. Impossible III**
**02.15** **NCIS**
**03.00** **Crimes That Shook Britain**
**03.45** **Better Call Saul**
**04.30** **Thanks for Sharing**

## SPORT

**07.40** **Manchester City og Dynamo Kiev**
**09.20** **Bournemouth og Swansea City**
**11.05** **Valur og ÍBV í Lengjubikarnum.**
**12.30** **Premier League Review**
**13.25** **Spænsku mörkin**
**13.55** **Útsending frá leik í 8 liða úrslitum ensku bikarkeppninnar.**
**15.40** **Atletico Madrid og PSV Eindhoven**
**17.20** **Manch. City og Dynamo Kiev**
**19.00** **Meistaradeildarmörkin**
**19.30** **Barcelona og Arsenal** BEINT
**21.45** **Meistaradeildarmörkin**
**22.15** **Körfuboltakvöld**
**23.15** **Bayern München og Juventus**
**01.05** **Snæfell og Keflavík í Dominos-deild kvenna.**

## SPORT 2

**12.10** **Barcelona og Getafe**
**13.50** **Premier League World**
**14.20** **Everton og Chelsea**
**16.05** **Juventus og Bayern München**
**17.45** **Arsenal og Barcelona**
**19.30** **Bayern Mün. og Juventus** BEINT
**21.45** **Norwich og Manchester City**
**23.25** **Messan**
**00.25** **Körfuboltakvöld**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** **Valspar Championship**
**13.20** **Golfing World**
**14.10** **PGA Tour - Highlights**
**15.05** **Northern Trust Open**
**16.55** **PGA Tour - Highlights**
**17.50** **Golfing World**
**18.40** **Valspar Championship**
**23.15** **Golfing World**

## STÖÐ 3

**18.15** **The League**
**18.45** **Top 20 Funniest**
**19.30** **Last Man Standing**
**19.55** **Baby Daddy**
**20.20** **Mayday. Disasters**
**21.10** **The Listener**
**21.55** **American Horror Story. Freak Show**
**22.40** **Supergirl**
**23.25** **Discovery Atlas**
**00.20** **Gotham**
**01.00** **Last Man Standing**
**01.25** **Baby Daddy**
**01.45** **Mayday. Disasters**
**02.30** **The Listener**
**03.15** **American Horror Story. Freak Show**
**03.55** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** **Áfram Diego, áfram!**
**07.24** **Svampur Sveinsson**
**07.49** **Rasmus klumpur**
**07.55** **UKI**
**08.00** **Lína Langsokkur**
**08.23** **Latibær**
**08.48** **Hvellur keppnisbíll**
**09.00** **Ofurhundurinn Krypto**
**09.25** **Brunabílarnir**
**09.47** **Ævintýraferðin**
**10.00** **Dóra könnuður**
**10.24** **Mörgæsirnar**
**10.45** **Tommi og Jenni**
**10.50** **Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00** **Áfram Diego, áfram!**
**11.24** **Svampur Sveinsson**
**11.49** **Rasmus klumpur**
**11.55** **UKI**
**12.00** **Lína Langsokkur**
**12.23** **Latibær**
**12.48** **Hvellur keppnisbíll**
**13.00** **Ofurhundurinn Krypto**
**13.24** **Brunabílarnir**
**13.48** **Ævintýraferðin**
**14.00** **Dóra könnuður**
**14.24** **Mörgæsirnar**
**14.45** **Gulla og grænjaxlarnir**
**14.55** **Tommi og Jenni**
**15.00** **Áfram Diego, áfram!**
**15.24** **Svampur Sveinsson**
**15.49** **Rasmus klumpur**
**15.55** **UKI**
**16.00** **Lína Langsokkur**
**16.23** **Latibær**
**16.48** **Hvellur keppnisbíll**
**17.00** **Ofurhundurinn Krypto**
**17.24** **Brunabílarnir**
**17.48** **Ævintýraferðin**
**18.00** **Dóra könnuður**
**18.24** **Mörgæsirnar**
**18.45** **Gulla og grænjaxlarnir**
**18.55** **Tommi og Jenni**
**19.00** **Pétur og kötturinn Brandur**



**Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24**

## GULLSTÖÐIN

**18.35** **Raising Hope**
**19.00** **Friends**
**19.20** **Geggjaðar græjur**
**19.40** **Feðgar á ferð**
**20.05** **Dulda Ísland**
**21.00** **Chuck**
**21.45** **Cold Case**
**22.30** **Cold Feet 5**
**23.20** **The Sopranos**
**00.20** **Peaky Blinders**
**01.15** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.40** **Grand Seduction**
**12.35** **Ghostbusters** Gamanmynd frá 1984 með Bill Murray og Dan Akroyd í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um þrjá dulsálarfræðinga sem stofna fyrirtæki sem fæst við að eyða draugum í New York-borg
**14.20** **Won't Back Down**
**16.20** **Grand Seduction**
**18.15** **Ghostbusters**
**20.00** **Won't Back Down** Dramatísk mynd frá 2012 með Maggie Gyllenhaal, Holly Hunter og Violu Davis í aðalhlutverkum. Myndin segir frá tveimur ákveðnum mæðrum og einum eitilhörðum kennara sem taka höndum saman og reyna að breyta skólakerfi barna sinna til hins betra. Þær komast fljótlega að því að kerfið vinnur ekki með og baráttan við skrifræðið hefst.
**22.00** **The Hunger Games. The Mockingjay - Part 1**
**00.05** **Hot Tub Time Machine**
**01.45** **Exam**
**03.25** **The Hunger Games. The Mockingjay - Part 1**

## RÚV

**16.35** **Gettu betur**
**17.45** **Táknmálsfréttir**
**17.55** **KrakkaRÚV**
**17.56** **Finnbogi og Felix**
**18.18** **Sígildar teiknimyndir**
**18.25** **Gló magnaða**
**18.50** **Krakkafréttir**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.00** **Skólahreysti**
**20.30** **Kiljan**
**21.15** **Neyðarvaktin**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Kjarnorkuslysið í Fukushima**
**23.15** **Hamingjudalur**
**00.15** **Kastljós**
**00.35** **Fréttir**
**00.50** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.23** **Dr. Phil**
**09.05** **Top Chef**
**09.50** **Minute To Win It**
**10.35** **Pepsi MAX tónlist**
**12.50** **Dr. Phil**
**13.32** **Black-ish**
**13.54** **Jane the Virgin**
**14.36** **Remedy**
**15.23** **The Biggest Loser - Ísland**
**16.29** **The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.12** **The Late Late Show with James Corden**
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **Everybody Loves Raymond**
**18.55** **King of Queens**
**19.20** **How I Met Your Mother**
**19.45** **Leiðin á EM 2016**
**20.15** **America's Next Top Model**
**21.00** **Chicago Med**
**21.45** **Quantico**
**22.30** **The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.10** **The Late Late Show with James Corden**
**23.50** **Sleeper Cell**
**00.35** **Billions**
**01.20** **Scandal**
**02.05** **Chicago Med**
**02.50** **Quantico**
**03.35** **The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**04.15** **The Late Late Show with James Corden**
**04.55** **Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




ROYAL COPENHAGEN · Villeroy & Boch 1748 · ROSENDAHL COPENHAGEN · GEORG JENSEN · KAY BOJESEN DENMARK · HOLME GAARD 1825 · KOSTA BODA · WMF · LE CREUSET · KitchenAid

# Vandaðar brúðargjafir

*Brúðhjón sem stofna brúðargjafalista hjá Kúnígúnd*
*fá 15% kaupauka frá versluninni*

## *Setjið saman ykkar eigin brúðargjafalista á kunigund.is*







**KÚNÍGÚND**

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur - Kringlan - kunigund.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

Fyrir þínar bestu stundir

Páskar 2016




Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.
Aukahlutur á mynd: Helsinki höfuðgafl.
Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu

NATURE'S COMFORT
heilsurúm með classic botni og löppum

25% AFSLÁTTUR

| Stærð cm. | M/ Classic botni | Tilboðs-verð |
|---|---|---|
| 80x200 | 86.900 | 65.175 |
| 90x200 | 92.900 | 69.675 |
| 100x200 | 99.900 | 74.925 |
| 120x200 | 119.900 | 89.925 |
| 140x200 | 138.900 | 104.175 |
| 160x200 | 149.900 | 112.425 |
| 180x200 | 164.900 | 123.675 |

Nature's Comfort:
- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr fm²
- Steyptar kantstyrkingar

PÁSKATILBOÐ




FERMINGAR TVENNA

DÚNMJÚKT TVENNUTILBOÐ
O&D dúnsæng – Stóri björn
· 50% dúnn og 50% smáfiður
Fullt verð: 19.900 kr.
+ Dúnkoddi – Stóri björn
Fullt verð: 5.900 kr.
Fullt verð samtals: 25.800 kr.

19.800 kr.




Þú finnur nýja Páskabæklinginn okkar á www.dorma.is

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafjörður

Afgreiðslutími Rvk.
Mán. til fös. kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–16
www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast






Rakel Tómasdóttir, hönnuður hjá Glamour á Íslandi, hannar letur í lokaverkefni sínu við Listaháskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bros getur þýtt svo ótrúlega margt

**Rakel Tómasdóttir** hefur haft í nógu að snúast frá því hún hóf nám í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands en hún starfar sem hönnuður hjá tímaritinu Glamour. Hún er um þessar mundir að vinna að lokaverkefni sínu sem snýst um að hanna letur frá grunni.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is



„Um þessar mundir er ég að vinna að útskriftarverkefninu mínu í Listaháskóla Íslands, ég er að hanna leturfjölskyldu sem heitir Silk. Leturfjölskylda er safn af mismunandi stílum af sömu leturtýpunni, til dæmis feitletrað og skáletrað. Upprunalega letrið sem ég hannaði er fótaletur en ég er einnig að þróa það yfir í steinskrift. Þegar letrið er tilbúið mun það vera til í 24 útgáfum og í framhaldinu ætti fólk að geta notað letrið eins og önnur letur, til dæmis í Word og öðrum forritum,“ segir Rakel en það er óhætt að segja að þessi unga hæfileikakona eigi framtíðina fyrir sér í hönnun.

Guðmundur Úlfarsson og Mads Freund voru þeir fyrstu sem stofnuðu íslenska letursmiðju sem ber nafnið Or type og leit dagsins ljós árið 2013. Frá og með þeim tíma hafa vinsældir leturgerðar á Íslandi aukist til muna og fleiri íslensk letur litið dagsins ljós.

„Mér finnst leturgerð mjög skemmtileg og eitthvað sem ég er alveg til í að halda áfram með. Or type er fyrsta íslenska letursmiðjan og ég lít mikið upp til þeirra, ég gæti alveg hugsað mér að hanna fleiri letur í framtíðinni,“ segir Rakel.

Rakel leggur mikla áherslu á að sýna hvernig hægt sé að nota letrið á ýmsan hátt, hún hefur til dæmis opnað Instagram-síðu (@silktype) þar sem fólk getur fylgst með hönnunarferlinu og séð hvernig hægt er að nota letrið á mismunandi hátt

„Ég hef alls engan áhuga á að einangra mig og verkin mín, mér finnst mjög gaman að sýna það sem ég er að gera og fá viðbrögð frá fólki í kringum mig. Instagram er ótrúlega góður vettvangur til að sýna letrið og vinnuna í kringum það. Það myndast líka einhvers konar samfélög inni á Instagram þar sem fólk er að skoða hjá öðrum og skiptast á kommentum.“



Rakel leggur áherslu á að sýna hvernig hægt sé að nota letrið á ýmsan hátt.




Hér má sjá leturfjölskylduna Silk.

Rakel skrifaði lokaritgerðina sína um myndletur, eða emoji, þar sem hún skoðar til dæmis hvernig emoji gerir samskipti persónulegri. Fólk hefur oft velt því fyrir sér hvort tákn í samskiptum geti valdið misskilningi en er það raunin?

„Það sem ég fjalla um í lokaritgerðinni minni er hversu margt sameiginlegt emoji-tákn eiga með líkamstjáningu í samskiptum fólks og hvernig þau bæta stafræn samskipti og gera þau persónulegri á allan hátt. Emoji eru orðin órjúfanlegur hluti rafrænna samskipta. Táknin geta hjálpað fólki að tjá tilfinningar sínar og hafa óræða merkingu og það sama á við um líkamstjáningu okkar,“ segir Rakel.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNUS

## skilar til viðskiptavina

**ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kjúklingakvóta til innflutnings á kjúklingakjöti***

TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTI SKAMMTUR
55.000 POKAR




**1.279** kr. 900 g

**Euro Shopper Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g - Verð áður 1549 kr.

**270kr. verðlækkun**

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS

100% Íslenskt ungnautahakk
200kr verðlækkun pr. kg




**1.698** kr. kg

**Íslandsnaut Ungnautahakk**
Verð áður 1898 kr. kg

100% Íslenskt ungnautahakk




**549** kr. 2x120 g

**Íslandsnaut Ungnautaborgarar**
2x120 g

10% afsláttur




**359** kr. 250 g

**Bónus Fetaostur**
2 teg., 250 g
Verð áður 398 kr.




**398** kr. 2 l

**Bónus Ís**
3 tegundir, 2 l

LÁGT VERÐ ALLA DAGA




**109** kr. 5 stk.

**Bónus Flatkökur**
170 g, 5 stk.

RISAEGG




**698** kr. stk.

**Nóa Páskaegg**
Nr. 3, 150 g




**598** kr. stk.

**Bónus Páskaegg**
Nr. 3, 170 g

1 kg




**2.598** kr. 1 kg

**Bónus Risaegg,** 1 kg

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

VALITOR

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 20. mars eða meðan birgðir endast - *Sjá dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 317/2015 frá 21. janúar 2016




Þeir Geoffrey og Guðfinnur segja lojaltí skipta miklu máli og vilja ólmir styðja við bakið á sínu fólki sem reynir fyrir sér í tónlistarheiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Plötuútgáfa sem er ekkert búllsjitt

„Þetta er fyrir hópinn, við erum ekkert að fara að vera með Bubba á okkar snærum,“ segir **Guðfinnur Sölvi Karlsson**, eigandi hins sívinsæla veitinga- og skemmtistaðar Priksins, sem hefur sett plötuútgáfuna Sticky á laggirnar. „Á að snúast um stuðning og lojaltí.“

Þetta er búið að vera í hausnum á mér mjög lengi, í mörg ár. Við vildum gera plötuútgáfu sem er „no bullshit“ og gerir eitthvað til að hjálpa liðinu. Maður hefur dregið þetta en nú er tíminn kominn,“ segir Guðfinnur Sölvi Karlsson, eigandi veitinga- og skemmtistaðarins Priksins, um nýstofnuðu plötuútgáfuna Sticky.

„Við erum bara að stofna plötuútgáfu á vegum Priksins, til að styðja við okkar fólk. Þessir dj-ar sem spila hjá okkur og rapparar sem rappa hjá okkur eru kannski ekki alltaf gjaldgengir í einhver stærri plötufyrirtæki þar sem færri komast að.“

Geoffrey Þór Huntington-Williams, rekstrarstjóri Priksins, tekur undir og segir um ríkulega viðbót við Prikið að ræða. „Þessi útgáfa er framlenging á því sem við erum að gera með nætursjó-unum, það er að gefa fólkinu mögulega spark í rassinn til að lyfta sér upp á annað level.“

Guðfinnur, sem flestir þekkja sem Finna á Prikinu, segir hugmyndina snúast um að ætlast til sem minnsts af listamönnunum. „Við erum ekkert að fara að eignast eitt eða neitt hjá fólki, erum ekkert að fara að taka nein stefgjöld eða neitt svoleiðis.

**ÞESSIR DJ-AR SEM SPILA HJÁ OKKUR OG RAPPARAR SEM RAPPA HJÁ OKKUR ERU KANNSKI EKKI ALLTAF GJALDGENGIR Í EINHVER STÆRRI PLÖTUFYRIRTÆKI ÞAR SEM FÆRRI KOMAST AÐ.**

Við viljum veita stuðninginn og svo geta þeir hjálpað til baka með tónleikum hjá okkur. Þetta á í grunninn að snúast um stuðning og lojaltí við okkar kjarnafólk. Það er fullt af ungum krökkum sem eiga ekkert fyrir prentun á plötu eða hvað það er. Við viljum bakka þetta fólk upp,“ útskýrir hann enn betur.

Spurður um hvort ákveðin óánægja sé meðal íslenskra rappara í kjölfar Íslensku tónlistarverðlaunanna sem veitt voru fyrr í mánuðinum, þar sem senan þótti nokkuð hlunnfarin, svarar hann því til að svo sé ekki og vísar aftur í að hafa verið með hugmyndina í kollinum lengi. „Það er þó kannski ágætis ástæða líka,“ segir hann og hlær.

Ekki hefur staðið á viðbrögðum en að sögn Finna fór tölvupóstur að hlaðast inn rétt um hálftíma eftir að hulunni var svipt af plötuútgáfunni. „Emmsjé Gauti, Gervisykur, Glaciar Mafia og Geimfarar eru komnir um borð og von er á fleirum í næstu viku,“ bendir Geoffrey á.

„Þetta er fyrir hópinn, við erum ekkert að fara að vera með Bubba á okkar snærum,“ skýtur hann að og bendir jafnframt á að Sticky sé ekki hugsað til að moka inn peningum. „Það verður líklega enginn gróði af þessu. Við erum ekki að handsala neina samninga. Það verður kannski einhvern tíma meira en í grunninn snýst þetta bara ekkert um svoleiðis hjá okkur, bara allir í stuði.“ **gudrun@frettabladid.is**




**Emmsjé Gauti og Gísli Pálmi stokknir á vagninn.**



Jacques Lemans Liverpool
25.700 kr.

*Fallegar fermingargjafir*
*– fyrir stráka*


Michelsen Tradition
73.000 kr.



Fossil Grant
21.100 kr.



Casio Retro
11.900 kr.


Armani Classic
40.200 kr.

Kíktu á úrvalið í vefversluninni á michelsen.is/fermingar

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík
Sími 511 1900 - www.michelsen.is


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Fáðu *30% stærra* Heimilisbrauð í dag
afmælistilboð

20 ÁRA HEIMILIS BRAUÐ
Heimilisbrauð Íslendinga í 20 ár · Fagnaðu afmælinu með okkur · myllan.is
1996 - 2016




Myllan heldur upp á 20 ára afmæli Heimilisbrauðsins allt árið. Fáðu afmælisgjöf. Fáðu núna 30% meira af Heimilisbrauði í dag á sama góða verðinu.

# +30% meira

afmælistilboð

meira
stærra
aukalega
meira

# Fáðu stærra Heimilisbrauð í dag

## Heimilisbrauðið er 20 ára. Fáðu 30% meira í dag.

Heimilisbrauðið er 20 ára. Myllan heldur upp á afmælið með margs konar kostaboðum, allt árið. Nú færðu Heimilisbrauðið 30% stærra en venjulega, á sama góða verðinu. Fylgstu vel með á myllan.is. Fáðu þér gott Heimilisbrauð í dag, 30% stærra.

Afmælistilboðið gildir á meðan birgðir endast.

20 ÁRA HEIMILIS BRAUÐ
Heimilisbrauð Íslendinga í 20 ár · Fagnaðu afmælinu með okkur · myllan.is
1996 - 2016

Fáðu meira frá Myllunni!

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

Fylgstu með á myllan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Maríu Elísabetar Bragadóttur




## Að eiga er að vera

Ef þér líður illa er þjóðráð að versla. Vinur minn var í ástarsorg um daginn svo ég fór með hann í IKEA til að kaupa pottablóm.

Pottaplöntur hafa átt sterka innkomu síðustu ár enda gefandi að hugsa um þær, sagði ég. Fólk horfir inn á við þessa dagana. Nærir sig með því að vökva og umpotta. Ef þú kaupir ekki plöntu, geturðu eins sleppt því að versla yfirhöfuð, bætti ég við.

Vinur minn keypti einnig tertudisk á fæti. Ekki að hann baki, hann er ekkert fyrir kökur. En það vita allir sem komnir eru á minn aldur eða nær grafarbakkanum að kaup á tertudiski koma tertum ekki endilega við. Kaupin hafa hugmyndafræðilegt inntak. Þetta er spurning um að eiga og að vera. Andkapítalistum misbýður þetta en ég get komið til móts við þá.

Fyrir andkapítalista sem hata ofgnótt nútímasamfélagsins mæli ég með kaupum á tveimur bókum: Bókinni um mínímalískan lífsstíl annars vegar og Kommúnistaávarpinu hins vegar. Ég skil pælingarnar enda hugsjónakona með hjarta sem slær fyrir stéttlaust samfélag. Íhuga oft að kaupa stóran gám undir alla hlutina mína, kaupa svo smáan bedda og lítinn landskika og sofa þar á mitt græna meinlætaeyra. Kaupa kannski eitt lítið reykelsi, kerti og frið.

Talandi um kerti þá brenn ég af löngun eftir því að eignast franska pressukönnu. Þarf raunar að eignast pressukönnu. Hafandi gengist við þörfinni, hvernig get ég verið heil ef ég vakna á morgnana og fæ mér ekki pressukönnukaffi? Hver er ég þá? Ég er pressukönnulaus, það er nefnilega það sem ég er. Í samfélagi þar sem að eiga er að vera eru örlög mín alltaf skortur.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland





## YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, apr.–jún. 2015




Allt sem þú þarft ...





KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.